


**skoðun** 16

## 3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Popp




## PlayStation veður í Nintendo Wii
*Þegar Nintendo Wii var fyrst kynnt til sögunnar er líklegt að Sony og Microsoft hafi migið á sig af hlátri.*
**POPP** 7




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**24. september 2010**
224. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Er lukkunnar pamfíll
*Garðar Cortes söngvari fagnar sjötugsafmæli með tónleikum.*
**tímamót** 22

## Sýnir í lúxusíbúðum
*Hjörtur Hjartarson sýnir landslagsmyndir í lúxusíbúðum í New York.*
**fólk** 32



## Draumur að rætast
*Landsliðsþjálfari Íslands hefur skrifað undir fimm ára samning við Rhein-Neckar Löwen.*
**sport** 34

## veðrið í dag




**HVESSIR SV-TIL** Í dag verður hæg vaxandi SA-átt með vætu SV-til, annars hægari vindur af suðri og þurrt. Hiti 5-12 stig.
**VEÐUR 4**

# Sex af tíu vilja fyrrverandi ráðherra fyrir landsdóm

**Alls vilja 61,2 prósent landsmanna ákæra einhvern af ráðherrunum í ríkisstjórninni sem sat við völd í hruninu. Aðeins meðal stuðningsmanna Vinstri grænna og Framsóknarflokks er meirihluti fylgjandi ákærum.**

**KÖNNUN** Ríflega sex af hverjum tíu landsmönnum vilja að einhverjir af ráðherrunum í ríkisstjórn Geirs H. Haarde sem sat í hruninu verði ákærðir fyrir landsdómi. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem gerð var í gærkvöldi.

Alls sögðust 61,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni vilja ákæra einhvern ráðherra fyrir landsdómi. Um 38,8 prósent vildu ekki ákæra neinn af ráðherrunum.

Mikill munur er á afstöðu fólks til ákæranna eftir því hvaða stjórnmálaflokk það sagðist styðja. Þannig vildi meirihluti stuðningsmanna Vinstri grænna og Framsóknarflokks ákæra einhvern af ráðherrunum fyrrverandi.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar skiptast í tvö horn. Tæpur helmingur vill ákæra ráðherra en rúmur helmingur vill það ekki. Um fjórðungur sjálfstæðismanna vill ákæra ráðherra, en þrír af hverjum fjórum segjast andvígir því.

**Skoðanakönnun**
Á að ákæra fyrir landsdómi einhvern af ráðherrunum í ríkisstjórn Geirs H. Haarde sem sat í hruninu?
HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS




Ekki er tölfræðilega marktækt að reikna afstöðu fylgismanna annarra flokka. Mikill meirihluti þeirra sem þátt tóku í könnuninni tók afstöðu til spurningarinnar, tæplega 80 prósent. Afstaða fólks virðist ekki fara eftir kynferði, svipað hlutfall karla og kvenna vill ákæra ráðherrana.

Þingnefnd undir forystu Atla Gíslasonar, þingmanns Vinstri grænna, þríklofnaði í afstöðu sinni til þess hvort ákæra ætti ráðherrana. - bj / sjá síðu 4



**OFAN Í HYLDÝPIÐ** Kvikmyndafyrirtækið Profilm undirbýr nú tökur við Þríhnúkagíg í Bláfjöllum. Bóma er komin yfir gígopið og mun tökuliðið á næstunni síga niður í 200 metra djúpan gíginn og mynda fyrir sjónvarpsþátt National Geographic. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

National Geographic:
## Mynda ofan í Þríhnúkagíg

**NÁTTÚRA Töfraheimur einnar stórfenglegustu myndbirtingar íslenskrar náttúru mun birtast sjónvarpsáhorfendum innan tíðar þar sem tökulið íslenska kvikmyndafyrirtækisins Profilm mun á næstunni síga niður í Þríhnúkagíg í Bláfjöllum. Tilgangurinn er að taka myndir fyrir sjónvarpsþátt National Geographic um eldsumbrot á Íslandi.**

**Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti búnað upp að gígnum í gær. Var bóma lögð yfir gígopið og mun tökuliðið síga þaðan niður í 200 metra djúpan gíginn, sem er talinn hafa myndast fyrir um eitt þúsund árum.**

**Vitað hefur verið um tilvist gígsins frá því snemma á síðustu öld, en Árni B. Stefánsson varð sá fyrsti til að síga niður um op hans, árið 1974. Fyrsti rannsóknarleiðangurinn til að kanna innviði gígsins fór niður í hann árið 1991. - bj**


Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.


Tveir af fjórum sem lagt er til að fari fyrir landsdóm þáðu fundarboð:
# Árni fór á fund Samfylkingarinnar

**STJÓRNMÁL** Árni Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, mætti á fund þingflokks Samfylkingarinnar á miðvikudag og útskýrði afstöðu sína til kæruefna í þingsályktunartillögum um að hann og fleiri yrðu ákærðir fyrir landsdómi.

Árna var boðið til fundar líkt og hinum fyrrverandi ráðherrunum þremur sem meirihluti þingmannanefndar telur hafa gerst brotlega við lög um ráðherraábyrgð og fleira. Áður hafði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, þegið sambærilegt boð þingflokks Samfylkingarinnar en Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, afþakkað.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokksins, segir fundinn hafa verið haldinn degi eftir að Árni hafi þekkst boðið. Sjálf hafði hún ekki tök á að sitja fundinn.

Aðrir þingflokkar hafa ekki boðið fjórmenningunum til fundar.

Allsherjarnefnd Alþingis framheldur í dag umfjöllun um ákærutillögurnar en miðað er við að hún skili áliti síðdegis. Nefndin fékk nokkra lagasérfræðinga á sinn fund í gær og verður framhald á þeim heimsóknum í dag.

Stefnt er að því að þingmannanefndin ljúki meðferð sinni á málinu í kvöld eða á morgun og að síðari umræða geti hafist á mánudag.

Samhliða ákærutillögunum hefur þingmannanefndin breytingatillögur við skýrslu sína til meðferðar. Um tugur breytingatillagna var lagður fram og fór nefndin í gær yfir hvort efni og ástæður væru til að taka tillit til þeirra. Sú vinna heldur áfram í dag.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins fyrir árið átti þingstörfunum nú í september að vera lokið fyrir tveimur vikum. Nýtt þing verður sett eftir viku, fyrsta dag októbermánaðar, líkt og mælt er fyrir í stjórnarskrá. - bþs


NIKITA™
LAUGAVEGUR 56
WWW.NIKITACLOTHING.COM

NÝJA LÍNAN ER KOMIN Í HÚS!

OPIÐ:
Mán-Fim 10-18
Fös 10-20
Lau 10-16

**SPURNING DAGSINS**



*Jóhannes, verður þetta ekki Hörpupúl?*

„Auðvitað. Þetta verður ekki tekið með vinstri."

Jóhannes Stefánsson, veitingamaður í Múlakaffi, mun annast veitingaþjónustu í Hörpunni eftir að tónlistarhúsið verður opnað í maí á næsta ári.

Tæplega áttræður karl dæmdur til tveggja ára fangavistar vegna kynferðisbrota:

# Níddist á unglingsstúlku um árabil

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær tveggja ára fangelsisdóm yfir karlmanni nær áttræðu, Sveinbirni Tryggvasyni, fyrir að misnota unglingsstúlku um árabil. Hann var dæmdur til að greiða henni 1,2 milljónir í miskabætur.

Sveinbjörn var dæmdur fyrir að hafa tælt stúlku til að hafa við hann nánast daglega samræði og önnur kynferðismök þegar hún var á aldrinum fjórtán til átján ára. Stúlkuna tældi hann með peningum, skartgripum, fatnaði og fleiri gjöfum.

Stúlkan kærði manninn til lögreglu í mars 2008. Fyrir dómi kom fram að maðurinn hefði séð hana við afgreiðslustörf þegar hún var þrettán ára og fljótlega farið að færa sig upp á skaftið með því að gefa henni peninga og skartgripi. Svo fór hann að bjóða stúlkunni heim til sín og bauð henni meðal annars að nota ljósabekk þar.

Eftir nokkur skipti bað hann hana að afklæðast og tók af henni vídeómyndir nakinni. Síðan fór hann að beita hana ýmiss konar hrottalegri kynferðislegri misneytingu og kúgun, meðal annars með því að læsa hana inni í herbergi í fjóra klukkutíma þegar hann var ósáttur við hana. - jss



**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjaness.

Umhverfisráðherrar Evrópu:

# Höfnuðu banni við olíuborun

**NOREGUR, AP** Evrópuríki höfnuðu í gær tillögu frá Þýskalandi um að bann yrði lagt við olíuborun á grunnsævi í Norður-Atlantshafinu.

Tillagan var lögð fram á fundi umhverfisráðherra fimmtán Evrópuríkja með umhverfisstjóra framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem haldinn var í Osló í gær.

Tilefni tillögunnar voru áhyggjur vegna olíulekans í Mexíkóflóa, sem stóð mánuðum saman í vor og sumar. - gb



**ÓLAFUR RAGNAR OG PÚTÍN** Forseti Íslands var gerður að félaga í Landafræðifélagi Rússlands. NORDICPHOTOS/AFP

Ólafur Ragnar hitti Pútín:

# Samvinna um Norðurslóðir

**UTANRÍKISMÁL** Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, sagði á fundi með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta brýnt að hafist yrði handa við gerð alþjóðlegs regluverks um ferðir skipalesta sem fara munu um hinar nýju norðurleiðir þegar Norður-Íshafið opnast á komandi árum og áratugum. Þetta kalli á aukin og náin samskipti Íslands og Rússlands vegna sameiginlegra hagsmuna.

Þeir hittust í Moskvu í gær eftir að báðir höfðu flutt ræður á alþjóðaþingi um Norðurslóðir sem haldið var í Moskvu. - gb

Manndrápið í Hafnarfirði:

# Farið fram á lengri gæslu

**LÖGREGLUMÁL Farið verður að öllum líkindum fram á framlengingu á gæsluvarðhaldi yfir Gunnari Rúnari Sigurþórssyni að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Gæsluvarðhaldið yfir Gunnari Rúnari rennur út í dag.**

**Friðrik Smári segir að bæði séu fyrir hendi rannsóknarhagsmunir og almannahagsmunir, svo að reikna megi fastlega með kröfu um framlengingu.**

**Rannsókn lögreglu á morðinu á Hannesi Þór Helgasyni stendur enn yfir. Meðal annars er beðið eftir niðurstöðu úr lífsýnum sem send voru til Svíþjóðar.** - jss

# Stöðvaði stéttargerð með aðkomusteypu

**Bæjarstjórinn í Grundarfirði stöðvaði vinnu við endurnýjun gangstéttar við bæjarskrifstofurnar vegna þess að ekki var notuð steypa frá fyrirtæki í bænum. Deilan leystist þegar bæjarstjórinn gaf eftir á fundi með verktakanum í gær.**

**GRUNDARFJÖRÐUR** Björn Steinar Pálmason bæjarstjóri stöðvaði í fyrradag steypuvinnu við endurnýjun á gangstéttum utan við bygginguna þar sem bæjarstjórnarskrifstofurnar í Grundarfirði eru til húsa.

„Ég var ekki að versla við réttu mennina, það var aðalástæðan," segir Þorkell Gunnar Þorkelsson, verktakinn sem varð fyrir því að framkvæmdir voru stöðvaðar í miðjum klíðum.

Að sögn Þorkels fór fyrir brjóstið á Birni Steinari bæjarstjóra að steypan sem verið var að nota var keypt á Rifi en ekki í Grundarfirði.

„Ég var nú bara að versla við minn viðskiptaaðila sem ég skipti almennt við. Hann er á Rifi sem er stutt hér frá," útskýrir Þorkell sem aðspurður kveður enga skilmála um steypukaup í Grundarfirði hafa fylgt með því verki sem hann tók að sér. Bæjarskrifstofurnar eru á Grundarstíg 30. Bærinn á um þriðjung hússins á móti Arion banka auk þess sem Þjónustustofan ehf. á tæp 6 prósent í húsinu. Verkið er unnið fyrir hönd allra þessara aðila sameiginlega. Þorkell segir að steypan sem þurfi í gangstéttina sé aðeins nokkrir rúmmetrar.

Þorkell gekk á fund Björns Steinars bæjarstjóra eftir hádegi í gær. Björn Steinar segir málið hafa verið leyst á þeim fundi.

„Þetta er bara búið. Sá sem er með verkið hann klárar verkið og útvegar meðal annars steypu," segir bæjarstjórinn um framhald málsins.

Björn Steinar vill ekki skýra hvers vegna hann hafi stöðvað framkvæmdina á miðvikudag. „Menn sáu hlutina bara aðeins ólíkt og ég hef ekkert meira um það að segja," segir bæjarstjórinn sem aðspurður hafnar því að hann hafi nokkur persónuleg tengsl við steypustöðina sem starfar í Grundarfirði. „Þetta snýst ekkert um það. Ég á enga ættingja hér eða tengist þessu á annan hátt."

Að sögn Björns Steinars er verktakanum nú frjálst að nota þá steypu sem hann kýs til að ljúka verkinu. Aðeins þurfi um það bil einn steypubíl í verkið. „Það eru nú öll ósköpin. Þetta er bara smámál."

gar@frettabladid.is



**GRUNDARFJÖRÐUR** Deildar meiningar um það hvort nota ætti innan- eða utanbæjarsteypu í gangstétt við byggingu sem meðal annars hýsir bæjarskrifstofurnar í Grundarfirði urðu til þess að bæjarstjórinn stöðvaði verkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Menn sáu hlutina bara aðeins ólíkt og ég hef ekkert meira um það að segja.
>
> BJÖRN STEINAR PÁLMASON, BÆJARSTJÓRI Í GRUNDARFIRÐI.



**UPPLÝST** Fjögur ungmenni kveiktu vísvitandi í Krýsuvíkurkirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Krýsuvíkurbruni upplýstur:

# Kveiktu viljandi í fornri kirkju

**BRUNI Fjögur ungmenni stóðu á bak við brunann þegar Krýsuvíkurkirkja brann til kaldra kola í janúar síðastliðnum. Þetta upplýsti Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfirði, á bloggsíðu sinni í gær.**

**Segir Þórhallur að ungmennin hafi farið til Krýsuvíkur í þeim eina tilgangi að kveikja í kirkjunni, sem var byggð árið 1857.**

**Krýsuvíkurkirkja var afar fjölsótt og mörgum sjónarsviptir. Þórhallur segist biðja fyrir gjörningsmönnum og heitir því að kirkjan muni rísa á ný, „með blessun Guðs og hjálp góðra manna".** - þj

Reykjavík rekin með afgangi:

# Þriggja milljarða afgangur

**REYKJAVÍK** Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um rétt rúma þrjá milljarða króna á fyrri helmingi ársins. Í áætlun var gert ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 1,3 milljarða. Tvo milljarða má rekja til gengishagnaðar.

Niðurstaða A-hlutans var neikvæð um tæpar 900 milljónir. Er það tæplega 700 milljóna króna betri niðurstaða en áætlað var.

Að sögn Birgis Björns Sigurjónssonar, fjármálastjóra Reykjavíkurborgar, sýnir niðurstaðan fjárhagslegan styrk borgarinnar og að vel hafi verið haldið utan um fjármálin á erfiðum tímum. - bþs


**Ashtanga vinyasa yoga**

~ Yogaflæði ~ Mjúkt hatha yoga ~ Matar ÆÐI/Yoga flæði ~



Frábær gestakennari í vetur ~ Maria Lawino

Ashtanga vinyasa yoga – byrjendanámskeið kl: 19:30-20:45
Hefst 5.okt – 28.okt. Verð 16.900 kr. / Kennari: Maria Lawino

NÝTT Heitt yogaflæði – morgunnámskeið frá kl 6:30-7:30
Hefst 4.október – 27.okt. Verð 14.900 kr. / Kennari: Maria Lawino

Matar Æði/Yoga flæði – kl: 20:00
Hefst 11.okt. Verð 22.500 kr. / Kennari: Ingibjörg

Hugleiðsla á sunnudögum kl 17:00-18:00 - Ókeypis aðgangur
Opnir hádegistímar fyrir byrjendur og lengra komna

Stundarskráin er á netinu www.yogashala.is
Yogashala, Engjateig 5, 2. hæð, sími 553 0203

yoga shala reykjavík


Alþjóðleg kvikmyndahátíð sett í Reykjavík í gær, sjöunda árið í röð:

# Róið með stól út í hólmann

**KVIKMYNDIR** Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, hófst í gær sjöunda árið í röð. Hátíðin er að þessu sinni umfangsmeiri en nokkru sinni.

Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, tók þátt í að undirbúa uppákomu í Tjarnarhólmanum í gær með því að róa með leikstjórastól út í hólmann.

Það var Jón Gnarr borgarstjóri sem setti hátíðina í Þjóðleikhúsinu um kvöldið og síðan var sýnd þar mynd bræðranna Jay og Mark Duplass, Cyrus, sem fjallar um heldur dapurleg hjónabandsvandræði með skoplegum hætti.

Heiðursgestur hátíðarinnar er bandaríski leikstjórinn Jim Jarmusch.

Fimm íslenskar myndir í fullri lengd verða frumsýndar. - gb



**HRÖNN MEÐ STÓLINN** Allt verða 140 myndir frá 29 löndum sýndar á hátíðinni, sem stendur í ellefu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Í tilefni frumsýningar Auris HSD verða sölumenn Toyota í hátíðarskapi og ætla að gefa öllum sem koma tækifæri til að eignast nýja Toyota bifreið á miklu betra verði.

TOYOTA

# FRUMSÝNING Á AURIS HSD



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 51698 09/10

LAUGARDAGINN 25. SEPTEMBER
FRÁ KL. 12 - 16

## Nýr Auris með Hybrid Synergy Drive®
## Finndu orkuna – aftur

Á laugardaginn frumsýnir Toyota Auris Hybrid Synergy Drive. Í Auris HSD mætast tveir orkugjafar, bensínvél og rafmótor en með þessari byltingarkenndu tækni eyðir Auris HSD minna en 4 lítrum á hundraðið án þess að fórna afli og mengar mun minna en aðrir sambærilegir bílar.

Komdu við í Toyota Kópavogi, Akureyri, Selfossi eða Reykjanesbæ á laugardaginn á milli 12 og 16 og upplifðu Auris HSD, einn merkilegasta bíl ársins 2010.

HYBRID SYNERGY DRIVE

ENDURNÝTIR ORKU

136 DIN HÖ
VINNUR VEL

89g $CO_2$ / km
MENGAR MINNA

3.8L /100km
SPARAR BENSÍN

www.toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Today
Tomorrow
Toyota

## GENGIÐ 23.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,20 | 115,74 |
| Sterlingspund | 180,81 | 181,69 |
| Evra | 153,59 | 154,45 |
| Dönsk króna | 20,613 | 20,733 |
| Norsk króna | 19,401 | 19,515 |
| Sænsk króna | 16,685 | 16,783 |
| Japanskt jen | 1,3624 | 1,3704 |
| SDR | 177,10 | 178,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,1277

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjárfest vegna straumhækkunar í álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík:

# Framleiðslugeta eykst um fimmtung

**IÐNAÐUR** Fjárfesting Rio Tinto Alcan við uppfærslu tæknibúnaðar sem eykur framleiðslugetu nemur 347 milljónum dollara, eða sem nemur 40,6 milljörðum króna.

Fjárfestingin kemur frma í kjölfar nýs raforkusamnings við Landsvirkjun.

„Nýi raforkusamningurinn tekur gildi 1. október og nær til 2036. Hann gerir Rio Tinto Alcan kleift að hækka strauminn í kerinu,“ segir í tilkynningunni, en í honum er kveðið á um viðbótarorku sem nemur 75 megavöttum, auk áframhaldandi afhendingar á



**Í STRAUMSVÍK** Rio Tinto Alcan leggur tæpan 41 milljarð í uppfærslu á álverinu í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

þeirri orku sem álverið kaupir nú þegar. Straumhækkunin er sögð hluti af fjárfestingarverkefni sem miði að því að auka framleiðslu álversins um fimmtung, í tæp 230 þúsund tonn á ári, ásamt því að auka afkastagetu lofthreinsibúnaðar og rekstraröryggi með uppfærslu á rafbúnaði.

Haft er eftir forstjóra Rio Tinto Alcan í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku, að álverið veiti 450 manns atvinnu með beinum hætti og eyði í hverjum mánuði 1,5 milljörðum króna á Íslandi. Tíðindin séu góð bæði fyrir fyrirtækið og fyrir Ísland. Gert er ráð fyrir að stigvaxandi framleiðsluaukning hefjist í apríl 2012 og að fullum afköstum verði náð 2014. - óká

Landtökubyggðir Ísraela:

# Framkvæmdir í fullum gangi

**ÍSRAEL, AP Þó að ísraelsk stjórnvöld hafi fyrir tíu mánuðum lagt tímabundið bann við framkvæmdum á vegum landtökumanna á herteknu svæðunum hefur lítið hægt á slíkum framkvæmdum í raun.**

**Bannið rennur út nú um helgina. Palestínumenn hafa sagt að friðarviðræðum við Ísrael verði sjálfhætt ef þær hefjast að nýju.**

**Samkvæmt heimildum fréttastofu AP, sem að hluta eru byggðar á rannsóknum ísraelskra friðarsinna, hefur einungis lítillega verið hægt á þeim.** - gb



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Sparaði ekki stóru orðin frekar en venjulega. NORDICPHOTOS/AFP

Ahmadinejad stóryrtur:

# Flæmdi Bandaríkjamenn út

**BANDARÍKIN, AP** Sendinefnd Bandaríkjanna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna gekk út úr salnum í gær meðan Mahmoud Ahmadinejad Íransleiðtogi hélt ræðu sína.

Ahmadinejad var stóryrtur að vanda og nefndi í ræðu sinni að ýmsa gruni að Bandaríkjastjórn beri sjálf ábyrgð á árásunum 11. september 2001. Tilganginum hafi verið sá að tryggja tilveru Ísraelsríkis.

Mark Kornblu, talsmaður bandarísku sendinefndarinnar, sagði orð Ahmadinejads ekki koma á óvart. - gb

Skattamál aftur í héraðsdóm:

# Hæstiréttur vill efnismeðferð

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur vísað skattahluta Baugsmálsins aftur í hérað, og þar með ógilt frávísun héraðsdóms á hluta málsins. Hæstiréttur hafnaði þar með kröfum sakborninga í málinu um frávísun.**

**Ákærð í málinu eru Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson og Fjárfestingarfélagið Gaumur. Ákært er fyrir brot á skattalögum.** - bj

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins

Já Nei

**Á að ákæra fyrir landsdómi einhvern af ráðherrunum í ríkisstjórn Geirs H. Haarde sem sat í hruninu?**




HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS

# Fylgismenn Samfylkingar klofnir í afstöðu til ákæra

**Tæplega helmingur stuðningsmanna Samfylkingarinnar vill að einhver af ráðherrunum í ríkisstjórninni sem sat í hruninu verði ákærður. Meirihluti Vinstri grænna og Framsóknarflokks vill ákæra ráðherrana.**

**KÖNNUN** Stuðningsmenn Samfylkingarinnar eru klofnir í afstöðu sinni til þess hvort draga eigi einhverja af þeim ráðherrum sem sátu í hruninu fyrir landsdóm. Meirihluti stuðningsmanna Vinstri grænna og Framsóknarflokks vill ákæra ráðherrana, en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins eru því almennt andstæðir.

Meirihluti landsmanna vill að einhverjir af þeim ráðherrum sem sátu í ríkisstjórn Geirs H. Haarde í hruninu verði sóttir til saka fyrir landsdómi. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Fréttablaðsins sem gerð var í gærkvöldi.

Alls sögðust 61,2 prósent vilja að einhverjir ráðherrar verði ákærðir fyrir landsdómi. Um 38,8 prósent vildu ekki að neinn af ráðherrunum yrði ákærður.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar vilja 45,8 prósent þeirra sem sögðust myndu styðja Samfylkinguna að einhver ráðherranna verði ákærður, en 54,2 prósent sögðust ekki vilja ákæra ráðherrana.

Meðal stuðningsmanna Vinstri grænna var eindreginn stuðningur við ákærurnar. Alls vilja 80,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu ákæra, en 19,7 prósent eru því mótfallin.

Aðeins 25,4 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn yrði gengið til kosninga nú vilja að ráðherrar verði dregnir fyrir landsdóm. Mikill meirihluti, 74,6 prósent, er því andvígur.

Um 65 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins sögðust vilja ákæra einhvern af ráðherrunum, en 35 prósent voru því andvíg. Ekki reyndist tölfræðilega marktækt að reikna afstöðu stuðningsmanna Hreyfingarinnar eða Borgarahreyfingarinnar.

Þingmannanefnd sem fjallaði



GEIR H. HAARDE



ÁRNI MATHIESEN



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis náði ekki samkomulagi um hvort kæra ætti fyrrum ráðherrana. Þingmenn Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar voru sammála um að ákæra ætti fjóra fyrrum ráðherra, þau Geir H. Haarde, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson. Þingmenn Samfylkingarinnar í þingmannanefndinni vildu ákæra þrjá ráðherra, Geir, Ingibjörgu og Árna. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins í nefndinni vildu ekki ákæra ráðherrana.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 23. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Á að ákæra fyrir landsdómi einhvern af ráðherrunum í ríkisstjórn Geirs H. Haarde sem sat í hruninu? Alls tóku 79,4 prósent afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BLAUT HELGI** Það lítur út fyrir rok og rigningu um sunnan- og vestanvert landið um helgina. Fyrir norðan og austan verður yfirleitt úrkomulítið en á sunnudag verður eilítið hvassara. Með sunnanáttinni hlýnar í veðri, einkum norðan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 14° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 14° |
| París | 17° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



# Amerískir dagar

## HÆGELDUÐ FYLLT KALKÚNABRINGA MEÐ SÆTUM KORNFLEKSKARTÖFLUM

**SINNEPSGLJÁI**
2 msk. acacia hunang
4 msk. fersk steinselja
4 msk. grófkorna sinnep

Blandið hunangi, steinselju og sinnepi saman í skál.

**KALKÚNABRINGUR**
800 g kalkúnabringur
200 g smjör
½ búnt salvía
salt

Saxið salvíu gróft. Brúnið kalkúnabringur á heitri pönnu og saltið. Blandið salvíunni saman við smjörið og setjið undir skinnið á bringunum eða gerið lítil göt í kjötið með hníf og stingið köldu smjörinu rétt undir yfirborðið. Setjið bringurnar í eldfast mót með loki og inn í 110°C heitan ofn og eldið þar til kjarnhiti mælist 65°C. Hellið sinnepsgljáanum yfir bringurnar þegar kjarnhiti er um 55°C. Látið standa í 12 mín. fyrir skurð.

**FYLLING**
8 sneiðar franskbrauð
1 stk. laukur
1 stk. selleríströngull
1 msk. kalkúnakrydd frá Pottagöldrum
150 g íslenskt smjör
½ bolli rauð vínber
½ bolli græn vínber

Afhýðið lauk og saxið fínt ásamt selleríi. Létt steikið hvort tveggja á pönnu í 50 g af smjörinu. Kryddið með kalkúnakryddi, takið af pönnunni og setjið í skál. Skerið skorpuna af brauðinu og brauðið í 5 mm teninga. Skerið vínber í tvennt og fjarlægið alla steina. Steikið brauðteningana í restinni af smjörinu þar til þeir eru gullinbrúnir og stökkir. Setjið lauk og selleri aftur á pönnuna og bætið vínberjunum saman við í lokin, þegar 1–2 mín. eru eftir af steikingu kjötsins. Vínberin eiga einungis að volgna.

**KARTÖFLUMAUK ÚR SÆTUM KARTÖFLUM**
3–4 stk. sætar kartöflur (3 bollar af mauki)
1 tsk. vanilludropar
½ msk. salt
½ bolli sykur
½ bolli smjör
1 tsk. lyftiduft
1 stk. egg

Bakið kartöflurnar í ofni við 180°C í um 50 mín. eða þar til þær eru mjúkar í gegn. Skerið kartöflurnar í tvennt, langsum, og skafið innan úr þeim og hendið hýðinu. Blandið öllu sem talið er upp í uppskriftinni saman og setjið maukið í smurt eldfast mót. Gætið þess að setja ekki of mikið í formið því maukið lyftir sér í ofninum. Eldið í ofni við 170°C í 20 mín. Hækkið hitann í 200°C og útbúið kornflekshjúp.

**KORNFLEKSHJÚPUR**
3 tsk. smjör
¼ bolli púðursykur
1 ¼ bolli kornfleks
½ bolli heslihnetur

Bræðið smjör og saxið heslihnetur. Blandið smjöri, púðursykri, kornfleksi og heslihnetum saman og setjið yfir kartöflumaukið. Setjið inn í ofn og bakið við 200°C í 10 mín. Berið réttinn fram með sósu og grænmeti að eigin vali.

**TILBOÐ 30%** afsláttur við kassa

**KALKÚNABRINGA FERSK**
**2.236 kr/kg.**
Merkt verð 3.194.-



**KAUPTU FJÓRPAKKA AF COKE®, COKE LIGHT® EÐA COKE ZERO® OG ÞÚ GETUR UNNIÐ:**
**2x Flug fyrir tvo til New York**
**10x 10.000.- króna gjafabréf í Hagkaup**
**20x Coke, Coke Light eða Coke Zero kippur**

**989 kr/pk.**





Nýtt í Hagkaup

### 8eight o´colock coffee
– nýtt inn á USA dögum



Nýtt í Hagkaup

### French´s sinnep
– honey mustard
– einnig til að dýfa í



2 fyrir 1

### Heinz tómatsósa
– klikkar ekki



Nýtt í Hagkaup

### Gatorade Performs G2
– þú endist lengur...



### Bisquick Shake´n pour
– pönnukökumix. Aðeins bæta vatni í brúsann, hrista og baka.



Nýtt í Hagkaup

*frábært verð!*

**1.399 kr/stk**

### Amerísk karmelluterta
– bara gott...



Nýtt í Hagkaup

### Cheez doodles
– alvöru ostasnakk



### Súkkulaðibúðingur
– gott snakk

**24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn**
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. september á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Drekkur þú minna áfengi eftir að fjármálakerfið hrundi?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu keypt þýfi, þér vitanlega?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. VÍSIR

Æsispennandi talning breytti ekki stöðu Reinfeldts forsætisráðherra:

# Stjórnin enn með minnihluta

**SVÍÞJÓÐ, AP** Endanlegar niðurstöðutölur þingkosninganna í Svíþjóð skiluðu stjórnarflokkum Fredriks Reinfeldt forsætisráðherra samtals 173 þingsætum, en þá vantar tvö sæti upp á þingmeirihluta.

Rauðgræna stjórnarandstöðubandalagið fær 156 þingsæti en Svíþjóðardemókratarnir, jaðarflokkur hægri þjóðernissinna, er með 20 þingsæti.



FREDRIK REINFELDT

Talningu utankjörstaðaatkvæða lauk ekki fyrr en í gær, og var afar mjótt á munum í nokkrum kjördæmum. Hófsami flokkurinn, flokkur Reinfeldts, hyggst ekki kæra úrslitin.

Í gær var þó ekki búið að útiloka að telja þyrfti á ný í fáeinum kjördæmum, og í Vermalandi þarf hugsanlega að kjósa upp á nýtt vegna mistaka við framkvæmd kosninganna þar.

Reinfeldt segir að vegna andúðar Svíþjóðardemókrata í garð innflytjenda komi ekki til greina að bjóða þeim til stjórnarsamstarfs.

Umhverfisflokkurinn vill ekki segja skilið við rauðgræna bandalagið, þótt Reinfeldt hafi boðið honum í stjórnina.

Aðrir möguleikar eru því ekki í stöðunni fyrir Reinfeldt en að stjórna með minnihluta, sem þýðir að hann þarf að semja sérstaklega við stjórnarandstöðuna um umdeild mál. - gb

Kaupmáttur launa lækkar:

# Lækkunin 11% frá árinu 2007

**EFNAHAGSMÁL** Kaupmáttur launa lækkaði örlítið í ágúst eftir aukningu í júní og júlí. Lækkunin nam 0,2 prósentum. Frá því kaupmáttur launa náði hámarki í lok árs 2007 hefur hann minnkað um 11 prósent, samkvæmt frétt á vef ASÍ.

Sé aðeins horft til síðustu tólf mánaða hefur vísitala kaupmáttar launa aukist um 1,4 prósent. Kaupmáttaraukningin var mest í júní og júlí, en þá komu inn í mælinguna áhrif frá almennum launahækkunum í júní og tímabundin lækkun verðlags vegna sumarútsalna. - bj

Boris Spasskí alvarlega veikur:

# Fékk blóðfall

**RÚSSLAND Skákmeistarinn Boris Spasskí fékk heilablóðfall um síðustu helgi og liggur alvarlega veikur á sjúkrahúsi í Moskvu, lamaður öðru megin.**

**Rússneskir fjölmiðlar segja hann hafa fundist meðvitundarlítinn í rúminu í íbúð sinni í Moskvu síðastliðinn laugardag.** - gb



**BJARGVÆTTIR** Þau Ásgeir og Katrín Bára björguðu skrofunni og komu henni út á sjó. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ung skrofa leitaði í ljósin:

# Sjaldséður gestur í Eyjum

**DÝRALÍF** Nær ekkert hefur verið um að lundapysjur sæki í ljósin í Vestmannaeyjum þetta sumarið, en ennþá sjaldséðari er skrofan.

Fyrir gosið í Heimaey var talsvert um að skrofuungar leituðu inn í bæinn. Eftir að austurbærinn fór undir hraun sjást ljósin hins vegar ekki frá Ystakletti þar sem eru einu heimkynni skrofunnar.

Systkinin Ásgeir og Katrín Bára Elíasarbörn, fundu þó þessa skrofu og slepptu henni að gömlum sið. Sögunni fylgdi að þó að skrofan sé jafnan lipur á flugi hafi þessi ekki sýnt hæfileika sína. - þj

**Fjöldi látinna hvern dag ársins frá 1996 til 2009**




Heimild: Hagstofa Íslands

# Flestir látast 3. janúar

**Á síðustu fjórtán árum hafa að meðaltali flestir látist 3. janúar ár hvert. Áberandi fleiri deyja í vetrarmánuðunum en yfir sumartímann. Helmingi færri hafa andast síðustu dagana í júlí en fyrstu dagana í janúar samkvæmt tölfræðinni.**

**SAMFÉLAG** Talsverðar sveiflur má sjá þegar dánartíðni á Íslandi er skoðuð eftir dögum. Flestir hafa látist í janúar á ári hverju síðastliðin fjórtán ár, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Fleiri látast að meðaltali í hverjum mánuði yfir vetrartímann en yfir sumarið. Flestir hafa dáið í janúar, febrúar, mars og desember ár hvert. Á síðustu fjórtán árum hafa að meðaltali 5,7 látist á hverjum degi í janúar, 5,5 á hverjum degi í febrúar, og 5,4 á hverjum degi í mars. Fæstir látast yfir hásumarið, 4,6 á hverjum degi í júlí miðað við meðaltal síðustu fjórtán ára.

Ólöf Garðarsdóttir, dósent í sagnfræði á menntavísindasviði Háskóla Íslands, og sérfræðingur á sviði mannfjöldarannsókna, segir þessar sveiflur þekktar. Þær tengist einkum uppsveiflu á tíðni inflúensu yfir vetrartímann.

„Þetta eru svipaðar sveiflur og á öðrum Vesturlöndum,“ segir Ólöf. „Þar sem sjúklingar fá þjónustu á hátæknisjúkrahúsum sést ekki teljandi sveifla, en þegar flensan stingur sér niður er meiri hætta á að þeir sem eru veikir fyrir deyji.“

Þegar einstakir dagar eru skoðaðir sést að á síðustu fjórtán árum hafa flestir látist 3. janúar ár hvert, samtals 99 einstaklingar á síðustu fjórtán árum, eða 7,1 að meðaltali ár hvert. Næstflestir hafa látist 8. apríl ár hvert, samtals 95 síðustu fjórtán ár, eða 6,8 að meðaltali á ári hverju.

Fæstir hafa andast síðustu dagana í júlí á síðustu árum. Þannig eru þeir sem dáið hafa 27. júlí síðustu fjórtán ár ríflega helmingi færri en þeir sem deyja 3. janúar ár hvert. Þann 27. júlí síðustu fjórtán ár létust 45 einstaklingar, eða um 3,2 að meðaltali þann dag á hverju ári. brjann@frettabladid.is

**Alls létust 562 vegna krabbameins 2009**

Alls létust 2.002 einstaklingar hér á landi í fyrra, 969 konur og 1.033 karlar. Fram kemur í samantekt Hagstofu Íslands að helstu dánarmeinin séu sjúkdómar í blóðrásarkerfi og krabbamein.

Ríflega þriðjungur þeirra sem féllu frá á síðasta ári, 729 einstaklingar, lést vegna sjúkdóma í blóðrásarkerfi, aðallega hjarta- og heilaæðasjúkdóma. Um 28 prósent látinna, 562 einstaklingar, létust af völdum krabbameins. Þriðji stærsti flokkur dánarmeina eru sjúkdómar í öndunarfærum, sem drógu 175 einstaklinga, um níu prósent, til dauða í fyrra.

Í fyrra létust 118 vegna ytri orsaka, sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Þar af voru sjálfsvíg 36, sem er sambærilegt við undanfarin ár, og tíu létust í umferðarslysum.



**LONDON** Lífsgæðum er misskipt í Evrópu.

Lífsgæði mæld í Evrópu:

# Verst að búa í Bretlandi

**FÓLK Verst þykir að búa í Bretlandi og Írlandi að því er fram kemur í nýrri könnun á lífsgæðum í tíu Evrópulöndum. Frakkland og Spánn trjóna á toppnum.**

**Það sem taldi gegn Bretlandi og Írlandi var hár framfærslukostnaður, fáir lögbundnir frídagar og hár eftirlaunaaldur.**

**Frakkar lifa lengur en aðrar þjóðir sem þessi könnun tekur til, fara snemma á eftirlaun og stjórnvöld leggja mikið til heilbrigðismála, Spánverjar lifa hins vegar hinu ljúfa lífi með ódýrt áfengi, flesta frídaga og fleiri sólardaga en aðrir. Ísland var ekki talið með í þessari könnun.** - þj

Dæmdir fyrir hótanir:

# Hótaði að skera börnin á háls

**DÓMSMÁL** Karlmaður um tvítugt hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í sjö mánaða fangelsi, þar af fjóra á skilorði, fyrir fjölda brota. Hann var meðal annars dæmdur fyrir að hrækja á lögreglumann, hóta honum og öðrum lögreglumönnum lífláti og að skera börn þeirra á háls.

Annar tvítugur maður var dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að hóta þremur lögreglumönnum lífláti við sama tækifæri.

Fyrrnefndi maðurinn var einnig dæmdur fyrir vörslu á nokkru magni af amfetamíni og kannabisefnum. - jss






Egill Árnason™

# VIÐ ERUM FLUTT!

**Við tökum vel á móti þér í nýju versluninni okkar að Suðurlandsbraut 20.**

# FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!

| | |
|---|---|
| **Eikarparket** frá | kr. **4.990 m²** |
| **Flísar** frá | kr. **2.792 m²** |
| **Þiljur** frá | kr. **1.990 m²** |




Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvaða breska leikkona hringir vikulega í sólskinsdrenginn Kela?

2 Hver varð hlutskarpastur í útboði á veitingaþjónustu Hörpunnar?

3 Um hver mörg prósent hækkar brauðmeti hjá Myllunni á næstunni?

SVÖR

Kate Winslet

Jóhannes Stefánsson

8,1 prósent

Tillaga um samnorræna læknaskrá verður lögð fram á Norðurlandaþingi í haust:

# Varnir gegn læknamistökum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Hugmyndin er sú að haldin verði samnorræn skrá yfir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk, sem þarf leyfi til að starfa,“ segir Siv Friðleifsdóttir, sem er formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs.

Verði starfsfólkinu á alvarleg mistök í einu landi verður það skráð í þessa sameiginlegu skrá, þannig að heilbrigðisyfirvöld í hinum löndunum geti haft varann á þegar ráðið er í störf.

„Norðurlöndin hafa verið að lenda í því að innan heilbrigðisþjonustunnar hafa komið upp mistök hjá starfsmönnum, en kerfið upplýsir ekki milli landa um slík mistök,“ segir Siv.

Mál skurðlæknis, sem gerði alvarleg mistök í einu landanna og var sviptur læknaleyfi, en fékk vinnu í öðru landi og hélt þar áfram að gera mistök, varð tilefni þess að þetta mál var tekið upp í nefndinni fyrr á árinu.

„Tilgangurinn er fyrst og fremst að tryggja betur öryggi sjúklinga.“ - gb



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tveir mánuðir á skilorði:

## Stal rotþró og falsaði gögn

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela rotþró og fyrir skjalafals.

Rotþrónni stal maðurinn við sumarhús í Grímsnesi. Hann setti hana niður við sumarbústað sinn. Þá falsaði hann reikning sem átti að sýna að hann hefði keypt þróna.

Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn fyrir þessar sakir. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar sem ómerkti hann og vísaði málinu aftur í hérað. - jss

Obama hvetur leiðtogana:

## Tími kominn á friðarsamning

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði kominn tíma til þess að Ísraelar og Palestínumenn semji um frið.

Í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær hvatti hann leiðtoga heims til að láta af allri svartsýni og hjálpa Ísraelum og Palestínumönnum að ná samningi innan árs, eins og að er stefnt.

„Í þetta skipti verður það öðruvísi,“ sagði hann. - gb

**SLYS**

### Strandaði við Raufarhöfn

Björgunarskip og björgunarsveitir voru kallaðar út í gær þegar línubátur strandaði rétt norðan við Raufarhöfn. Fjórir skipverjar voru um borð, en veður var gott og ekki talin hætta á ferðum. Vel gekk að losa bátinn, en einhver leki hafði komið að honum og var hann dreginn að bryggju.

**SKÁK**

### Tvö töp í Khantí-Mansísk

Skáklandslið Íslands töpuðu bæði í opnum flokki og kvennaflokki á Ólympíuskákmótinu í Khantí-Mansísk í Síberíu í gær. Karlarnir töpuðu fyrir Grikkjum 1-3 og konurnar fyrir Víetnömum 1,5-2,5.

# Helmingur sneri aftur í ofbeldissambúðina

**Helmingur þeirra sem dvöldu í Kvennaathvarfinu á síðasta ári vegna ofbeldis maka eða sambýlismanns fór aftur heim í ofbeldissambúðina. Þjónusta við þessar konur óðum að skerðast vegna fjárskorts viðkomandi félagasamtaka.**

**FÉLAGSMÁL** Um það bil helmingur kvenna, sem dvöldu í Kvennaathvarfinu á síðasta ári vegna ofbeldis í nánum samböndum, fór aftur heim í óbreyttar aðstæður.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri rannsókn á þjónustu félagasamtaka sem aðstoða konur sem beittar hafa verið ofbeldi af hendi karla í nánum samböndum. Guðrún Helga Sederholm vann skýrsluna fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Leitað var til ellefu félagasamtaka vegna þátttöku í rannsókninni. Þau eru öll í Reykjavík en þrjú utan höfuðborgarsvæðisins.

Könnunin leiðir í ljós að þjónusta við konur í ofbeldissamböndum er mest á höfuðborgarsvæðinu. Kvennaathvarf er aðeins í Reykjavík og þar eru helstu félagasamtök sem hafa að meginmarkmiði að veita konum, sem búa við ofbeldi í nánum samböndum, aðstoð.

„Nálgunarbann er sjaldan beitt en eru sterk skilaboð til karlsins um að láta konuna í friði,“ segir í niðurstöðum könnunarinnar.

Þá kemur fram að fatlaðar, aldraðar og erlendar konur séu afskiptar hvað þjónustu varðar og sérstaða erlendra kvenna sé mikil.

„Túlkaþjónusta er lítil sem engin, meðal annars vegna fjárskorts. Fræðslan byggist á íslenskum þekkingargrunni og bréf frá Félagsþjónustu eru á íslensku. Margar erlendar konur tala aðeins sitt móðurmál og sumar eru ólæsar. Fræðslan nær því oft ekki til þeirra með þeim aðferðum sem nú er beitt. Fordóma verður vart á vinnustöðum þeirra og margar búa við frelsissviptingu og einangrun á eigin heimili,“ segir í niðurstöðunni.

Barnaverndaryfirvöldum er alltaf tilkynnt um mál barna þegar það á við og þeim tilkynnt ef mæður sem dvalið hafa í Kvennaathvarfi fara aftur í óbreyttar aðstæður.

Samhliða ofangreindri könnun kannaði Ingólfur V. Gíslason árvekni og viðbrögð starfsfólks á heilbrigðisstofnunum gagnvart ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum.

„Staðan er þannig hérlendis að hjá almennum heilbrigðisstofnunum er engin sérstök leit gerð að konum sem búa við ofbeldi,“ segir í síðarnefndu könnuninni. „Í flestum tilfellum er það einfaldlega viðkomandi starfsmanns að ákveða framhald máls ef upp kemur að kona búi við ofbeldi,“ segir þar og enn fremur að almennt muni starfsmenn ekki nema eftir örfáum slíkum málum, jafnvel eftir áratuga starf. jss@frettabladid.is




**GEGN OFBELDI** Starfsfólk hjá almennum heilbrigðisstofnunum gerir enga sérstaka leit að konum sem búa við ofbeldi í nánum samböndum.

**Stígamót hættu starfsemi á sex stöðum vegna fjárskorts**

Stígamót hættu starfsemi á sex stöðum úti á landi vegna fjárskorts á síðasta ári. Aflið á Akureyri þjónustar nærbyggðirnar.

Sólstafir á Ísafirði standa frammi fyrir lokun þar sem engu fé hefur verið veitt til starfseminnar á árinu. Kvennaráðgjöfin hefur aðsetur í höfuðborginni.

Kvennaathvarfið og Stígamót eru einu félagasamtökin af fimm sem eru á fjárlögum. Hin fá meðal annars fjármagn frá sveitarfélögum og með frjálsum framlögum.

Gæðastjórnunarskólinn

Skólinn býður upp á námskeið í gæða-, skjala-, verkefna- og mannauðsstjórnun. Námskeiðin eru stutt og hnitmiðuð, auka skilvirkni í stjórnun og byggja á þverfaglegri aðferðafræði.

Stundaskrá

September

30.09 kl. 13:00 - 16:00 FOCAL Gæðahandbókarkerfi

Október

07.10 kl. 13:00 - 17:00 Gerð verklagsreglna I
12.10 kl. 13:00 - 17:00 Visio - Myndræn framsetning gæðaskjala
14.10 kl. 13:00 - 16:00 Starfsþróunarsamtöl
20.10 kl. 13:00 - 16:00 Hæfnistjórnun og stjórnun með hugbúnaði
28.10 kl. 13:00 - 17:00 Verkefnastjórnun skv. ISO 9001 og PRINCE2

www.focal.is/skraning

FOCAL SOFTWARE & CONSULTING

ÚTSALA

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

SÍÐUSTU DAGAR



39.90
FULL
16,5 kw/h

· Mikil orka 16,5 kw/h
· Ryðfrítt lok og takkaborð
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Sterkleg viðargrind
· Neistakveikja í rofa
· Skúffa fyrir fitu
· Hitamælir
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð:136 x 106 x 62cm

LANDMANN Er frá Þýskalandi

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á ÚTSÖLU

Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

Það eina sem þarf er leitarorð.
Vísir er með það.



vísir.is
...ég sá það á Vísi

Líkur á að beðið verði með þingnefndartillögu um rannsókn á lífeyrissjóðunum:

# Úttekt að undirlagi sjóðanna í gangi

**ALÞINGI** Að öllu óbreyttu gætu tvær úttektir eða rannsóknir farið fram samhliða á starfsemi lífeyrissjóðanna í landinu.

Í þingsályktun þingmannanefndarinnar, undir formennsku Atla Gíslasonar, er lagt til að starfsemi lífeyrissjóðanna verði rannsökuð.

Nú þegar er hafin vinna við að taka út starfsemi þeirra. Fjárfestingarstefna, ákvarðanataka og lagalegt umhverfi í aðdraganda bankahrunsins er til skoðunar.

Sú úttekt er gerð að frumkvæði Landssamtaka lífeyrissjóða sem fengu ríkissáttasemjara til að skipa nefnd til verksins. Valdist Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari, til formennsku.

Útlit er fyrir að endanleg ákvörðun um þingrannsókn verði ekki tekin fyrr en niðurstöður úttektarinnar liggja fyrir. Í samtali við Fréttablaðið sagði Atli Gíslason það vera sína skoðun að eðlilegt væri að skoða þær og meta í framhaldinu hvort tilefni sé til rannsóknar á vegum þingsins.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að upphaflega hafi verið stefnt að verklokum úttektarnefndarinnar í desember en störf hennar kunni að dragast fram á nýtt ár. Kvaðst hann ekki gera athugasemdir við að þingið láti rannsaka lífeyrissjóðina en í kjölfar útgáfu skýrslu þingmannanefndarinnar hafi henni verið bent á að sjálfstæð og óháð úttekt að undirlagi sjóðanna sjálfra væri þegar hafin. - bþs



**ATLI GÍSLASON**



**HRAFN MAGNÚSSON**



**Kjúklingabringur**
900 g
**1.398** kr/pk.



**Grísahnakki**
Ferskur
**899** kr/kg áður 1.498
40% afsláttur



**Grísakótelettur**
Ferskar
**899** kr/kg áður 1.498
40% afsláttur

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Á AÐ TAKA SLÁTUR UM HELGINA?
## ALLT Í SLÁTURGERÐINA FÆST Í NETTÓ



**Kjúklingalundir** 700 g
**1.098** kr/pk.



**Svið** frosin
**249** kr/pk.áður 298



30% afsláttur
**Saltkjöt** ódýrt
**398** kr/kg áður 569



30% afsláttur
**Grísasnitsel** frosið
**1.259** kr/kg áður 1.798
KJÖTSEL



**Kjúklingavængir**
Hot Wings eða BBQ
**586** áður 689 kr/pk.



30% afsláttur
**Svínahnakki**
m/sveskjum og grillkryddi
**1.189** áður 1.698 kr/kg



30% afsláttur
**Pítubuff** 6 stk.
**699** áður 998 kr/pk.



30% afsláttur
**Kindabjúgu**
**468** kr/pk. áður 669

**Kjötbúðingur**
**594** kr/pk. áður 849

SLÁTURTÍÐ Í NETTÓ



**3 Slátur frosin**
*Lifur, hjörtu, nýru, 3 hausar, 12 gervivambir, 3 kg brytjaður mör, blóð.*
**3.598** kr/pk. áður 3.998



**Kornflex** 500 g
**199** kr/pk.



**Morgunv.kökur**
**199** kr/pk.



**Calypso safi**
**59** kr/stk.



50% afsláttur
**Gulrófur**
**98** kr/kg áður 169



**Núðlusúpur**
**69** kr/pk. áður 99



**Hjónabandssæla**
**495** kr/stk. áður 619



**Pepsi max** 0,6 l
**98** kr/stk. áður 119



**Astonish bílavörur**
verð frá **289** kr/stk.
25% afsláttur

WWW.NETTO.IS | MJÓDD | SALAVEGUR | HVERAFOLD | AKUREYRI | HÖFN | GRINDAVÍK | REYKJANESBÆ

**GILDIR 23. - 26. SEPTEMBER**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!



**GENGIÐ Á BÁTUM** Vegfarendur í Dakka, höfuðborg Bangladess, þurftu að fara yfir þessa sérstæðu brú gerða úr bátum yfir fljótið Buriganga þegar ófært varð vegna mikils hýasintugróðurs. NORDICPHOTOS/AFP

Myrti eiginkonu sína og þrjú börn og stytti sér síðan aldur:

# Engin skýring hefur fundist

**NOREGUR** Norska lögreglan rannsakar nú atburði í bænum Mortensrud, þar sem fjölskyldufaðir myrti eiginkonu sína og þrjú börn áður en hann stytti sér aldur.

Móðirin og fárra mánaða gamalt ungbarn þeirra hjóna fundust í íbúð þeirra síðdegis á miðvikudag eftir að systir konunnar hafði samband við lögreglu. Hún hafði ekki getað náð sambandi við fjölskylduna síðan á þriðjudag, sem var óvenjulegt.

Síðar um daginn fannst níu ára dóttir þeirra í stöðuvatni, sem heitir Gersjøen og er skammt frá Osló, og var þá gerð áköf leit að föðurnum og þriðja barninu, sjö ára stelpu, í von um að hún væri enn á lífi.



**NORSKUR LÖGREGLUÞJÓNN** Lögreglan hefur ekki fundið skýringar á því sem gerðist. NORDICPHOTOS/AFP

Seint um kvöldið urðu þær vonir að engu þegar feðginin fundust látin á svipuðum slóðum og eldri dóttirin fannst. Margt bendir til þess að morðin hafi átt sér stað strax á mánudag. Norskir fjölmiðlar halda því fram að maðurinn hafi verið frá Íran en konan frá Marokkó. Maðurinn er sagður hafa flust til Noregs árið 1993 en konan 1998.

Haft er eftir vinum fjölskyldunnar að maðurinn hafi verið rólyndur, vingjarnlegur og hjálpfús. - gb

Börn send heim af leikskóla:

# Oft erfitt að manna í stöður

**SKÓLAMÁL** Nauðsynlegt var að senda tólf börn heim af yngstu deild leikskólans Engjaborgar í gær. Ástæður voru veikindi sex starfsmanna, en alls eru átján stöður á leikskólanum.

Valborg Guðlaugsdóttir leikskólastjóri segir atvikið ekki einsdæmi í leikskólum landsins og vissulega sé óheppilegt þegar þau eiga sér stað. Þó hafi hún ekki átt neins annara kosta völ en að senda börnin heim þegar þriðjungur starfsfólksins sé fjarverandi vegna veikinda. - sv



**FRÁ SKATTAFUNDINUM** Fundur Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs var vel sóttur og setið við hvert borð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Steingrímur vill að SA geri upp hlut sinn í bankahruni

**Ekkert orsakasamhengi er á milli hárra skatta og skertra lífskjara. Skattalækkanir fyrri ára skiluðu því að hagnaður fyrirtækja fluttist úr landi og hátekjufólk greiddi lægri skatta, segir fjármálaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Í uppsveiflunni var hér búið til umhverfi með afar lágum sköttum. Bómullarumhverfi sem skilaði litlu, að sögn Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra.

Steingrímur var harðorður í garð Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka atvinnulífsins (SA) á fundi þeirra um skattamál í gær. Hann gagnrýndi þær fullyrðingar að aðhald í ríkisfjármálum hafi að mestu komið í gegnum skattahækkanir, sem ógni rekstri fyrirtækja. Mælti hann til þess að SA geri upp þátt sinn í aðdraganda efnahagshrunsins og skrifaði um það skýrslu líkt og aðrir hafi gert.

> „Íslensk fyrirtæki voru skuldsett og notuð til að fjármagna útrás og útflutning á fjármagni.
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Steingrímur benti á að á uppgangsárunum fyrir hrun hafi skattar á fyrirtæki og eigendur þeirra verið með þeim lægstu sem þekktust í hinum vestræna heimi. „Þetta átti að auka fjárfestingu og skila því að erlendir aðilar myndu streyma til landsins því hér væri svo gott umhverfi,“ sagði Steingrímur og bætti við að reyndin hafi orðið önnur.

„Eignarhald fyrirtækja streymdi til útlanda, stór hluti þess varð að skúffufélögum í öðrum löndum og arður af starfseminni fór burt. Íslensk fyrirtæki voru skuldsett og notuð til að fjármagna útrás og útflutning á fjármagni. Það er ekkert orsakasamhengi sannað á milli allra þeirra þátta sem menn ganga út frá sem staðreyndum í þessum efnum,“ sagði fjármálaráðherra og bætti við að væri skattlagning, öflugt velferðarkerfi og mikil samneysla sú nagandi hönd sem sumir héldu fram, þá væru Norðurlöndin ekki í fremstu röð hvað lífskjör og samkeppnishæfni snerti.

„Það þýðir ekkert að halda þessu endalaust fram,“ sagði Steingrímur og sagði rekstur hins opinbera arðsaman þar sem hlutverk hans væri að byggja upp innviði samfélagsins. „Slík verkefni eru leyst í gegnum samneysluna,“ sagði ráðherra og lagði áherslu á að á sama tíma og fyrirtæki hafi greitt lægri skatta en áður á árunum fyrir hrun og hátekjufólk komist undan skattaálögum hafi byrðin lent á almenningi, launafólki, ekki síst fólki með meðaltekjur og þar undir.

jonab@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR** Fjármálaráðherra gagnrýndi harkalega kröfur Viðskiptaráðs og SA um lægri skatta á fundi þeirra um skattamál í gær. Hann segir eignarhald og arðgreiðslur hafa flust úr landi þegar skattar voru hér sem lægstir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skattatillögur Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands

Tillögur Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs að umbótum á skattakerfinu komu út í ritinu Skattkerfi atvinnulífsins: Fjárfesting – atvinna – lífskjör, sem kom út samhliða skattafundi SA og Viðskiptaráðs. Tillögurnar unnu samtökin með um þrjátíu sérfræðingum í skattamálum og hagsmunaaðilum. Hér eru nokkrar tillögur:

- Lagt er til að tekjuskattur fyrirtækja verði lækkaður úr 18 prósentum í 15.
- Skilyrði um frádráttarbærni arðs á milli fyrirtækja veldur því að arður sem myndast hjá erlendum dótturfyrirtækjum skilar sér ekki. Lagt er til að ákvæðin verði felld á brott.
- Lagt er til að skattlagning verðlausrar kröfu myndi ekki skattskyldu.
- Lagt er til að hámark vegna skattafrádráttar taki til einstakra rannsóknar- og þróunarverkefna og að fjárfestingar í sjóðum eða félögum sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum myndi rétt til skattaafsláttar.
- Lagt er til að heimilt verði að draga vaxtagjöld frá tekjum við útreikning fjármagnstekjuskatts.
- Vaxtagjöld af skuldum sem færast yfir við samruna félaga hafa neikvæðar afleiðingar.
- Lagt til að gengishagnaður á gjaldeyrisreikningum verði ekki staðgreiðsluskyldur og myndi ekki skattskyldar tekjur nema við úttekt með sama hætti og við sölu á hlutabréfum.
- Lagt til að tekin verði upp skattaívilnun til starfsmanna fyrirtækja sem sendir starfsfólk í vinnu út fyrir landsteina.
- Lagt til að fella niður auðlegðarskatt.
- Lagt til að vörugjald á heimilistæki og byggingarvörur verði lagður niður. Þá verði sykurskattur tekinn upp í stað vörugjalda á matvæli.

Skattheimtan og hagkerfið:

# Verðum að laga skattkerfið

**EFNAHAGSMÁL „Í röksemdafærslu ráðherra er horft framhjá þeim afleiðingum sem skattahækkanir hafa á undirliggjandi skattstofna, sem minnka í takt við aukna skattheimtu og minni umsvif í hagkerfinu,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.**

**Finnur bendir á að séu skattar á tiltekna vöru eða þjónustu hækkaðir um hundrað prósent og hækkunin valdi því að minna sé selt af viðkomandi vöru eða þjónustu, þá dragist tekjur ríkissjóðs saman í hlutfalli við landsframleiðslu.**

**Hann fagnar að fjármálaráðherra taki undir ábendingar um nauðsyn þess að laga ýmis mistök við skattabreytingar í fyrra. „Við höfum hreinlega ekki efni á öðru,“ segir hann.** - jab

DÓMSMÁL

## Sigldi án yfirvélstjóra

Héraðsdómur Suðurlands hefur dæmt skipstjóra til fimmtíu þúsund króna sektar. Skipstjórinn er sakfelldur fyrir að sigla skipi sínu undirmönnuðu í febrúar síðastliðnum. Enginn yfirvélstjórinn var um borð. Skipstjórinn játaði brot sitt. Hann var hins vegar sýknaður af ákæru um skjalafals.




Sala og notkun 3G nettengla fyrir tölvur margfaldast milli ára:

# Mest notað yfir sumartímann

**UPPLÝSINGATÆKNI** Sala á 3G nettenglum fyrstu átta mánuði ársins hefur þrefaldast hjá Vodafone frá sama tímabili í fyrra. Nettenglarnir hafa einnig verið nefndir 3G-pungar, en um er að ræða háhraðanettengingu fyrir tölvur um þriðjukynslóðar farsímanet. Fram kemur í tilkynningu Vodafone að bæði árin hafi sala nettenglanna verið mest yfir sumarmánuðina og notkunin mest á vinsælum sumarhúsasvæðum.

„Sala á 3G nettenglum (pungum) hófst hér á landi snemma árs 2008 og eftir að hafa farið frekar rólega af stað hefur algjör sprenging orðið í sölunni. Nettenglarnir hafa lækkað mikið í verði, auk þess sem þjónustuleiðir hafa breyst og kostnaður við notkun hefur minnkað mikið,“ segir í tilkynningu fyrirtækisins.

Um leið er varað við kostnaði sem fylgt geti notkun nettenglanna erlendis, sér í lagi utan evrópska efnahagssvæðisins. „Innan EES eru í gildi reglur sem tryggja, að lokað er fyrir notkun nettenglana þegar kostnaðurinn er kominn upp í 50 evrur.“

Þá kemur fram að gagnanotkun í farsímum hafi jafnframt margfaldast, bæði vegna aukinna afkasta dreifikerfanna og betri símtækja sem auðveldi notkun tölvupósts og Netsins í símanum. „Þá hafa vinsældir samskiptasíðunnar Facebook aukið gagnanotkun í farsímum til mikilla muna og nú er svo komið, að 50 prósent af öllum gögnum sem notendur hala niður í símtækin sín eru tilkomin vegna Facebook.“ - óká

**Sala á 3G nettenglum**



# FRÁBÆR TILBOÐ Á HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKJUM

# PHILIPS




**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Philips 22PFL3415**
22" LCD LED örþunnt sjónvarp með 1366x768p upplausn, stafrænum HDTV móttakara, Digital Crystal Clear, 150.000:1 skerpu, HD-Ready, Scart, HDMI, USB media browser, Component, SVHS, CVBS, S/PDIF, PC, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 32PFL3605H**
32" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 20w RMS Incredible Surround víðómahljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**109.995**
FULLT VERÐ 159.995




**Philips 32PFL5405H**
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD , 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ 169.995




**Philips 40PFL5605H**
40" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ 299.995




**Philips 37PFL7605H**
37" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

ambi light

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 279.995




**Philips 46PFL5605H**
46" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 399.995

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**MEÐ KÖTTINN Á HERÐUNUM** Þessi maður gekk um götur Cannes í sunnanverðu Frakklandi með staf í hendi og köttinn sinn á herðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EES-samningurinn þýðir að ESB getur haft meiri áhrif á EFTA-ríki en aðildarríki:

# Áhrif Íslands yrðu meiri innan ESB

**EVRÓPUMÁL** Ísland hefur tiltölulega oft fengið undanþágur og haft áhrif á stefnumótun ESB í gegnum EES-samstarfið, en innleiðir samt flestar reglur ESB, jafnvel þótt þær séu óþægilegar þjóðinni. Undantekningar eru helst gerðar þegar brýnir hagsmunir eru í húfi.

Þetta kom fram í máli Jóhönnu Jónsdóttur, doktorsnema í stjórnmálafræði við Cambridge-háskóla, í fyrirlestri á vegum Alþjóðamálastofnunar fyrr í mánuðinum.

„Ísland er að mörgu leyti að evrópuvæðast eins og aðildarríkin í ESB,“ segir Jóhanna. „Ég held meira að segja að ESB hafi meiri vigt til að koma fram breytingum á Íslandi og í öðrum EFTA-ríkjum en í aðildarríkjum ESB, vegna 102. greinar í EES-samningnum,“ segir hún og kveðst halda að áhrif Íslands myndu aukast við inngöngu í Evrópusambandið.



**JÓHANNA JÓNSDÓTTIR** Þegar Jóhanna hóf nám sitt árið 2006 benti fátt til þess að Ísland væri á leiðinni í ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Greinn kveður á um að fella megi niður hluta EES-samningsins neiti ríki að innleiða löggjöf ESB. Þegar innleidd var borgaratilskipun um frjálsa för fólks innan landamæra ESB börðust Ísland og Liechtenstein gegn því. Þá var 102. grein beitt af ESB. Eigi aðildarríki ESB hins vegar mikilla hagsmuna að gæta kjósa þau stundum að greiða sektir frekar en innleiða óþægilegar reglur, segir Jóhanna. - kóþ

Silungaeldi í Dýrafirði:

## Mikil útflutningsverðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR** Vonir eru til þess að silungaeldi í Dýrafirði geti með tímanum skapað útflutningsverðmæti upp á sex til sjö hundruð milljónir og tíu störf á Þingeyri. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Þrjú hundruð þúsund regnbogasilungar eru nú í kvíum Dýrfisks í firðinum þar sem aðstæður þykja henta vel til eldis. Starfsemi Dýrfisks hófst fyrir tveimur árum. 40 tonnum var slátrað í fyrrahaust og gekk það mjög vel. Þegar vinna þrír við fóðrun og seiðaeldi. - þj


Haustlitagleði




VILLAGE
LAUGAVEGI 70 · SÍMI 534 0312 · www.village.is


Sjófuglum fer fækkandi:

## Hafa mikið alþjóðlegt vægi

**NÁTTÚRA Stuttnefju hefur fækkað um 44 prósent hér við land á síðustu 30 árum. Fýl og langvíu hefur á sama tíma fækkað um 30 prósent, álku um 18 prósent og ritu um 16 prósent.**

**Íslenskir sjófuglastofnar eru um fjórðungur allra sjófugla í Norður-Atlantshafi og hafa því mikið vægi á alþjóðlegum mælikvarða.**

**Nú er að ljúka yfirlitskönnun á íslenskum bjargfuglastofnum og flytur Arnþór Garðarsson erindi um málið í dag í fundarsal Hafrannsóknastofnunar að Skúlagötu 4 klukkan 12.30.** - sv

Par ákært fyrir líkamsárás:

## Bitu og kýldu rútufarþega

**DÓMSMÁL** Ungt par hefur verið ákært fyrir að ráðast að manni í rútu sem var á ferð á Austfjörðum síðasta vetur.

Stúlkan er sökuð um að hafa bitið manninn í fingur og maðurinn fyrir að kýla hann nokkrum sinnum í andlitið skömmu síðar.

Rútufarþeginn gekk sár frá borði, hlaut annars glóðarauga á báðum augum, mar yfir nefrót og klórför í andlit. - jss



**ORKUKAUPANDI** Álverið í Straumsvík færði Landsvirkjun um tíu milljarða króna tekjur á árinu 2009. Fyrirtækið féllst á ósk Landsvirkjunar um að endurskoða samninginn fyrr en til stóð og rjúfa tengingu við álverð á heimsmarkaði. Orkukaupendur telja sér það í hag að aðstoða íslensku orkufyrirtækin að komast fyrir vind á erlendum fjármagnsmörkuðum.

# Ætla að bjóða bestu kjör á raforkumarkaði

**Nýr samningur Landsvirkjunar við Alcan endurspeglar þá stefnu að fyrirtækið mun framvegis ekki keppa við orkufyrirtæki utan Evrópu og að reynt verði að treysta sjálfstæði gagnvart pólitísku forræði.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvers vegna hefur Landsvirkjun rofið tengingu orkuverðs við heimsmarkaðsverð á áli?

Landsvirkjun hefur markað breytta stefnu sem lætur ekki mikið yfir sér í fyrstu. Breytingin er sú að fyrirtækið skilgreinir sig nú sem evrópskt raforkufyrirtæki, sem vill bjóða upp á samkeppnishæft verð miðað við alla raforkumarkaði í Evrópu. Segir það sig ekki sjálft að fyrirtæki sem fæst við að framleiða og selja raforku og starfar á Evrópska efnahagssvæðinu skilgreini sig sem evrópskt raforkufyrirtæki? Svo var víst ekki.

Breytingin sem orðin er birtist í þessum orðum Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, í samtali við Fréttablaðið, á dögunum: „Það getur vel verið að menn geti fengið lægra verð í öðrum heimshlutum en við ætlum ekki að bera okkur saman við það,“ segir Hörður. Markmið Landsvirkjunar sé nú einungis það að bjóða bestu kjör sem orkukaupendur geta fengið á evrópskum mörkuðum. Hörður segir að þessa stefnubreytingu hafi stjórnendur fyrirtækisins gert í samráði við stjórn og með fullu samþykki eiganda fyrirtækisins, ríkisins.

Það er í anda þessa að Landsvirkjun vill rjúfa tengingu orkuverðs við álverð á heimsmarkaði og náði því fram þegar samningur fyrirtækisins við álverið í Straumsvík kom til endurskoðunar. Verðið miðast nú við raforkuverð til álvera í markaðssvæðinu og tekur mið af verðbólgu í Bandaríkjunum. Með þessu dregur Landsvirkjun úr áhættu sinni. Álverðið er bæði sveiflukennt og eins draga sérfræðingar í efa að þróun þess muni halda í við verðbólgu í Bandaríkjunum næstu ár. Hins vegar muni raforkuverð hvarvetna halda áfram að hækka umfram verðlagsþróun.

Heimildarmenn Fréttablaðsins telja að þessi breyting á stefnu Landsvirkjunar sé einnig til marks um áherslubreytingar sem verða þegar stjórnandi fyrirtækis á borð við Landsvirkjun er sóttur til viðskiptalífsins, eins og Hörður Arnarson, en ekki til stjórnmálalífsins eins og verið hefur hjá Landsvirkjun. Auk þess sýni þetta viðleitni til að styrkja stöðu fyrirtækisins gagnvart atvinnusköpunarverkefnum sem ríkisvaldið og sveitarfélög víða um land hafa frumkvæði að í því skyni að skapa atvinnu fremur en að leita eftir besta orkuverðinu.

Endurskoðun næstu orkusölusamninga Landsvirkjunar á að ljúka fyrir árið 2018 og 2019. Þar er um að ræða samninga við álverið á Grundartanga og Járnblendiverksmiðjuna. Endurskoðun gæti þó lokið mun fyrr, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Talið er að fleiri orkukaupendur en álverið í Straumsvík telji það þjóna eigin hagsmunum að auðvelda aðgang íslensku orkufyrirtækjanna að erlendu lánsfé og greiða þannig fyrir endurfjármögnun skulda og fjármögnun nýrra framkvæmda. Óhjákvæmilegt sé að horfast í augu við að fjármagnskostnaður verður mun hærri í framtíðinni en verið hefur, auk þess sem orkuverðið fer nú hvarvetna hækkandi.

petург@frettabladid.is


Samningaviðræður Íslands við ESB

Hvað má læra af reynslu Möltu?

**Joe Borg** var utanríkisráðherra Möltu 1999 - 2004 og leiddi aðildarviðræður Möltu við ESB. Um leið og Malta varð aðili að ESB 2004 tók hann sæti í framkvæmdastjórn ESB og gegndi starfi sjávarútvegsstjóra þess þar til í byrjun þessa árs.

Joe Borg heldur erindi í **Háskólanum í Reykjavík, Öskjuhlíð, laugardaginn 25. september kl. 11 í salnum Bellatrix.** Fundurinn er öllum opinn.





Eftir erindið verða fyrirspurnir og umræður. **Fundarstjóri er Svanborg Sigmarsdóttir**, stjórnmálafræðingur.

Nánari upplýsingar á **www.sterkaraisland.is**

STERKARA ÍSLAND – þjóð meðal þjóða


www.ellingsen.is
ALLT FYRIR SKOTVEIÐINA!
Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en haldið er til veiða.
SKOTVEIÐI DAGAR
TILBOÐ á völdum vörum
Avery Powerhunter-felubyrgi
Létt og meðfærilegt, fellur saman í meðfærilegan „bakpoka“.
Verð 37.990 kr. Áður 44.990
Remington
12GA Heavy magnum 2, 50 g, 10 stk.
12GA Heavy magnum 4, 50 g, 10 stk.
Verð frá 1.250 kr. Áður 1.850
Allen skotbelti Max 4
Vandað skotveiðibelti í felulitum sem tekur 20 skot.
Verð 3.995 kr. Áður 4.890
WINCHESTER WILDCAT cal. 22
Léttur og nákvæmur boltalásriffill með 5 skota skotgeymi og fallegu harðviðarskefti. Framleiddur í TOZ verksmiðjunum í Rússlandi. Góður kostur fyrir byrjendur og lengra komna.
Verð 49.900 kr. Áður 64.900
Remington Sportsman 11-87
12ga hálfsjálvirk með skiptanlegum þrengingum. Gasskipt byssa sem gefur mýkra bakslag en bakslagsskiptar byssur. Traust og góð byssa.
Verð 134.900 kr. Áður 169.900
Reykjavík
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16
Akureyri
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# RISA TAX FREE DAGAR

**ALLT Í EINNI FE**

SNYRTIVÖRUR...FA
BÚSÁHÖLD...GARN
KERTI...SERVÍETTU



*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*





*Búsáhöld fyrir heimilið!*



*Leikföng fyrir káta krakka!*

24 Hagkaup

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# AFNEMUM VSK

## 23.-26. september

RÐ...

TNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
N...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
R

**...ÁN VIRÐISAUKASKATTS**

DAGANA 23. - 26. SEPT.

# RISA TAX FREE DAGAR





*Frábært úrval af snyrtivörum fyrir alla fjölskylduna!*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 26. september 2010.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjármálaráðherra og atvinnurekendur skattyrðast en virðast þó geta talað saman um eitt.

# Samkeppnishæft skattkerfi

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra flutti mikla skammadembu yfir atvinnurekendum á fundi Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs um skattamál í gær. Það fer ekki á milli mála að verulegur hugmyndafræðilegur ágreiningur er á milli fjármálaráðherrans og samtaka atvinnurekenda um það hvernig skattaumhverfi fyrirtækja á að vera, þar með talið hvað rétt sé að skattarnir séu háir.

Meint skattpíning var þó ekki aðalumkvörtunarefni Vilmundar Jósefssonar, formanns SA, sem sagði þvert á móti í ræðu sinni að atvinnulífið hefði gert sér fulla grein fyrir þörf ríkisins fyrir skattahækkanir á árunum 2009 og 2010. Menn hefði hins vegar skort „hugmyndaflug til að ímynda okkur að ríkisstjórnin myndi færa skattkerfið áratugi aftur í tímann, fórna einfaldleika þess og gagnsæi, gera það ósamkeppnisfært við nálæg ríki og taka upp að nýju skatta sem eru óréttlátir og flest nálæg ríki hafa losað sig við“.

Vilmundur sagði atvinnurekendur reiðubúna að vinna með stjórnvöldum að breytingum til batnaðar á skattkerfinu, með það að leiðarljósi að það yrði samkeppnishæft við það sem bezt gerðist í nálægum löndum.

Í skýrslu SA og VÍ er bent á fjöldamörg dæmi um skattabreytingar ríkisstjórnarinnar sem hafa flækt skattkerfið, valdið fyrirtækjum vandræðum og kostnaði og aukið hættuna á undanskotum og mistökum. Margt af þessu eru sömu atriðin og gagnrýnd voru í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um skattkerfið, sem kom út í sumar. Þau atriði í skýrslunni hlutu reyndar litla athygli.

Að reiðilestri Steingríms J. Sigfússonar loknum kom í ljós að um þetta atriði virðast hann og atvinnulífið geta talað saman. Steingrímur sagðist undir lok ræðu sinnar ekkert feiminn við að endurskoða hluti sem breytt hefði verið á sínum tíma sem fjármálaráðherra, ef í ljós kæmi að eitthvað hefði verið misráðið eða aðrar leiðir betri til að ná settum markmiðum. Þetta er út af fyrir sig nokkurs virði, því að breytingar á sköttum fyrirtækja í fyrra virðast að mörgu leyti hafa verið lítt hugsaðar og skellt á með alltof litlum fyrirvara og undirbúningi. Lykilatriði í hagstæðu skattaumhverfi er að það sé sæmilega stöðugt og fyrirsjáanlegt.

Það eru viðtekin sannindi, sem Steingrímur J. Sigfússon sagði í ræðu sinni á skattafundinum, að skattar eru nauðsynlegir til að afla fjár til samfélagslegra verkefna. Það sem núverandi ríkisstjórn virðist hins vegar ekki alltaf átta sig á, er að skattstofnarnir eru orðnir býsna hreyfanlegir og geta látið sig hverfa úr landi ef of hart er gengið fram í breytingum á skattkerfinu.

Staðreyndin er sú að Ísland þarf að bjóða upp á hagstæðara skattaumhverfi fyrirtækja en nágrannalönd til að vega upp aðra ókosti landsins á borð við fjarlægð frá mörkuðum, óstöðugan gjaldmiðil og nú upp á síðkastið skaddað orðspor og gjaldeyrishöft. Það getur verið hollt að fjármálaráðherrann skammi atvinnulífið, en hann verður líka að vinna með því að því að búa til samkeppnishæft skattkerfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ÁLAFOSS KÓRINN
STOFNAÐUR ÁRIÐ 1980

**Óskar eftir hressum söngfélögum í allar raddir.**

**Sópran, Alt, Bassa og Tenó. Í amstri lífsins er svo gott að gleyma sér og vera glaður vinhópi í HRE.**

Markmið kórsins er að skemmta sér og öðrum með söng og gleði ásamt ferðalögum innanland sem utanlands.

Stjórnandi Kórsins er Magnús Kjartansson hljómlistamaður.

Komið í kaffisopa og spjall í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ miðvikudaginn 29. september nk. kl: 20.00.
Upplýsingar í síma 862 1600 Hjördís og 898 9998 Ásgeir

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eftirspurn umfram framboð?

Hinn 27. nóvember eiga Íslendingar að ganga til kosninga og velja fulltrúa á stjórnlagaþing. Enn sem komið er virðist ekki mikill áhugi á þinginu í þjóðfélaginu. Þó er verkefnið ærið. Breyta á stjórnarskránni og leggja með því grunn að nýju Íslandi sem margir töldu brýna þörf á að skapa í kjölfar hrunsins haustið 2008. Framboðsfrestur vegna þingsins rennur út 18. október. Hingað til hefur bara einn frambjóðandi stigið fram, eða hefur að minnsta kosti gert það með þeim hætti að eftir er tekið. Þetta er Valgarður Guðjónsson, sem er þekktastur sem söngvari Fræbblanna, þeirrar ódauðlegu pönkhljómsveitar.



### Kynferði í stað kjördæma

Kannski fara fleiri áhugasamir að gefa sig fram. Búseta og kjördæmi skipta engu máli því að kosið verður í einum potti um land allt, líkt og í forsetakosningum og í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave hér á dögunum. Hins vegar verða þessar kosningar sérstakar að því leyti að kynjahlutfall mun ráða því hver endanlegur fjöldi stjórnlagaþingmanna verður. Þeir geta orðið minnst 25 en mest 31 talsins.



### Sofið hjá Sameinuðu þjóðunum

Íslendingar halda áfram að gera garðinn frægan víða um heim. Forseti Íslands átti ánægjulegan fund með Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, í gær og brostu báðir glaðlega á myndum. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra var ekki alveg eins bjartur yfirlitum á mynd sem birtist af honum og öðrum fulltrúum íslenska lýðveldisins á leiðtogaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í þýska vikublaðinu Die Zeit. Þar sást íslenska sendinefndin fá sér kríublund meðan Robert Mugabe, hinn alræmdi harðstjóri Simbabve, hafði orðið í ræðustólnum. **peturg@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Umhverfisspjöll á heimsmælikvarða?

Lyngdalsheiði

Tryggvi Felixson

áhugamaður um náttúruvernd



Nýr Lyngdalsheiðarvegur mun hafa óafturkræf áhrif á landslag og ásýnd svæðis sem liggur að elsta þjóðgarði landsmanna sem skráður hefur verið á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna (UNESCO World Heritage List). Vegastæðið liggur yfir eitt ríkasta vatnsból landsins sem hætta er á að spillist af framkvæmdum og umferð. Vegurinn mun óhjákvæmilega kalla á frekari gegnumumferð um Þjóðgarðinn á Þingvöllum og auka loftmengun og spilla friðsæld. Sýnt hefur verið fram á að aukin niturmengun vegna viðbótar gegnumumferðar getur hugsanlega spillt lífríkinu í vatninu vegna ofauðgunar á viðkvæmum hrygningarsvæðum. Þegar allt er reiknað virðist þessi áformaða vegabót aðeins stytta leiðina á milli Reykjavíkur og Laugarvatns um fáeinar mínútur. Á þetta var allt bent. Vegagerðin hafði fjölmargar vel rökstuddar ábendingar opinberra stofnana, samtaka, sérfræðinga og einstaklinga um framangreind efni að engu.

Vanda þarf til vegagerðar á Íslandi og vegastæði ber að velja þannig að vegur valdi ekki óásættanlegu tjóni á umhverfi okkar og náttúru. Vegagerð af því tagi sem nú liggur fyrir við Þingvallavatn brýtur í bága við almenn og viðurkennd náttúruverndarviðmið. Hún er heldur ekki í samræmi við ýmsa alþjóðlega sáttmála sem Ísland hefur undirgengist. Hún er líklega einnig í andstöðu við vilja þjóðarinnar, ef marka má opna skoðanakönnun sem gerð var. Hér tókust á staðbundnir skammtímahagsmunir og langtímahagsmunir heildarinnar. Skammtímahagsmunir urðu ofan á, eins og svo oft hjá okkur Íslendingum.

Þegar mæta á óskum íbúa um greiða og hraðfara leið til höfuðborgarinnar má ekki spilla verðmætri náttúru landsins nema mjög brýnir hagsmunir séu í húfi. Mikil náttúruverðmæti búa í óspilltu landi. Við þennan helgasta stað þjóðarinnar og aðstæður sem eru áþekkar, á náttúran að njóta vafans. Sýnt var fram á í umfjöllun um málið að það mátti bæta núverandi akveg frá Gjábakka og austur á Reyðarbarm (Barmskarði) eða Laugarvatnshelli (gamla Kóngsveginn) sem ferðamannaveg um áhugaverða skoðunarstaði og með tilkomumikið útsýni yfir Þingvallavatn. Jafnframt mátti gera hann að heilsársvegi, að vísu með lægri hámarkshraða en 90 km á klukkustund. En slíkan veg taldi Vegagerðin ekki standast „kröfur samtímans“. Því létu stjórnvöld vel rökstuddar kröfur um að vernda einstæða náttúru landsins fyrir komandi kynslóðir víkja. Breiður vegur liggur nú yfir áður óraskað land, vegur sem veldur óafturkræfum spjöllum og sorg hjá þeim sem unna íslenskri náttúru. Ósk mín er nú sú að draga megi lærdóm af þessu máli við vegagerð í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Samgöngumiztök

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Í gegnum borgarkerfið mjakast, á hraða snigilsins, feitlaginn flóðhestur sem heitir Samgöngumiðstöð. Það veit eiginlega enginn hver kom með hann og fáir í borginni vilja hafa hann. Menn kunna samt ekki alveg að við að reka hann í sjóinn, eftir allan þennan tíma, en virðast ekki vita í hvern þeir eigi að hringja til að skila honum.

„Kannski væri það dónaskapur?“ hugsa menn. „Við vorum, jú, búin að segjast ætla að hafa hann.“ Flestir hafa það þó á tilfinningunni að flóðhesturinn, sem átti raunar fyrst að vera stóðhestur, sé búinn að vera hjá okkur í nokkra vetur, hafi misst nokkur kíló og sé orðinn illa pirraður á biðinni. En hann staulast þó áfram. Tramp tramp.

Fullyrðingin „Reykjavík þarf auðvitað samgöngumiðstöð“ verður ekki sannari þótt menn segi hana oftar og jafnvel þótt hún væri sönn þá er samgöngumiðstöð ekki það sem Reykjavík er að fá. Menn töluðu eitt sinn sem þangað ætti að flytja strætó, rútur, leigubíla og flug. Strætó telur staðsetninguna úr leið fyrir sig, og ætlar að flytja sig á BSÍ.

Rútufyrirtækin ætla mörg hver að verða eftir á BSÍ. Leigubílarnir verða náttúrulega bara þar sem fólkið er og fólkið verður ekki þarna. Eftir situr að helst flugaðilar munu flytja sig á þessa nýju flugstöð.

Já, flugstöð, því þetta verður ekki samgöngumiðstöð frekar en lestarstöð, þó svo það væri evrópsk og rómantískt að kalla hana það líka.

Sú farþegaaðstaða sem nú er notuð í innanlandsflugi er í eigu Flugfélags Íslands. Þetta hefur skapað árekstra þegar önnur flugfélög hafa ætlað sér að nota hana í einhvers konar samkeppni við Flugfélag Íslands. Slíkt eiga menn að leysa í samningum sín á milli og ef þær leiðir þrýtur, frammi fyrir dómstólum. Hið opinbera á ekki að stíga inn og ausa fé í byggingu einhverrar „hlutlausrar flugstöðvar“ svo allir geti nú verið sáttir.

Þeir fáu sem reyna að réttlæta tilveru þessarar nýju flugstöðvar benda stundum á velheppnaðar „samgöngumiðstöðvar“ annars staðar, eins og í Kaupmannahöfn. Þau dæmi eru yfirleitt einfaldlega aðaljárnbrautarstöðvar sem liggja í hjörtum miðborga, í göngufæri við allt, með strætisvagna og neðanjarðarlestir í allar áttir. Ekkert af þessu á við samgöngumiðstöðina rangnefndu enda á hún að liggja vel utan við miðbæinn og samgöngurnar kæra sig ekkert um að búa þar.

Í nýlegri skýrslu Strætó bs. er þannig ekki gert ráð fyrir að stöðin hafi nein áhrif á leiðarkerfi Strætó heldur muni henni einfaldlega þjónað af þeim leiðum sem nú þjóna Háskólanum í Reykjavík og Nauthólsvík. Það þýðir að samgöngu„miðstöðin“ verður eilítið verr tengd við strætókerfið en verslunarmiðstöðin Spöngin í Grafarvogi og aðeins betur en miðbærinn í Mosó. Engin smá miðstöð sem þetta verður.

En er ekki búið að eyða of miklum tíma í þetta til að hætta við núna?

Auðvitað ekki. Það hefur einfaldlega þurft að endurteikna fyrirbærið í nokkur skipti því færri vilja flytja þangað en byggingaraðilar vonuðust eftir. Önnur ástæða tafarinnar er að borgin hefur mjög hóflegan áhuga á að troða þessari miðstöð í Vatnsmýrina. Hins vegar er Reykjavíkurborg ekki ólík öðrum sveitarfélögum að því leyti að henni þykir erfitt og asnalegt að afþakka risastór opinber verkefni innan sinna landamæra. Þess vegna láta menn flytja Hringbrautir og annað.

Allt er fínt sem er nýtt og frítt.

Einhver í borgarstjórn þarf að hafa hugrekki til að segja að þessi nýja flugstöð sé rugl. Hennar helsti tilgangur er auðvitað enginn annar en að planta í Vatnsmýri nýjum rökum gegn flutningi flugvallarins sem samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur á að hefjast eftir sex ár og vera lokið eftir fjórtán. „Á nú að flytja völlinn, þegar búið er að byggja þessa fínu nýju flugstöð?“ munu menn spyrja og hafa töluvert til síns máls.

Réttnefnd samgöngumiðstöð Reykjavíkur mun verða til þegar Strætó flytur á BSÍ. Annað þurfum við ekki. Innanlandsflug hefur dregist saman um 15% frá því að framkvæmdir fyrir austan stóðu sem hæst.

Skúrinn í Skerjafirðinum sem dugði fínt árið 2007 ætti að geta þjónað sínu hlutverki í kreppunni árið 2010.

# „Þegar eftirlitið vantar“

Eftirlit

Lúðvíg Lárusson
sálfræðingur og MBA



Kveikjan að greininni er vegna skýrslunnar um vistheimilin að Jaðri, Silungapolli og Reykjahlíð. Brynja, fréttakona Kastljóssins, ræddi við Rósu Ólöfu um dvöl hennar í Reykjahlíð og spurði hvernig hún telji stöðuna í dag. Rósa Ólöf svaraði að vegna fátæktar eru börn enn í dag látin axla ábyrgð langt umfram getu sína. Enn má spyrja hvort ofbeldi, kynferðislegt sem andlegt sé enn við lýði í dag.

> Samnefnarinn er agaleysi og ófullnægjandi eftirlit.

Sagan segir að ákveðin brotalöm hefur verið í samfélaginu sem veldur skelfilegum hörmungum aftur og aftur. Samnefnarinn er agaleysi og ófullnægjandi eftirlit. Undanfarið má nefna nokkur atriði sem bera þennan samnefnara eins og örlög drengjanna á Breiðavíkurheimilinu, efnahagshrunið, aðdragandi og afleiðingar þess þar sem lykilstofnanir hafi brugðizt skyldum sínum eins og Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn. Þingmenn flýja örlög landsdómsins. Ætla þeir þá að nýta hefðbundna ákæruleið í staðinn?

Samnefnarinn þarf að vera opinbert regluverk sem skilgreinir hin nauðsynlegu úrræði til að afstýra mistökum og hörmungum af mannlegu eðli. Augljóst er að þar sem börn eru án nægilegs eftirlits, þar er aukin hætta á misnotkun. Einn af rómversku keisurunum laugaði sig oft með litlum drengjum sem hann kallaði „fiskana“ sína. Sama gildir um fé sem er án hirðis þar eru freistingarnar miklar, fáar reglur, ójafnvægi í valdahlutföllum stofnana sem eiga að gæta og vera gætt. Það hafa verið gerðar nokkrar skýrslur nýlega um misþyrmingar og vanrækslu á börnum og misbeitingu valds í stjórnun efnahagsmála. Hér verður ljóst að hið raunverulega og virka eftirlit vantar en hvenær kemur það? Skilgreina þarf hvaða áhættuþættir hindra að börn á vistheimilum og eigin heimilum njóti alltaf fullrar verndar og fylgja þeim eftir með virku eftirliti.

Til samanburðar um virkt eftirlit má nefna hið alþjóða flugöryggi og þá vinnu sem er lögð í það. Hér hafa yfirvöld valið að leggja þrotlausa vinnu í að auka öryggi á öllum sviðum allt frá flugvélaframleiðslu til daglegs flugrekstrar. Í Bandaríkjunum einum eru yfir nítján þúsund farþegaflug daglega og líkurnar á að lenda í flugslysi þarf viðkomandi að vera yfir 90 ár samfleytt á flugi. Væri farþegaflug við lýði ef íslenzka fjármálaöryggið og vernd barna gilti?

Kjarninn er sá að þeir sem bera ábyrgð í hvaða máli sem er verða að hafa siðferðilegt þrek til að axla hana og koma á fullkomnu eftirliti með áhættuþáttum. Þannig myndi svarið til Brynju fréttakonu vera að ef skýrt, opið og fullkomið eftirlit sé með högum barna þá séu málin komin í lag en annars ekki. Höfum við þrek til að gera betur?

23.-26. september

Matardagar 2010
í Vetrargarðinum
í Smáralind









Dagskrá:




Föstudagur 24. september

| | |
|---|---|
| Íslandsmót nema í matreiðslu og framreiðslu | 8.00-15.00 |
| Sjónvarpskokkakeppni | 16.00-17.30 |
| Íslandsmeistaramót í hamborgaraáti | 17.00-17.15 |
| Úrslit dagsins kynnt, verðlaunaafhending | 18.00-18.30 |

Laugardagur 25. september

| | |
|---|---|
| Súpukeppni Knorr | 11.00-13.30 |
| Kokkalandsliðið sýnir „Kalt keppnisborð“ | 12.00-18.00 |
| Eftirréttur ársins | 14.00-17.30 |
| Úrslit dagsins kynnt, verðlaunafhending | 18.00-18.30 |

Sunnudagur 26. september

| | |
|---|---|
| Úrslitakeppni: Matreiðslumaður ársins | 8.00-15.30 |
| Horn á höfði, brot úr Barnasýningu ársins 2010 | 12.00 |
| Klakaútskurður, sýning og kennsla | 12.00-18.00 |
| Kokteilkeppni | 14.00-16.00 |
| Úrslit dagsins kynnt, verðlaunafhending | 17.00-17.30 |

Borgarleikhúsið sýnir brot úr Barnasýningu ársins 2010, Horn á höfði.
Öll börn sem koma í Veröldina okkar á Matardögum 2010 fá frían ís frá Emmess ís!

Sýnendur kynna matartengda vöru og þjónustu á sýningarsvæði.

Komdu í Vetrargarðinn í Smáralind um helgina og upplifðu það besta í íslenskri matargerð.

Klúbbur matreiðslumeistara

Smáralind MATVÍS KJARNAFÆÐI

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Óréttlætið er líka óhagkvæmt

kvótakerfið

Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður



Kvótakerfið í sjávarútvegi er óréttlátt. Framsalinu fylgir að fáir auðgast vel á annarra kostnað. Samþjöppun aflaheimilda dregur úr tekjum á einum stað og verðfellur eignir en bætir stöðuna á öðrum stað. Þetta bitra óréttlæti er varið með því að benda á hagkvæmnina sem framsalinu fylgir. Minni tilkostnaður verður við veiðarnar og útgerðin færist í hendur þeirra sem best kunna að stunda atvinnurekstur. Ávinningur þjóðarinnar af kerfinu með framsalinu sé ótvíræður þrátt fyrir ákveðið óréttlæti.

Nú eru liðin 20 ár síðan framsalið var leyft og í annað sinn er verið að endurskoða löggjöfina og gera úttekt á þróuninni. Hin óvænta staðreynd sem dregin er fram í nýlegum opinberum skýrslum er að goðsögnin um hið hagkvæma óréttlæti er röng. Óréttlætið hefur ekki fært þjóðinni ávinning. Þvert á móti þá er óréttlætið sjálf meinsemdin sem hefur komið í veg fyrir að hagkvæmni eða ávinningur hafi skilað sér til þjóðarinnar. Óréttlætið hefur reynst vera óhagkvæmt fyrir alla, nema þá fáu sem hafa á síðustu árum dregið fjögur hundruð milljarða króna út úr atvinnugreininni. Óréttlætið hefur komið fyrirtækjunum í verri stöðu en dæmi eru um og á þjóðina eru að falla stærri einkavíxlar en nokkru sinni fyrr.

Í skýrslu rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri, sem kom út í maí síðastliðnum, eru merkilegar upplýsingar sem vert er að gefa gaum. Þar kemur fram að samþjöppun veiðiheimilda hafi haldið áfram en ekki skilað sér í framleiðniaukningu í veiðunum. Fimm stærstu kvótahafarnir hafa aukið hlut sinn í heildarkvóta úr 17% árið 1995 í 34% árið 2007. Aflinn var 112 tonn af þorskígildum á hvert starf árið 1991 en 111 tonn árið 2008. Öll framleiðniaukningin í sjávarútveginum hefur orðið í vinnslunni, en í henni er ekkert kvótakerfi og engin takmörkun á atvinnufrelsi manna. Aflinn á hvert starf í fiskvinnslunni var árið 1991 87 þorskígildistonn en var orðinn 151 tonn árið 2008.

Framsalið, grundvöllur kvótakerfisins, er heldur ekki að skila því að kvóta hvers árs sé úthlutað til þeirra sem svo veiða fiskinn. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá maí 2010 eru upplýsingar um viðskipti með veiðiheimildir. Þar kemur fram að um 40% af kvótanum í aflamarkskerfinu skiptu um hendur og voru því veidd af öðrum en þeim sem fengu úthlutunina. Hlutfallið er enn hærra eða ríflega 50% í smábátakerfinu. Þessi viðskipti með árskvótann, aflamarkið, hafa frekar farið vaxandi en hitt. Þetta þýðir að færari útgerðarmenn eru ekki að leysa þá slakari af hólmi eins og framsalið á að leiða til. Þvert á móti gerist hið gagnstæða, hæfari útgerðarmennirnir komast ekki inn í kerfið heldur verða að greiða hinum hátt árlegt leigugjald fyrir veiðarnar. Nýr hagkvæmur útgerðarmáti sem verður til vegna breyttra aðstæðna nýtur sín ekki vegna leigugjaldsins og það viðheldur óhagkvæmari útgerð mun lengur en efni standa til. Heildarkostnaður við veiðarnar verður meiri en þarf að vera. Leiguliðakerfið verndar skussana og verðlaunar þá að auki. Það er grundvallaratriði í skilvirku fiskveiðistjórnunarkerfi að leyfunum á hverjum tíma sé úthlutað til þeirra sem veiða fiskinn. Það er mikill misbrestur á því og það kostar þjóðina tugi milljarða króna á hverju ári.

Þetta mikla svigrúm til þess að veiða ekki eigin kvóta árum saman heldur framselja hann, óréttlætið sjálft , hefur leitt til þess að bókfært eigið fé sjávarútvegsins hefur þurrkast út á fáum árum. Nettóskuldirnar voru 90% af útflutningstekjum árið 1997 en voru komnar í 272% af útflutningstekjum árið 2008. Það gerðist án þess að nokkur framleiðniaukning hafi orðið í veiðunum.

> Óréttlætið hefur reynst vera óhagkvæmt fyrir alla, nema þá fáu sem hafa á síðustu árum dregið fjögur hundruð milljarða króna út úr atvinnugreininni. Óréttlætið hefur komið fyrirtækjunum í verri stöðu en dæmi eru um og á þjóðina eru að falla stærri einkavíxlar en nokkru sinni fyrr.

Framsalið sem átti að búa til stór og öflug útgerðarfyrirtæki, gerði það að nokkru leyti, en það bjó líka til veiðiheimildir sem hægt var að selja fyrir stórfé, og það bjó til eigendur sem juku skuldirnar um 400 milljarða króna á 12 árum. Þessir peningar fóru út úr fyrirtækjunum til eigenda sinna. Óréttlætið breytti of mörgum útgerðarmönnum í fjárplógsmenn. Hagkvæmnin sem þjóðin átti að njóta varð að persónulegri hagkvæmni í bankabókum á Tortola. Óréttlátt kerfi er og verður alltaf óhagkvæmt, það getur ekki endað öðru vísi. Fullyrðingin um hið hagkvæma kvótakerfi þrátt fyrir innbyggt óréttlæti er goðsögnin ein. Eigi kerfið að virka fyrir þjóðarhag verður að leiðrétta óréttlætið. Undan því verður ekki vikist.

# Kirkjustarf í anda Krists

Þjóðkirkjan

Svana Helen Björnsdóttir
rafmagnsverkfræðingur og fulltrúi á kirkjuþingi



Undanfarnar vikur hefur mikið verið fjallað um þjóðkirkjuna í fjölmiðlum. Kröfur stjórnvalda um aukinn niðurskurð í starfsemi kirkjunnar voru ræddar á aukakirkjuþingi í ágúst. Þá strax heyrðust raddir í fjölmiðlum sem drógu mikilvægi þjóðkirkjunnar í efa og raddir þeirra sem lýsa sig trúlausa sögðu að hún væri tímaskekkja. Stuttu síðar komu frásagnir kvenna af hörmulegu ofbeldi prests er síðar varð biskup. Þjóðin öll fylltist sorg yfir þeim óheillaverkum, vitandi að kirkjan er fólki í eðli sínu og alla jafna skjól og samfélag elsku og umhyggju. Harmað var líka að hún skyldi bregðast seint og klaufalega við. Á ný var veist að þjóðkirkjunni og nú af meira offorsi en áður. Sjálfskipaður dómstóll götunnar krafðist afsagnar hins heiðvirða núverandi biskups og hvatt var til úrsagna fólks úr þjóðkirkjunni.

Umfjöllun fjölmiðla um þjóðkirkjuna undanfarnar vikur hefur verið óvægin og orsakað óeiningu. Hún hefur haft mikil áhrif á allt fólk innan kirkjunnar og það hefur jafnvel örlað á óeiningu meðal presta þjóðkirkjunnar. Lítið sem ekkert hefur farið fyrir umræðu um mikilvægi þjóðkirkjunnar í íslensku samfélagi. Kristin kirkja er samofin sögu lands og þjóðar allt frá landnámi. Hún er samofin menningu okkar og máli, hefðum og listum. Þjóðsöngur okkar er lofgjörð til Guðs og hvaða Íslendingur getur hugsað sér ferðalag um Ísland án þess að líta augum litla sveitakirkju sem lúrir undir fagurri fjallshlíð?

Mörgum finnst ástæða til að endurskoða innviði kirkjunnar og starfshætti hennar. Það er vissulega verðugt skoðunar og verður væntanlega gert á næsta kirkjuþingi um miðjan nóvember næstkomandi. Í þeirri umræðu er mikilvægast að gleyma ekki grundvelli kirkjunnar og hlutverki hennar.

Kristur kenndi um guðdómlegan sannleika sem helgar og lífgar. Hann boðaði kærleika Guðs og kenndi að mennirnir skyldu elska hann gegnum kærleika til náunga síns. Nú sem fyrr er þörf á að kirkjan sé djúp og tær í boðun á kærleiksboðskap Krists, auðmjúk og djörf, staðföst og sveigjanleg, baráttuglöð og friðflytjandi. Kirkjan samanstendur ekki aðeins af prestum heldur öllu kristnu fólki. Þar þurfa allir að vera virkir í kærleika og vakandi fyrir neyð annarra. Kirkjan þarf að vera úrræðagóð, fús og viðbragðsfljót til hjálpar.

Eining innan kirkjunnar er afar mikilvæg. Í bréfi Páls postula til Efesusmanna áminnir Páll hinn kristna söfnuð um að hegða sér svo sem samboðið er þeirri köllun sem söfnuðurinn hefur hlotið. Hann segir: „Verið í hvívetna lítillát og hógvær. Verið þolinmóð, langlynd, umberið og elskið hvert annað. Kappkostið að varðveita einingu andans í bandi friðarins.“ Kristnu fólki ber að styrkja kirkjuna til að gegna sem best mikilvægu hlutverki sínu í þjóðfélaginu. Því ber að verja eininguna kirkjunnar fyrir áföllum og skaða sem stafað geta m.a. af sundrungu, átökum og ósamhljómi. Sú eining byggist á því að sérhver kristinn einstaklingur reyni að lifa og starfa í anda Krists; láta gott af sér leiða hvar sem hann fer.

Það er margt sem kristinn einstaklingur getur gert í daglegu lífi sínu til að stuðla að kærleika og einingu. Láti hann sér annt um kirkjuna og kristið samfélag getur hann t.d. tekið virkan þátt í starfi safnaðar síns, með börnum jafnt sem fullorðnum og öldruðum. Í kirkjum landsins fer fram ótrúlega fjölbreytt starf sem allt of fáir vita um og njóta. Það er mikilvægt að styðja presta og aðra leiðtoga í slíku starfi. Mikilvægt er að einblína á það sem sameinar, en ekki það sem sundrar. Það er einnig mikilvægt að hvetja fremur en að gagnrýna.

# Hafði ráðherra rangt fyrir sér?

Gengistryggð lán

Sveinn Óskar Sigurðsson
viðskiptafræðingur



Áhugaverð umræða hefur spunnist um svör Gylfa Magnússonar ráðherra við spurningum Ragnheiðar Ríkharðsdóttur varðandi svokölluð myntkörfulán sem og nýfallinn dóm við Hæstarétt Íslands varðandi gengistryggð lán. Varðandi það hvort ráðherra hafi haft rangt fyrir sér eða ekki er ljóst að ráðherra hafði rétt fyrir sér, fór ekki með rangt mál né afvegaleiddi Alþingi á sínum tíma. Það eru ekki öll gengistryggð lán ótvírætt ólögmæt og eru það ekki nú fremur en þegar fyrirspurnin var lögð fram og henni svarað og því síður eftir dóm Hæstaréttar í málum af þessum toga. Ráðherrann virðist með svörum sínum hafa lagt línurnar varðandi skilning hins opinbera á lánasafni bankanna um árabil og tengdust gengistryggðum lánum af ýmsu toga. Má rekja feigð fjármálakerfisins m.a. til þessara lána og verðmats á þeim í bókum þess fram að hruni.

Gengistryggð lán, eins og flest fjármálafyrirtæki reiknuðu þau og sumir túlka þau í málflutningi sínum, voru ólögleg að því leyti að útreikningur lánanna stangaðist á við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sbr. dóm Hæstaréttar 16. júní á þessu ári. Svo virðist sem dómurinn hafi komist að þessari niðurstöðu vegna þeirrar málsástæðu að aðilar hafi sannarlega samið að um skuldbindingu í íslenskum krónum hafi væri að ræða og því væri óheimilt að reikna lánin með þeim hætti sem gert var af hálfu fjármálafyrirtækja. Var því lánasamningi ekki öllum vikið til hliðar heldur aðeins því ákvæði er sneri að hinni meintu gengistryggingu og svo nú í nýlegum dómi Hæstaréttar í september er sneri að vöxtum slíkra lánasamninga í íslenskum krónum. Færir Hæstiréttur fyrir því fjárhags- og hagfræðilega gild rök sem deilt er um að hafi verið neytendum í hag. Hljóta slík rök því að gilda í báðar áttir og veita öðrum vörn við aðrar gildar málsástæður af öðrum toga, byggðar með sannarlegum hætti á öðrum fjárhags- og hagfræðilegum staðreyndum.

Ekki eru öll gengistryggð lán ólögleg eins og látið er í veðri vaka. Sitt sýnist hverjum og fjölmargir frelsisþenkjandi menn hafa sagt að menn hafi frelsi til samninga um þessi efni. Gengistryggð lán geta einmitt verið lánasamningar í erlendri mynt þar sem samið hafði verið um að höfuðstóllinn í erlendri mynt væri gengistryggður og viðmiðið gengi íslenskrar krónu gagnvart þeirri mynt sem lánað var í. Við styrkingu krónu myndi slíkur höfuðstóll í erlendri mynt hækka en lækka við veikingu hennar. Í slíkum samningum væru útgefendur skuldabréfa að verja sig gegn falli íslenskrar krónu ef eignir og tekjur útgefandans væru í íslenskum krónum. Vísa má m.a. til laga um verðbréfaviðskipti þar sem útgefendur verðbréfa, þ.m.t. skuldabréfa, geta hugsanlega verið með slíkri útgáfu að stýra áhættu í eignasafni sínu. Um slíkt geta aðilar hafa samið. Fjármálafyrirtæki gæti hafa haft trú á íslensku krónuna eða viljað hafa slíka fjármálaafurð í lánasafni sínu vegna samsetningar þess. Sama gæti hafa átt við útgefandann og þannig náðst samningar.

Skulu stjórnvöld hafa þetta hugfast enda ekkert óeðlilegt við það að einhver hluti vel menntaðrar þjóðar, eins og íslensk þjóð er, gæti hafa viljað verja sig gegn vel þekktri óstjórn í peningamálum, verðfalli íslenskrar krónu og óðaverðbólgu sem rýrt hefur eigið fé íslenskra heimila í áratugi. Álit lögfræðimenntaðra manna og sérfræðinga við Háskóla Íslands nýlega vísa til þess að ákvæði í væntanlegu frumvarpi, sem kynnt var strax eftir nýfallinn dóm Hæstaréttar, gætu stangast á við eignarréttarákvæði Stjórnarskrár Íslands. Það er rétt. Gæta skal vel að því að eignarréttarákvæði Stjórnarskrár Íslands er ekki einungis til trygginar á eignum fjármálafyrirtækja á Íslandi, síður en svo.



# HLJÓMTÆKJADEILD ORMSSON ER FLUTT AFTUR Í LÁGMÚLA 8, 2.hæð



## OPNUNARTILBOÐ:



SHARP XL-DH320NH

Hljómtækjasamstæða

LISTAVERÐ: 54.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 45.900**



Pioneer PIONEER · DV-320

Hágæða DVD–spilari

LISTAVERÐ: 19.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 14.900**



OLYMPUS OLYMPUS · T-100

Til í 4 litum: Svört, blá, rauð og silfur

Stafræn myndavél

LISTAVERÐ: 19.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 15.900**



SAMSUNG R530-JT01SE

GLÆSILEG FARTÖLVA

LISTAVERÐ: 149.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 129.900**



SAMSUNG ML-2525

NÝR LASER-PRENTARI

**VERÐ: 33.900**



SAMSUNG ML-1660

NÝR LASER-PRENTARI

**VERÐ: 23.900**



CASIO EX-Z550

Stafræn myndavél

LISTAVERÐ: 35.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 28.900**



CASIO EX-FC100

Stafræn myndavél

LISTAVERÐ: 57.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 37.900**



SCOTT SDM22

FERÐATÆKI CD-spilari og útvarp

**VERÐ: 10.900**



OLYMPUS Mju Tough 3000

Til í 4 litum: Rauð, blá, græn og bleik

Stafræn myndavél

LISTAVERÐ: 37.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 29.900**



Verbatim VE47513

FLAKKARI · 1,5 TB

**OPNUNARTILBOÐ: 23.900**



Nintendo DS Lite

STÓRKOSTLEGT LEIKJAÚRVAL

DS Lite-Leikjatölva

LISTAVERÐ: 29.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 24.900**





**OPNUNAR-TILBOÐ: 39.900**

SPORT RESORTS OG MOTION+ *FYLGIR FRÍTT* MEÐ



SAMSUNG C455

32" LCD SJÓNVARP

HD Ready · 1366x768 · High Contrast

**OPNUNARTILBOÐ: 129.900**



SHARP 100 Hz LC-40LE700

40" LED SJÓNVARP

LISTAVERÐ: 389.900,-

**OPNUNARTILBOÐ: 199.900**

NÝ VERSLUN

SAMSUNG SETRIÐ

OPNAR Í SÍÐUMÚLA 9 FYRIR MÁNAÐARMÓT

# ORMSSON

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-15

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

# Forsendan sem Árni Páll gleymdi

Gengislán



Guðmundur Andri Skúlason
talsmaður Samtaka lánþega

Nú keppast menn hver um annan þveran við að túlka hina óvæntu niðurstöðu Hæstaréttar í vaxtamálinu. Og auðvitað á það að vera þannig. Menn eru ósammála og hver og einn reynir að halda sínum málflutningi sem hæst á lofti.

En eitt er það sem alveg gleymist í umræðunni, og það er hvernig hinn almenni lánþegi túlkaði lánið sem hann undirritaði í bankanum rétt áður en hann fékk afhentan pening til að kaupa íbúð eða bíl.

Í kynningarefni Frjálsa fjárfestingarbankans sagði að erlend lán væru óverðtryggð lán þar sem erlendur höfuðstóll tæki breytingum miðað við gengi.

Í forskrift lána hjá bæði Frjálsa og Landsbanka Íslands segir að um sé að ræða erlent lán og að lánið sé gengistryggt.

Hjá fjölmörgum bönkum gildir allt ofantalið ásamt því að sagt er að hin lánaða fjárhæð sé að JAFNVIRÐI tiltekinnar krónutölu.

Ef það, að gengistryggja íslensk lán hefur í för með sér að íslenski höfuðstóllinn breytist í takt við breytilegt gengi, þá má spyrja hvað breytist þegar erlent lán er gengistryggt?

Það hlýtur að vera hinn erlendi höfuðstóll, eða eins og sagt er í skilmálum lánsins, upphæð þeirrar myntar sem lánið er tekið í tekur breytingum þegar gengi viðkomandi gjaldmiðils breytist.

Til að styðja enn frekar við þetta þá er skýrt á um það kveðið að þau lán sem hér að ofan eru talin eru sögð að JAFNVIRÐI tiltekinnar krónutölu.

Þetta lítur því þannig út:

Ég tók erlent lán sem var gengistryggt sem jafnvirði ISK 20 milljónir. Lánið var veitt í jenum og frönkum og sagt að höfuðstóll lánsins tæki breytingum miðað við gengi.

> Það er síðan alfarið á ábyrgð bankans ef hann hefur tapað á þessu veðmáli.

Lánið var veitt í jenum og frönkum og höfuðstóll lánsins er því í jenum og frönkum. Og það er sá höfuðstóll sem breytist.

Vextir miðast síðan við þessar sömu myntir, sem lánið er veitt í.

Fall krónunnar hefur því þær afleiðingar að ég skulda jafnmargar krónur og áður. En af því að krónan er verðlaus, þá þarf ég miklu færri jen og franka til að greiða jafnvirði ISK 20 milljónir og því hefur höfuðstóll lánsins lækkað vegna fallsins.

Lánþegar tóku því meðvitaða ákvörðun og tryggðu sér lága vexti og gengistryggðu jafnframt hina íslensku upphæð þar sem laun lánþega voru í flestum tilfellum í íslenskum krónum.

Það er síðan alfarið á ábyrgð bankans ef hann hefur tapað á þessu veðmáli.

Þetta hef ég ítrekað bent núverandi efnahags- og viðskiptaráðherra á. Ég hef sent honum opin bréf, skrifað greinar í blöð, talað við hann beint og jafnvel gengið svo langt að koma fram í sjónvarpi hvar Lóa Pind útskýrði þetta fyrir ráðherra eins og hann væri fimm ára.

Það er því fullkomlega óskiljanlegt að ráðherra komi fram á opnum blaðamannafundi og kynni þar lagasetningu sem breyta á þessum samningum aftur í tímann, bankanum til hagsbóta.

Slíkt getur aldrei orðið, og verður aldrei.

# Um baktjöld þagnar háskólamanna

Háskólamenntun



Magnús S. Magnússon
vísindamaður

Ýmsir hafa undrast að sérfræðingar Háskóla Íslands vöruðu ekki fyrr og kröftuglegar við efnahagshruni. Háskólamönnum ber því nokkur skylda til að vitna um að ekki var allt háskóli sem sýndist þó lofsverðar framfarir hafi síðan orðið.

Upp úr 1990 fluttist ég heim eftir 20 ár erlendis, rúman áratug í rannsóknanámi við Kaupmannahafnarháskóla og annan við rannsóknastörf sem aðstoðarforstöðumaður við Safn mannsins á Mannfræðistofnun Náttúrusögusafns Frakklands í París og síðan sem háskólaprófessor við sálarfræði- og líffræðideildir Parísarháskóla, m.a. á Sorbonne í París. Fjölskylduástæður réðu heimför, en reynsla annarra íslenskra háskólamanna olli ugg, enda tók við alls ófullburða háskólastig og óprenthæf launakjör.

Háskóli Íslands var þá í raun grunnnámsháskóli (undergraduate school) en ekki háskóli (university) í fyllstu merkingu þó margir virtust trúa því og að hann væri auk þess meðal fremstu háskóla heims og starfsmenn hans hálaunaðir.

Laun háskólamanna hér voru þó ósambærileg við starfsbræður erlendis og innlenda aðila og virðingarleysi fyrir menntun þeirra og starfi yfirgengilegt. Á launaseðlinum var sem stæði: „Þú ert ekki matvinnungur heldur byrði á þjóðinni“. – Flosnaði nokkur upp frá búi vötnuðu valdamenn músum, en að háskólamaður flosnaði upp frá menntun sinni, oft frá helstu háskólum veraldar, skipti engu.

Við athöfn í Háskóla Íslands á tíunda áratugnum virtist eldri háskólaprófessor á hag- eða viðskiptasviði klökkna í ræðu frammi fyrir valdamönnum er hann barmaði sér út af háðuglegum launum sínum. Hans líkum var augljóslega ekki ætlað að ganga uppréttir eða hafa sjálfstæðar skoðanir heldur dansa eftir pípu valds og aura í von um dúsur. Íslenski prófessorinn myndi heldur ekki hafa rannsóknanemendur til að rannsaka brýn mál, hvorki t.d. einkavinavæðingu né hagstjórn. Styrkur háskólaprófessora þróaðra þjóða var hér óvelkominn og niðurlægðir háskólamenn lærðu að þegja. – Einn fór þó mikinn í fjölmiðlum enda lýsti sá einatt aðdáun á hæsta valdherra.

> Á launaseðlinum var sem stæði: „Þú ert ekki matvinnungur heldur byrði á þjóðinni“

Áform komu fram um „Háskóla-spilavíti“! En var það ekki bara hótun, örþrifaráð æðstu menntastofnunar þjóðar til að valda lögboðnu hlutverki sínu og ætluð til þess eins að knýja Alþingi til dáða? „Nei, á Alþingi ræða menn nyt í kúm og beitarþol og skiptast á ferskeytlum“ var manni sagt. Æðsta menntastofnun þjóðar sem brautryðjandi í spilavítarekstri varð ískaldur raunveruleiki. Erlendir starfsbræður voru agndofa. – Var þetta einn forboða siðrofs og „casínó“-lifnaðar?

Virðingarleysið fyrir menntun var svo innsiglað skömmu fyrir nánast gjaldþrot þjóðarinnar m.a. með því að setja einstakling einungis með grunnmenntun frá Háskóla Íslands og það í óviðkomandi fræðum ráðherra bankamála, risavaxins alþjóðlegs bankakerfis smáþjóðar, en hrun þess varð eitt hið stærsta í veraldarsögunni.

Glæsileg efling háskólastigsins á síðustu árum, sem hefur gert Reykjavík að háskólaborg kom of seint, en ástæða virðist nú til bjartsýni um aukið vægi þekkingar í íslensku mannlífi.

# Af atvinnusköpun og fjöldamorðum

Atvinnusköpun og siðgæði



Jóhann Páll Jóhannsson
nemandi við Menntaskólann í Reykjavík

Orð fá ekki lýst þeim þjáningum sem styrjaldir leiða yfir mannkynið. Nú á tímum er hernaðarbröltið knúið áfram af ráðamönnum, alþjóðastofnunum, skæruliðasamtökum og ótal hagsmunaaðilum. Jafnframt má nefna einkarekin hernaðarfyrirtæki sem selja þjónustu sína nánast hverjum sem er. Slík fyrirtæki þrífast beinlínis á hernaði og auka þannig eftirspurnina eftir stríði. Eitt þessara fyrirtækja nefnist ECA Program, en fyrr á árinu sótti það um starfsleyfi á Keflavíkurflugvelli í því skyni að flytja þangað orrustuþotur, viðhalda þeim og leigja út til heræfinga. Fyrirtækið er umdeilt og eignarhald þess óljóst, enda var því neitað um starfsleyfi í Kanada. Þrátt fyrir það hyggjast Árni Sigfússon og fleiri Suðurnesjamenn taka fyrirtækinu opnum örmum.

Við Íslendingar heyrum iðulega fréttir af stríðshörmungum úti í heimi, en í hugum okkar flestra eru þær fjarlægar og óraunverulegar. Vandamál á borð við atvinnuleysi standa okkur miklu nær. Þótt áætlað sé að umrætt fyrirtæki sjái 150 Suðurnesjamönnum fyrir vinnu má ekki gleyma þeim milljónum jarðarbúa sem eiga um sárt að binda eftir árásir herja sem nýta sér þjónustu af því tagi sem ECA Program vill flytja til Keflavíkur. Því ættum við að velta fyrir okkur eftirtöldum spurningum: Viljum við leggja blessun okkar yfir starfsemi sem hefur fjöldamorð að féþúfu? Erum við tilbúin að láta siðgæðið lönd og leið fyrir atvinnusköpun? Leyfir samviskan okkur að græða á starfsemi sem þrífst á því að fólk úti í heimi murki lífið hvert úr öðru? Og vilja Suðurnesjamenn virkilega selja sál sína fyrir atvinnu?

# Ríkisstjórn á fölskum forsendum

Stjórnmál



Halldór Úlfarsson
matreiðslunemi

Ég hafði óbilandi trú á þessari ríkisstjórn þegar hún tók við völdum. „Mér blæðir það í augum sem Íslendingi“ hvað aðgerðarleysi hennar í málefnum heimilanna hefur verið algjört. Þau komust til valda algjörlega á fölskum forsendum. Ég er svo yfir mig gáttaður á getuleysi þessarar ríkisstjórnar, slæm var stjórnin sem var fyrir en þessi stjórn er að slá öll met í verkleysi og vankunnáttu.

Til hvers heldur þetta fólk að það sé kosið á þing? Þetta fólk er búið að hafa öll tækifæri í heiminum frá því þau tóku við til þess að taka á þessum málum. Ef þessi ríkisstjórn hefði tekið strax á lánamálum heimilanna t.d. með 20-30% leiðréttingu erlendra lána hefði staðan verið allt önnur í dag. Ég er viss um að 99% fólksins í landinu hefði sætt sig við það, þá hefðu þeir átt að frysta vísitöluna í byrjun árs 2008. Hvernig dirfast þau að halda því fram að við höfum ekki efni á þessu, því staðreyndin er sú að leið ríkisstjórnarinnar verður mikið dýrari þegar upp verður staðið. Mig langar að nefna eitt dæmi sem ég þekki um fólk sem keypti íbúð á 30 millj. fyrir kreppu. Þau áttu eigin sparnað upp á 12 millj. og tóku 18 millj. að láni hjá Frjálsa fjárfestingabankanum. Núna, eftir nýjustu æfingar Árna Páls og Steingríms, er sparnaður þeirra upp á 12 millj. farinn út um gluggann, eftirstöðvar af láninu eru rúmlega 30 millj. og íbúðin kannski að verðmæti 20 millj. Ráðherrar í ríkisstjórninni kalla aðra stjórnmálamenn vitleysinga. Margur telur mig sig, ég segi burt með vitleysinga-ríkisstjórnina, ykkar tími er farinn.

Steingrímur, þú staglast sífellt á því hvað þetta er erfitt, það er af því að þú kannt bara að blaðra en ekkert til verka!

Getur verið að þessi afglöp ríkisstjórnarinnar í málefnum heimilanna þurfi að fara fyrir landsdóm?




ÓPUSallt
Hreyfill kallar...
„Fjárhagsbókhaldið í Ópusallt er það sem hreif okkur. Bókhaldið okkar er flókið, en Ópusallt ræður vel við það.“
Eva Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri
Hreyfils

Ópusallt er hannað fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi og er allt í senn: stjórntæki, upplýsingakerfi og bókhaldskerfi.

HUGUR / AX
Guðríðarstíg 2–4
113 Reykjavík
Sími 545 1000
www.hugurax.is

ÓPUSallt
Viðskiptalausn frá HugAx



**Fyrsta Tómasarmessan** í Breiðholtskirkju í Mjódd á þessu hausti verður sunnudagskvöldið 26. september klukkan 20. Tómasarmessan einkennist af fjölbreytilegum söng og tónlist, mikil áhersla er lögð á fyrirbænir og sömuleiðis á virka þátttöku leikmanna.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

**Verð aðeins 7.290 kr.**

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...




Jóhannes Steinn notar aðallega norrænt hráefni. Hér er hann með alíslenskan sveppaforrétt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Jóhannes Steinn Jóhannesson, tvöfaldur matreiðslumaður ársins, mun krýna nýjan nýjan matreiðslumann Íslands á sunnudag enda sjálfur að undirbúa sig fyrir heimsmeistaramót.**

# Eftirlætur öðrum titilinn

Jóhannes Steinn Jóhannesson, matreiðslumaður ársins 2008 og 2009 og kokkur á veitingastaðnum Vox, ætlar að eftirláta öðrum að keppa um titilinn í ár enda á hann fullt í fangi með að undirbúa sig undir heimsmeistarakeppnina í matreiðslu sem verður haldin í Lúxemburg í nóvember. Þangað stefnir hann með kokkalandsliði Íslands og eru stífar æfingar fram undan.

Keppnin um matreiðslumann Íslands fer fram í Smáralind á sunnudag en hún er liður í Matardögum 2010 sem hófust í gær og standa fram á sunnudag. „Ég mun ekki láta mig vanta á keppnina og mun fylgjast spenntur með á hliðarlínunni enda verða þrír matreiðslumenna frá Vox að keppa,“ segir Jóhannes Steinn.

Á Vox er norræn matarhefð í hávegum höfð og meðal hráefnis sem Jóhannes Steinn notar eru íslenskir villisveppir úr Skorradal. „Stundum förum við sjálfir að tína en erum auk þess með hjálparkokka á staðnum.“ Jóhannes Steinn gefur uppskrift að sveppaforrétti sem hann skerpir á með nautamerg.

*vera@frettabladid.is*

## ÍSLENSKIR VILLISVEPPIR, NAUTAMERGUR OG GRÆNKÁL

**forréttur fyrir fjóra**

1 box Flúðasveppir
250 g íslenskir kóngasveppir (má nota aðra villisveppi)
2 shallot-laukar
1 hvítlauksgeiri
1 l kjúklingasoð (má nota vatn og kraft)
grænkál frá Eymundi Magnússyni bónda í Vallanesi
mergur innan úr einum nautabeinlegg
salt

**Kóngasveppasoð:**
Svitið laukinn og sveppina í potti, bætið soði við og sjóðið í 30 mínútur. Sigtið og smakkað til með salti.



**Steiktir sveppir:**
Steikið sveppina á snarpheitri pönnu í olíu og smá smjöri. Gott er að setja smátt saxaðan shallot-lauk út á sveppina eftir á. Kryddið með salti. Hér má nota hvaða villisveppi sem er. Jóhannes Steinn notar kantarellu, furusvepp, kóngasvepp og gulbrodda.

**Grænkál:**
Rífið kálið niður, skolið og dressið með olíu og salti.

**Nautamergur:**
Mergurinn er fenginn úr leggbeinum. Skerið hann niður og létteldið við vægan hita. Kryddið með salti.

*Færið sveppina og grænkálið upp á disk, setjið um það bil tvo mergbita á hvern disk og hellið soðinu yfir.*


Hollur og spennandi réttur í heilsurétta hópinn

Rétturinn samanstendur af rauðum hrísgrjónum sem eru næringar- og trefjaríkustu grjón sem völ er á, íslensku lífrænt ræktuðu byggi, heilum höfrum ásamt kjúklingi, eggjum og grænmeti, kryddaður með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

Trölla trefjar

Lítill 890kr. | Stór 1290kr.




NINGS
Stórhöfða
Suðurlandsbraut
Hlíðasmára
Sími 588 9899
www.nings.is



**Kaffihúsakaffi** er oftar en ekki skreytt mjólkurhjörtum og laufblöðum. Á Netinu er að finna fjölda myndbanda sem sýna réttu handtökin sé vilji til að prófa að skreyta eigin bolla. Sláið inn „Coffee design“ og leyndardómurinn kemur í ljós.

# Ítalska aðferðin

**Ítalir elska kaffið sitt, enda vinsælustu kaffisamsetningar heims upprunnar á Ítalíu, eins og espresso, cappuccino og caffè latte.**

Á Ítalíu er kaffidrykkja listgrein og þar verður kaffibollinn að vera hárrétt lagaður svo menn njóti hans vel. Hinn dæmigerði Ítali fær sér ýmist espresso eða cappuccino í morgunsárið, sterkt kaffiskot eftir vinnu og svo einn eftir kvöldmat áður en hann heldur í kvöldgöngu um miðbæinn sinn.



Ítalir vilja hafa kaffibollann fullkominn.

- Flestir Ítalir drekka kaffið sitt uppistandandi á kaffibar fyrir klukkan 9 á morgnana, því verðið hækkar til muna sé sest niður með bollann.
- Sé beðið um „un caffè“ á kaffihúsum Ítalíu færðu sjálfkrafa espresso í bollann þinn.
- Ítalir bera kaffið fram hálfvolgt, en ekki sjóðheitt, eins og hér tíðkast.
- Biðjir þú um latte, eins og sjálfsagt er að stytta kaffiheitið hér heima, færðu einfaldlega mjólkurglas þar sem orðið latte þýðir mjólk. Biddu því alltaf um caffè latte.
- Caffè lungo eða caffè americano er ýmist venjulegur uppáhellingur eða espresso útþynnt með vatni.
- Cappuccino er nákvæmlega 1/3 kaffi, 1/3 flóuð mjólk og 1/3 mjólkurfroða, en Ítalir strá sjaldan ef aldrei súkkulaði ofan á froðuna.

*- þlg*

Koffín er í kaffi, kakói, tei og gúarana og matvælum unnum úr þeim. Koffín gefur einkennandi beiskt bragð og er notað sem bragðefni, meðal annars í kóladrykki.

**www.visindavefur.is**

# Átti ekkert skylt við kaffi og er úr sögunni

**Þrátt fyrir margumtalaða kreppu á Íslandi hefur kaffibætirinn ekki skotið upp kollinum aftur en hann var notaður til að drýgja kaffibaunirnar langt fram eftir síðustu öld. Nú heyrir hann sögunni til.**

„Kaffi var munaðarvara en með því að setja mola af kaffibæti í könnupokann þegar hellt var á, varð hver sopi ódýrari. Þannig var hægt að spara baunirnar. Þess vegna varð kaffibætirinn vinsæll, einkum á skömmtunar- og kreppuárunum og var hluti af daglegri neysluvöru á velflestum heimilum.“ Þannig lýsir Ólafur Johnson, framkvæmdastjóri Ó Johnson & Kaaber, notkun kaffibætis á Íslandi og útskýrir í framhaldinu uppruna hans. „Þetta var rót salats sem nefnist sikoría sem var brennd og möluð. Hún á ekkert skylt við kaffibaunir en gaf kaffinu ramman keim og magnaði upp bragðið af því auk þess að dekkja það.“

Ólafur segir fyrstu heimildir um innflutning á kaffibæti vera frá 1872. „Þýskur maður, Ludvig David, stofnaði umboðsverslun í Hamborg sem hann nefndi eftir sjálfum sér. Hann framleiddi kaffibæti og flutti út. Þess vegna stóð á umbúðunum Export sem þýðir útflutningur og það varð til þess að kaffibætirinn gekk undir nafninu export hér á landi, líka löngu eftir að farið var að framleiða hann hér á landi og exportsáletrunin hvarf af umbúðunum.“

Kaffibætirinn var í stautum, innpakkaður í rauð bréf. Ekki spillti vinsældunum að liturinn á umbúðunum var svo laus í sér að hægt var að nudda honum bæði á kinnar og varir og var kærkomin snyrtivara á tímum hafta, skömmtunar og fátæktar.

Framan af var kaffibætirinn í heilum stautum sem molar voru muldir úr til að setja út í kaffiduftið. Síðar kom hann í snyrtilegum plötum sem auðvelt var að brjóta í sundur og var ýmist skipt í tvennt eða þrennt, eftir heimilum. Rauðir álstaukar komu einnig á markað til að geyma exportið í.

Þegar innflutningshöft voru tekin upp í kringum 1930 kom til greina að hætta að flytja kaffibætinn inn,“ að sögn Ólafs. „Þá sótti fyrirtækið Ó. Johnson & Kaaber um einkaleyfi til að framleiða kaffibætinn hér á landi undir merkjum Ludvigs David,“ lýsir hann og fer með vísu sem varð til á blómaskeiði þessarar vöru.




„Með því að setja mola af kaffibæti í könnupokann þegar hellt var upp á varð hver sopi ódýrari,“ segir Ólafur og handleikur eftirlíkingu af kaffibætisstauk sem Ó. Johnson & Kaaber lét gera. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Kaffisopinn indæll er,*
*eykur fjör og skapið kætir*
*en lang best alltaf líkar mér*
*Lúðvígs Davíðs kaffibætir.*

Árið 1976 var eftirspurnin eftir kaffibæti orðin það lítil að framleiðslu hans var hætt. „Nú er sikoríurótin löngu aflögð í kaffibransanum,“ segir Ólafur. „Ég veit að minnsta kosti ekki til þess að hún sé nokkurs staðar notuð.“

*gun@frettabladid.is*

Saeco kaffivélar



Alsjálfvirkar HÁGÆÐA kaffivélar.
Ný sending komin.
Verð frá aðeins kr. 69.990

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Klassískt með kaffinu

**Það tekur tímann sinn að baka biscotti en er vel þess virði.**

Biscotti-kökur eiga rætur sínar að rekja til borgarinnar Prato á Ítalíu. Kökurnar eru tvíbakaðar sem gera þær stökkar undir tönn. Þær eru til í þónokkrum útgáfum og þykja passa einstaklega vel með rjúkandi kaffi.



## BISCOTTI MEÐ HESLIHNETUM

er ómissandi með kaffinu á tyllidögum

1 bolli heslihnetur
120 g dökkt súkkulaði (smátt skorið)
1 bolli púðursykur
1¾ bollar hveiti
1/3 bolli ósætt kakó
1 tsk. instant expressó-duft
1 tsk. matarsódi
¼ tsk. salt
3 stór egg
1½ tsk vanillusykur

*Hitið ofninn í 180 gráður og ristið heslihneturnar í 15 mínútur. Leyfið þeim að kólna á viskustykki í fimm mínútur og nuddið hýðið af. Lækkið hitann í 150 gráður.*

*Setjið súkkulaðið og púðursykurinn í matvinnsluvél og blandið þar til súkkulaðið er orðið fínt. Hrærið saman hveiti, kakó, espressó-dufti, matarsóda og salti í annarri skál. Þeytið saman egg og vanillusykur í þrjátíu sekúndur og bætið síðan súkkulaði og sykurblöndunni við. Bætið þá hveitiblöndunni út í og að síðustu heslihnetunum.*

*Hnoðið deigið með hveitibornum höndum og skiptið því í tvennt. Mótið hvern part í 25 sentimetra langan og fimm sentímetra breiðan hleif. Bakið í 35-40 mínútur. Hleifarnir munu dreifa úr sér við bakstur. Takið þá úr ofninum og látið þá kólna í tíu mínútur. Skerið niður tveggja sentimetra bita eftir endilöngu. Færið þá upp á bökunarplötu og bakið á hvorri hlið í fimmtán mínútur. Látið kólna á bökunargrind og njótið með ljúffengum kaffibolla.*

# Engifer & ískaffi

**Gaman er að prófa sig áfram með klassíska kaffidrykki og bæta einhverju spennandi út í bollann. Starfsfólk á kaffihúsinu Frú Berglaugu og Café Haití gaf uppskriftir að girnilegum kaffidrykkjum.**

Kaffihúsin Frú Berglaug og Café Haití í Geirsgötu eru ólík en notaleg kaffihús í afar fallegu umhverfi, það fyrrnefnda í hringiðunni við Laugaveginn og það síðarnefnda á hinu skemmtilega hafnarsvæði við Geirsgötu sem er í stöðugri uppbyggingu. Fréttablaðið fékk Agöthu Ýri Gunnarsdóttur á Frú Berglaugu og Eldu Thorisson-Faurelien á Café Haití til að gefa lesendum uppskriftir að girnilegum kaffidrykkjum. *- jma*



Agatha Ýr Gunnarsdóttir á kaffihúsinu Frú Berglaugu með ískaffið. Frú Berglaug býður, auk góðra kaffidrykkja, upp á mikið úrval af kökum, einar tíu tegundir, ekki alltaf þær sömu, auk þess sem humarsamlokur og -salöt eru á matseðlinum og klassískur heimilismatur, eins og plokkfiskur og kjötsúpa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÍSKAFFFI FRÚ BERGLAUGAR

6 klakar
tvöfaldur espressó
1 bolli mjólk
2 slettur karamellusíróp
2 msk. þeyttur rjómi
smá súkkulaðispænir

*Setjið ísmola í stórt glas. Hellið kaffinu og mjólkinni út í og hrærið sírópinu vel saman við. Skreytið með þeyttum rjóma og stráið súkkulaðispæni yfir. Bragðast einkar vel með gulrótar- og ostaköku.*





Elda Thorisson-Faurelien á Café Haití með kaffidrykk með engifer. Café Haití hefur getið sér gott orð meðal kaffiaðdáenda en staðurinn er nú fluttur á nýjan stað, í Geirsgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## KAFFI MEÐ ENGIFER

7 grömm kaffiduft að eigin vali
vatn fyrir kaffið
½ stk. þurrkað og mulið engifer eða 1 tsk. engiferduft
½ bolli mjólk

*Blandið saman kaffinu og engifer í espressókönnu og hellið upp á fyrir einn bolla. Flóið mjólkina þannig að smá froða myndist og blandið í bolla uppáhelltu kaffinu og mjólk í jöfnum hlutföllum, setjið froðuna ofan á með matskeið.*



Engiferið gefur kaffinu kraftmikinn keim.

# Úr vöndu að ráða?

KAFFI ER EKKI ÞAÐ SAMA OG KAFFI OG GENGUR UNDIR ÝMSUM NÖFNUM.

Þykir þér kaffi gott en ert ekki viss um hvað öll ítölsku kaffinöfnin þýða? Hér færðu örlitla hjálp:

**ESPRESSO:** Svart, rótsterkt kaffi.

**CAFFÉ AMERICANO:** Útþynntur espresso, en þó sterkari og bragðmeiri en venjuleg uppáhelling.

**CAFFÉ CORRETTO:** Espresso með skvettu af líkjör. Corretto vísar í enska orðið correct, og er í gamni sagt til að rétta sig af.

**CAFFÉ MACCHIATO:** Espresso með smáslettu af flóaðri mjólk.

**CAFFÉ RISTRETTO:** Espresso með eilítið minna vatni og því sterkari en hefðbundinn espresso.

**CAFFÉ LATTE:** Espresso með flóaðri en froðulausri mjólk til helminga.



Kaffi er ekki bara kaffi þótt úr baun sé.

**CAPPUCCINO:** Kaffi með flóaðri mjólk, meira en í macchiato, og oftast drukkið einvörðungu við morgunverð.

*- þlg*



Ítölsk kaffibrennsla er talsvert ólík mörgum öðrum, svo sem þeirri frönsku, að því leyti að þær ítölsku eru brúnni og innihalda mun minni olíu en þær frönsku.

**www.lifeinitaly.com/food/coffee.asp**

*Það er kaffitími núna*




Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.



Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiilmsins, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

*Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir kaffitímann***
*Kíktu á bki.is*



**Sýnir nunnunnar Hildigerðar** er dans- og tónverk sem verður frumflutt á Skriðuklaustri á laugardag klukkan 15. Verkið er unnið af listamönnunum Megan Harrold og Charlie Rauh en þau hafa unnið að því í gestaíbúðinni á Skriðuklaustri síðustu vikur.

Bíó Paradís sýnir nýjar kvikmyndir frá öllum heimshornum auk eldri mynda erlendra sem innlendra, hýsir kvikmyndahátíðir og stendur fyrir fjölbreyttum kvikmyndatengdum viðburðum. Hátíðin RIFF stendur þar yfir.

**www.bioparadis.is**

KINAHOFID
**Súpa dagsins og fjórir réttir:**
Borðað á staðnum 1.590 kr. á mann
Heimsending 1.590 kr. á mann
Tekið með heim 1.450 kr. á mann
NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022




Dúkaðu upp borðið
25-50% afsláttur af öllum
borðdúkum fram á laugardag
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

–25%
af öllum buxum
um helgina
Vorum að taka upp nýjar SOYA-vörur
og nýja skokka.
FULL BÚÐ AF
NÝJUM VÖRUR
MINDX
Sími 534 0073
**Erum með opið á lau. kl. 11–16**
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is



Hér eru þau Anita Jacobsen og Sigmar Snær Sigurðsson glaðhlakkaleg, enda í startholunum fyrir gómsæt og spennandi dómarastörf í Sjónvarpskokkakeppninni sem hefst klukkan 16 í Vetrargarðinum í Smáralind í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Langbesta barnaafmælið

**Það verður handagangur í öskjunni í Vetrargarðinum í dag þegar sjónvarpskokkar þjóðarinnar keppa sín á milli um besta heilsusamlega 10 ára afmælið en dómnefndina skipa tíu ára börn og sjálfur Siggi Hall.**

„Lítill borðaði ég ekki nammi. Mig langaði hreinlega ekkert í það og vildi bara ávexti, en svo breyttist það og nú finnst mér sælgæti gott,“ segir Sigmar Snær Sigurðsson, tíu ára Hafnfirðingur, sem tekur sæti dómara þegar sjónvarpskokkarnir landsfrægu keppa innbyrðis á Matardögum í Smáralind í dag. Með Sigmari að dómarastörfum verða Anita Jacobsen tíu ára og matreiðslumeistarinn Siggi Hall, en keppendur eru Jói Fel frá Stöð 2, Hrefna Sætran af Skjá einum, Jóhanna Vigdís frá RÚV og Magnús Ingi af ÍNN.

„Krökkum þykir alveg jafn gaman að koma í hollustuafmæli, en auðvitað verður að vera fullt af nammi líka. Ég er oftast með pitsur, kökur og ekkert hollt í mínu afmæli, en prófaði einu sinni að vera með grænmetisbakka og það var alveg smá vinsælt,“ segir Anita og undir orð hennar tekur Sigmar heils hugar. „Það er jafn spennandi að koma í heilsuafmæli því gulrætur og gúrkur eru allt í lagi. Við erum stundum með ávaxtapinna í mínu afmæli og það er dálítið vinsælt því eftir mikið súkkulaðiát fer mann að langa í eitthvað safaríkt og ferskt,“ segir Sigmar.

> „Ég prófaði einu sinni að vera með grænmetisbakka og það var alveg smá vinsælt.“



Bæði börnin hlakka mjög til dómarastarfans í dag. „Ég varð hoppandi glaður þegar mamma sagði mér frá þessu og hélt hún væri að djóka. Ég hlakka til að smakka allt góðgætið og sjá hvernig Jói Fel leysir þetta því hann þekki ég best af þeim úr sjónvarpinu,“ segir Sigmar brosmildur. Anita tekur í sama streng: „Það gæti kannski orðið erfitt að velja sigurvegara ef þetta verður allt mjög gott,“ segir hún íhugul.

Þau Anita og Sigmar eru sammála um að afmælisdagurinn sé besti dagur ársins, að meðtöldum jólunum.

„Mér þykir alltaf jafn gaman að eiga afmæli því þá koma vinir manns til að hafa það gaman. Barnaafmæli verða samt að vera skipulögð og skemmtileg, og mikilvægt að opna gjafirnar þegar allir eru komnir svo þeir sjái hvað maður fær. Eftir það er best að fara í einn leik áður en maður borðar kökurnar og svo aftur í leiki á eftir,“ segir Anita sem dreymir um að halda afmæli sitt á Spáni þar sem gestum hennar hefur verið boðið með.

„Það er frábært að eiga afmæli og alltaf best að halda það heima því þá nær maður sambandi við gesti sína. Það er ekkert gaman að halda afmæli í til dæmis bíó, horfa á eina mynd og svo bara bæ og búið, en æðislegt að hafa fullt af kökum og nammi heima og fara í fataleik eða spennandi pakkaleik þar sem allir rétta pakkann ógeðslega hægt sín á milli til að halda honum hjá sér,“ segir Sigmar kátur, og stundum er pabbi hans með töfrabrögð, þótt hann vinni ekki við það. „En afmæli er alltaf nammidagur og oftast má ég ekki fá nammi þegar ég á líka afmæli því þá er ég búinn að fá svo mikið gotterí.“ *thordis@frettabladid.is*

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
**Nýtt námskeið hefst í dag.**

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

## Gamanmál á Faktorý

JAFNRÉTTISDÖGUM HÁSKÓLA ÍSLANDS, SEM HAFA STAÐIÐ FRÁ ÞVÍ Á MÁNUDAG, LÝKUR Í DAG OG Í TILEFNI ÞESS EFNIR STARFSHÓPUR UM JAFNRÉTTISDAGA TIL UPPISTANDS Á SKEMMTISTAÐNUM FAKTORÝ.

Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið að vera ávallt í fararbroddi í jafnréttismálum og er þetta annað árið sem jafnréttisdagar eru haldnir hátíðlegir.
Á lokahófinu ætla nokkrir meðlimir Uppistöðufélagsins að standa upp og fara með gamanmál, eða þær Þórdís Nadia Semichat, Saga Garðarsdóttir, Íris Ellenberger og Elsa María. Kynnir er Eldar Ástþórsson, aktívisti og framkvæmdastjóri Kraums – Tónlistarsjóðs. Faktorý, sem stendur við Smiðjustíg þar sem Grand Rokk var áður til húsa, opnar klukkan 21 og aðgangseyrir er enginn.

*- jbá*



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 24. september 2010



Hönnuðurinn Tinna Pétursdóttir rekur hönnunarfyrirtækið Stúdíó Akkeri ásamt vinkonu sinni

# STÓRKOSTLEGT
## AÐ VERA UNGUR Í STÓRBORG

+ EIN FLÍK, ÞRJÁR KONUR + GÓÐ RÁÐ FYRIR HELGINA
TÍSKUVIKAN Í NEW YORK GERÐ UPP

FJÖLNOTATÆKI • PRENTARI OG SKANNI



Epson SX218
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar í 1200 x 2400. Prentar allt að 34 bls. á mín. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

Kr. 12.450

Útprentanir endast allt að 300 ár!

EPSON

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ ræktið vinskapinn



**HEITAR TÆR** eru ánægðar tær. Nóg er til af fallegum sokkapörum í öllum litum, stærðum og gerðum og því ætti ekki að vera erfitt að halda tánum heitum í haust og vetur.

## BLOGG VIKUNNAR

### Rómantísk heimili

Bloggsíðan www.vintage-home.tumblr.com er einstaklega skemmtileg vefsíða þar sem rómantíkin er í fyrirrúmi. Falleg, hvít herbergi, gömul húsgögn og litrík bútasaumsteppi ásamt öðru krúttlegu má finna á síðum bloggsins. Bloggið er samsett af myndum héðan og þaðan, ekkert pláss fer í myndatexta heldur eiga myndirnar að tala sínu máli. Það er auðvelt að gleyma sér í tíma og rúmi þegar maður skoðar bloggsíðuna. Mælt er með síðunni fyrir hvern þann sem heillast af gömlum skandinavískum stíl í bland við litríkari stíl frá Marokkó.



### Íslenskt, já takk

Vefsíðan www.reykjavikfragments.blogspot.com er íslensk bloggsíða þar sem fjallað er um hönnun og heimilið. Textinn er á ensku, en bloggið byggist aðallega upp af fallegum myndum sem höfundurinn hefur annaðhvort tekið sjálfur eða fundið hér og þar. Skemmtileg lesning fyrir alla sem hafa áhuga á hönnun.



INGIBJÖRG FINNBOGADÓTTIR SKRÁSETUR TÍSKUVIKUNA Í NEW YORK Í MYNDUM:

# WANG VAR BESTUR



Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Elite-skrifstofunnar á Íslandi, var viðstödd tískuvikuna í New York sem lauk 16. september síðastliðinn. Að sögn Imbu, eins og hún er ávallt kölluð, var tískusýning hönnuðarins Alexanders Wang toppur hátískunnar hjá henni, en þar voru allir helstu gagnrýnendur og gúrúar tískubransans samankomnir.

*- sm*



**Frá sýningu Alexanders Wang. Fyrir framan mig sitja Andre Leon og Grace Coddington. Á móti má svo sjá ljósmyndagoðið Terry Richardson, söngkonuna MIA og svo tónlistarmanninn Lenny Kravitz.**



**Mynd frá tískusýningu Complexgeometrics. Fötin voru fín og frjálsleg, ég er að fíla allt sem er gegnsætt þessa dagna.**



**Ég kíkti við hjá Nycked Swimwear á nýja Gansevoort-hótelinu í New York. Nycked er sundfatalína sem er hönnuð af Lorenzo Martone og skartgripahönnuðinum Jules Kim, sem sjást hér saman. Þau eru að framleiða sína fyrstu línu núna þennan vetur og virðist það ætla að stefna í mikinn hita.**



**Ég kíkti á frumburð tískubúðarinnar Seven New York sem var að frumsýna sína fyrstu „in-house"-fatalínu, S.Y.N. eftir Sophie So-Young Na, en hún hannaði lengi fatalínuna hennar Jennifer Lopes. Seven er þekkt fyrir að selja merki eins og Gareth Pugh, ThreeAsFour og fleiri snillinga og því bjóst ég við miklu. Ég var þó ekkert alltof hrifin af línunni þeirra. Hér er Sophie ásamt vini.**




**Ég fór einnig í partý hjá nýju tímariti sem heitir The Dirty Durty Diary. Sjúklega flott og ögrandi blað. Í því var meðal annars tískuþáttur sem Larry Clark og Marc Jacobs gerðu saman. Á myndinni má sjá herra Clark sjálfan með unnustu sinni.**


PIPAR\TBWA • SÍA • 102202

EGF

BIOeffect™ húðdropar

Gefa fallegri húð




- Vinna gegn öldrun húðarinnar
- Byggja á rannsóknum á líffræði húðarinnar
- Án ilm- og rotvarnarefna

*Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla*

www.sifcosmetics.is

Sif COSMETICS

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


## ✻ augnablikin







NORDICPHOTOS/GETTY

**SÖNGFUGL** Söngkonan Nicola Roberts var á meðal gesta á sýningu TopShop Unique og klæddist þessum flotta leðurjakka við það tilefni.

**VILLINGUR** Rokkarabarnið Pixie Geldof mætti á tískusýningu Twenty8Twelve, sem er tískumerki leikkonunnar Siennu Miller.

**LITRÍKAR VINKONUR** Hönnuðurinn Vivienne Westwood og kynbomban Pamela Anderson stilla sér upp saman baksviðs eftir sýningu þeirrar fyrrnefndu.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000







Hreinsimaski **3.590,-**




Líkamskrem **2.490,-**




Létt dagkrem **3.690,-**




Serum hylki, lúxus andlitskrem **5.990,-**




Perlumaski **3.590,-**




Háls og bringukrem **3.590,-**

**Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870**

# EIN FLÍK – þrjár konur



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Köflóttar skyrtur hafa verið vinsælar undanfarið ár bæði meðal sætra stráka og flottra kvenna. Skyrturnar hafa meira að segja ratað á sýningarpalla tískuhúsanna og ber þar helst að nefna bleiku flannelskyrtuna frá Opening Ceremony haustið 2009. Gamla „grunge"-tískan sem var svo vinsæl á tíunda áratugnum hefur einnig verið að vakna aftur til lífsins síðustu mánuði og líkt og margir muna voru stórar, víðar flannelskyrtur í aðalhlutverki þá. Skyrtur sem þessa má klæða upp og niður og passar hún því jafn fullkomlega í sveitina sem og á barinn á góðu föstudagskvöldi. Skyrturnar fást í verslunum víða en þessi flotta, rauðköflótta skyrta er þó úr versluninni Vero Moda.**






## Áslaug María Friðriksdóttir

41 ÁRS FRAMKVÆMDASTJÓRI OG VARABORGARFULLTRÚI

***Lýstu þínum persónulega stíl.*** Ég er ekki mikið að velta því fyrir mér hverju ég klæðist en mér finnast einstök föt skemmtilegri en fjöldaframleidd. Best er að klæðast fallegum efnum og óhefðbundnum sniðum.

***Myndir þú kaupa þér þessa flík sjálf?*** Kæmi til greina, sérstaklega af því hún var mjög þægileg. Mér finnst samt meira virði að kaupa flíkur hjá lókal hönnuðum, sem margir framleiða sínar vörur af mikilli hugsjón.

***Af hvaða tilefni myndir þú klæðast þessari flík?*** Hún yrði auðvitað alveg elegant í útilegu, annars gengur hún vel upp við margs konar tilefni.

***Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu?*** Ég reyndi nokkrar samsetningar en fannst þessi skyrta njóta sín best við svart og þá getur maður stillt fínheitin eins og þarf og bætt við fylgihlutum, eins og þessu handgerða spænska hálskögri sem mér fannst gera þetta persónulegra.



# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • SEPTEMBER 2010



## ALFREÐ FINNBOGA

LEIKMAÐUR ÁRSINS Í ÍSLENSKU DEILDINNI VERÐUR UPPI Í STÚKU Á ÚRSLITALEIKNUM

## ÚRSLITIN RÁÐAST

SKYGGNI GULLFISKURINN PÁLMI TEKUR VIÐ AF KOLKRABBANUM PÁLI

## REDD LIGHTS

UPPTÖKU-STJÓRARNIR OPNA GRÆJUKISTUNA

## FLICK MY LIFE

HULDUMAÐURINN Á BAK VIÐ HEITUSTU VEFSÍÐU LANDSINS Í FYRSTA VIÐTALINU SEM HANN VEITIR

## NEW YORK!

NÝJAR PLÖTUR INTERPOL OG THE WALKMEN DÆMDAR

## PLAYSTATION MOVE

NÝJASTA PARTÍ-GRÆJAN PRÓFUÐ

# LIFÐU AF Í OKTÓBER



**HORFÐU** á Mér er gamanmál með Frímanni Gunnarssyni. Frímann er væntanlega misskildasti gáfumaður þjóðarinnar en hann fær sem betur fer að njóta sín í mjúkum faðmi vinsælustu grínista Norðurlandanna ásamt Bretanum Matt Berry.



**HLUSTAÐU** á nýútkomna plötu Interpol, en hún ber sama nafn og hljómsveitin. Það er komið haust og sólin er hætt að skína. Þess vegna verðum við að haga seglum eftir vindi og hlusta á tónlist sem hentar árstímanum. Platan er dæmd á blaðsíðu 13 í Poppi í dag ásamt annarri frábærri New York-plötu, Lisbon með The Walkmen.

**SKOÐAÐU** Flickmylife.com. Besta síðan á Netinu í dag. Fasti liðurinn Kolb in the Wild heldur lífinu í okkur á ritstjórn Popps. Yfirgengilegur hroki Flick My Life er svo fáránlega fyndinn að maður veltir fyrir sér hvernig hægt var að þrauka haustmánuðina þegar þessi síða var ekki til.




4



6



8



14





**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.


# SKYGGNI GULLFISKURINN PÁLMI

## SPÁIR Í SPILIN FYRIR LOKAUMFERÐ PEPSI-DEILDARINNAR

Kolkrabbinn Páll var stjarna heimsmeistarakeppninnar í fótbolta í sumar. Leitin að arftaka Páls hefur staðið yfir frá því að hann settist í helgan stein og eftir þrotlausa leit rak skyggna gullfiskinn Pálma á strendur Popps. Það var því ekki annað hægt en að sýna honum merki liðanna sem eiga möguleika á titlinum í von um að hann varpi áður óþekktu ljósi á úrslit morgundagsins.

### FRAM - FH

Pálmi hringsólar í skálinni sinni og stoppar reglulega til að stara tilfinningalaus á merki Gaflaranna. Eftir stutta stund virðist hann leita að fæði, en samkvæmt atferlisrannsóknum óháðra fiskifræðinga þýðir það einfaldlega að hann sé svangur. Greina má vonbrigði í augum Pálma sem bendir til þess að FH-ingar lyfti ekki dollunni í ár.

**NIÐURSTAÐA:** FH sigrar Fram með tveimur mörkum á móti engu.

### KEFLAVÍK - ÍBV

Úrslitin í þessum leik gætu orðið óvænt því viðbrögð Pálma við merki ÍBV eru vægast sagt ofsafengin. Hann skýst um hvern krók og kima í skálinni eins og hann sé í örvæntingafullri leit að einhverri festu. Hann virðist skynja að gott gengi ÍBV í sumar hafi komið öllum á óvart – meira að segja leikmönnum liðsins.

**NIÐURSTAÐA:** Eftir jafnan og gríðarlega fjörugan leik skilja liðin jöfn.



### STJARNAN - BREIÐABLIK

Pálmi virðist vera á þeirri skoðun að tími Breiðabliks sé kominn vegna þess að hann virðist sérstaklega sólginn í grænar leifar af fiskafóðri sem fljóta í vatninu. Pálmi syndir upp og niður í skálinni, sem er reyndar á skjön við nokkuð stöðugt gengi Blikanna í sumar, en staðnæmist loks við merki Breiðabliks og starir þar til það er fjarlægt.

**NIÐURSTAÐA:** Breiðablik vinnur leikinn með þremur mörkum á móti einu.








VINNA AÐ PLÖTU
Benny Crespo's Gang hefur kveikt á perunni.

# LOKSINS NÝTT LAG FRÁ BENNY CRESPO'S GANG

Hljómsveitin Benny Crespo's Gang hefur eytt síðustu sólarhringum í að leggja lokahönd á nýtt lag sem fer í spilun eftir helgi. Popp hafði samband við söngvarann Helga Rúnar Gunnarsson sem sagði gríðarlega vinnu hafa farið í lagið, sem hefur hlotið nafnið Night Time, eftir því sem Popp kemst næst.

Fyrsta plata Benny Crespo's Gang kom út árið 2007 og fékk glimrandi viðtökur. Hljómsveitin hefur látið lítið fyrir sér fara undanfarið, en vinnan við næstu plötu gengur vel þó að útgáfudagur hafi ekki verið ákveðinn.

Hljómsveitin kom fram á Ring Rokkfesti í gær, sem var haldið í tengslum við Októberfest Háskóla Íslands, en rokkþyrstir ættu að fá að bragða oftar á safa gengisins á næstunni.




Sérsniðin þjónusta fyrir allar *tegundir* námsmanna.
Námsmenn okkar fá betri *kjör* og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannaþjónustu **Arion banka** fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á **arionbanki.is** eða í síma **444 7000**.

Arion banki

**86** EINKUNN THE SUBURBS Á METACRITIC.COM

## FLEIRI KANADÍSKAR



### WOLF PARADE
**Í stuttu máli:** Stofnuð 2003 í Montreal. Vakti fyrst athygli sem upphitunarband fyrir Arcade Fire.
**Staðreynd:** Kom fram á Iceland Airwaves árið 2006 á Gauknum.
**Hlustaðu á:** Apologies To Queen Mary (2005)



### ISLANDS
**Í stuttu máli:** Stofnuð í Montreal 2005 en er núna staðsett í New York.
**Staðreynd:** Arcade Fire og Wolf Parade eru á meðal gesta á fyrstu plötunni Return To Sea.
**Hlustaðu á:** Return To Sea (2006)



### BROKEN SOCIAL SCENE
**Í stuttu máli:** Stofnuð í Toronto 1999 og hefur gefið út fjórar plötur.
**Staðreynd:** Meðlimirnir eru á bilinu sex til nítján talsins. Allir spila þeir einnig í öðrum böndum.
**Hlustaðu á:** You Forgot It In People (2002)

ÞRIÐJA PLATA ARCADE FIRE HEFUR FENGIÐ FRÁBÆRAR UNDIRTEKTIR:

# ARCADE FIRE Í FREMSTU RÖÐ



**Þrjú ár hafa liðið á milli útgáfu allra þriggja platna Arcade Fire. Það má því búast við þeirri næstu 2013.**

**WIN BUTLER** Forsprakki Arcade Fire, Win Butler, á tónleikum með hljómsveit sinni í París í ágúst síðastliðnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Er nýjasta plata Arcade Fire, The Suburbs, meistarastykki sveitarinnar? Verður hljómsveitin sú stærsta í heimi?

Kanadíska hljómsveitin Arcade Fire hefur fengið frábærar viðtökur við þriðju plötu sinni The Suburbs sem kom út í byrjun ágúst. Sumir gagnrýnendur telja hana meistaraverk sveitarinnar sem seint verði toppað á meðan aðrir benda á frumburðinn Funeral og vilja meina að sú plata sé enn efst á blaði.

Sextán lög eru á The Suburbs og sem fyrr en indí-poppið með dimma undirtóninum í forgrunni. Textarnir eru forvitnilegir sem fyrr og byggja í þetta sinn á barnæsku þeirra meðlima Arcade Fire sem ólust upp í úthverfum borgarinnar Houston í Texas.

Dómarnir sem platan hefur verið að fá eru framúrskarandi, þar á meðal fimm stjörnur í breska tónlistartímaritinu Q sem heldur því einmitt fram að platan sé hugsanlega meistarastykki Arcade Fire. Platan fær jafnframt fjórar stjörnur í Mojo, Rolling Stone og Uncut. Gagnrýnandi BBC er sömuleiðis jákvæður og telur plötuna þá bestu frá Arcade Fire og líkir henni við meistarastykki Radiohead, OK Computer frá árinu 1997. „Það væri hægt að kalla plötuna þeirra OK Computer en hún er einfaldlega betri en hún.“ Á síðunni Metacritic.com þar sem teknar eru saman einkunnir allra helstu gagnrýnenda fær platan 86 af 100 mögulegum. Ef miðað er við þá einkunnagjöf er hún engu að síður eftirbátur plötu númer tvö, Neon Bible, og Funeral. Þar fær sú fyrrnefnda 87 í einkunn en Funeral fær 90. Hvað sem því líður er ljóst að The Suburbs verður ofarlega á mörgum árslistum yfir bestu plötur ársins 2010 og hver veit nema hún verði með tímanum almennt talin besta verk Arcade Fire.

The Suburbs hefur ekki bara fengið góða dóma því hún hefur einnig selst vel. Hún komst á toppinn í sex löndum þar á meðal í Bretlandi og Bandaríkjunum, þar sem hún varð fyrsta plata sveitarinnar til að ná toppsætinu. Nýverið var Arcade Fire svo tilnefnd til fernra Q-verðlauna, þar á meðal fyrir bestu plötuna og sem besta hljómsveit heimsins. Þar er hún í flokki með Green Day, Kasabian, Kings of Leon og Muse.

En hvernig skilgreinir maður bestu hljómsveit heimsins eða þá stærstu? Vinsældir hljóta þar að skipa þar vænan sess og vissulega er Arcade Fire vinsæl hljómsveit. Tónlistin er aftur á móti ekki þeirrar gerðar að hún höfði til nægilega breiðs aldurshóps og því mun sveitin líklega aldrei ná þeim stalli að verða talin sú stærsta í heimi eins og U2 hefur jafnan verið kölluð. Gæði tónlistarinnar eru samt tvímælalaust fyrir hendi og þar er hún líkast til á stalli með sveitum á borð við Radiohead og jafnvel Sigur Rós, sem ein besta hljómsveit heims. Hérna er Chris Martin úr Coldplay í viðtali sem var tekið við hann 2008 í tengslum við útgáfu plötunnar Viva La Vida: „U2 sagðist einu sinni ætla að sækja aftur um starfið sem besta hljómsveit í heimi. Á Viva La Vida erum við einfaldlega að sækja aftur um að vera hljómsveit á nýjan leik,“ sagði hann og bætti við: „Bestu hljómsveitirnar í heiminum í dag eru líklega Arcade Fire og Sigur Rós. Ég hugsa að Coldplay sé aðeins númer sjö í röðinni.“






**PLATA Á LEIÐINNI** Frumburður Cliff Clavin hefur látið bíða eftir sér allt of lengi.

# PLATAN Í SJÓNMÁLI HJÁ CLIFF CLAVIN

Plötu frá Garðbæingunum í Cliff Clavin er beðið með gríðarlegri eftirvæntingu á skrifstofu Popps. Lögin sem hljómsveitin hefur hleypt í spilun undanfarin misseri hafa verið frábær og platan hefur verið lengi í vinnslu.

Nú er loksins farið að sjást í land, eftir því sem útsendarar Popps í tónlistarbransanum komast næst. Hljómsveitin hefur samið við útgáfufyrirtækið Kölska, sem félagarnir Barði í Bang Gang og Máni af X-inu stýra. Cliff Clavin kemur fram á Iceland Airwaves-hátíðinni nú í október og verður vafalaust duglegur við spilamennsku eftir að platan kemur út.

**SPORTS CHAMPIONS**

SPILUN 5/5
GRAFÍK 4/5
HLJÓÐ 3/5
ENDING 4/5
NIÐURSTAÐA 4/5

**POPPLEIKUR:** SPORTS CHAMPIONS

# ÉG ER ÍÞRÓTTAÁLFURINN

Segja má að Sports Champions sé stóri leikurinn sem kemur út í fyrstu bylgju Playstation Move-leikja. Hugsunin hjá Sony hefur eflaust verið sú að þetta myndi sannfæra fólk um að Move væri alvöru, ekki bara eitthvað Nintendo Wii rip-off. Hafi það verið hugmyndin, þá hefur takmarkið náðst því undirritaður er nú sannfærður um ágæti Move.

Sports Champions samanstendur af sex íþróttagreinum og allar greinarnar krefjast þess að notandi sveifli höndunum eins og óður maður, þó mismunandi hversu ákafar sveiflurnar eru. Greinarnar eru: boccia, bogfimi, blak, borðtennis, frisbí-golf og skylmingar. Menn geta valið sér karakter til að spila með í gegnum íþróttagreinarnar á móti sífellt sterkari andstæðingum og safnað stjörnum sem opna fyrir ýmsa aukahluti, svo sem ný föt og svo framvegis.

Það fyrsta sem maður tekur eftir varðandi Sports Champions er hversu nákvæmur Move-pinninn er. Í leikjum eins og borðtennis liggur við að hann sé of nákvæmur því minnsti úlnliðssnúningur getur valdið því að stórkostlega smassið manns breytist í laflaust skot með baksnúningi. Annars er ekki hægt að segja annað en að leikurinn líti vel út og spilist vel.

Í raun er lítið út á Sports Champions að setja fyrir utan það að borðtennishlutinn er frekar leiðinlegur og svo er það alltaf spurning hversu lengi fólk helst við að spila leikinn. En þar sem fólk er nú enn að spila Wii Sports ætti ekki að hafa neinar áhyggjur af Sports Champions þar sem það er miklu meiri og betri leikur.

- vij



**ÆFÐU ÞIG** Bogfimi er á meðal sex keppnisgreina í Sports Champions.



**MAMMÚT** Verður með á Rokktóberfest.

## ÞRIGGJA DAGA ROKKHÁTÍÐ

Rokktóberfest X-ins 977 verður haldið á Sódómu dagana 30. september til 2. október. Tilefnið er hin tvö hundruð ára gamla hefð frá Bavaríu í Þýskalandi þar sem ár hvert eru drukknir milljónir lítra af öli. Allar vinsælustu hljómsveitir X-ins troða upp, þar á meðal Cliff Clavin, Mammút, Ourlives, Endless Dark, Bloodgroup og Agent Fresco. Miðaverð á alla hátíðina er 2.500 krónur í forsölu. Hægt verður að kaupa tíu bjóra kort á 3.500 krónur. Forsala á hátíðina fer fram á Midi.is og í verslunum Levi´s á Laugavegi og í Kringlunni.



**YEAH YEAH YEAHS** Rokksveitin heldur upp á tíu ára afmælið sitt um þessar mundir.

## FAGNAÐI TÍU ÁRA AFMÆLI

Rokksveitin Yeah Yeah Yeahs kom aðdáendum sínum á óvart með því að halda leynilega tónleika í New York í tilefni af tíu ára afmæli sínu. Miðar á tónleikana seldust upp á innan við hálftíma. Sveitin spilaði helling af gömlum lögum á tónleikunum, flest frá fyrstu tveimur EP-plötum hennar og frumburðinum Fever to Tell sem kom út 2003. Söngkonan Karen O fór á kostum á sviðinu þrátt fyrir mikinn hita í salnum, sem varð til þess að einn tónleikagestur féll í yfirlið.





- Ný viðmið í fjölda og gæðum effekta
- USB tengjanlegir við tölvu, hugbúnaður fylgir
- Upptaka á tölvu án aukabúnaðar möguleg

Verð frá 22.990 kr.

www.fender.com/features/gdec3
www.fender.com/mustangamps

Fender MAKE HISTORY™

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ TÓNABÚÐIN

Síðumúla 20 ▪ Reykjavík ▪ S.: 591 5340 ▪ www.hljodfaerahusid.is ▪▪ Sunnuhlíð 12 ▪ Akureyri ▪ S.: 462 1415 ▪ www.tonabudin.is




# GRÆJUR

**UPPTÖKUTEYMIÐ REDD LIGHTS** NOTAST VIÐ ALLS KONAR GRÆJUR Í VINNUNNI



**REDD LIGHTS** Ingi Már Úlfarsson (til vinstri) og Jóhann Bjarkason skipa upptökuteymið Redd Lights. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# MEÐ TUGI ÞÚSUNDA TROMMUSAMPLA Á LAGER

Strákarnir í upptökuteyminu Redd Lights, Ingi Már Úlfarsson og Jóhann Bjarkason, vöktu fyrst athygli fyrir samstarf sitt við tónlistarmanninn Friðrik Dór.

„Það má kalla allt sem við gerðum fyrir árið 2009 eitthvað fikt. Ég gerði lög með Dóra DNA og félagi minn Jói gerði lög með hinum og þessum röppurum en þetta var í rauninni fikt,“ segir Ingi Már.

Undanfarið hafa þeir félagar unnið með Erpi Eyvindarsyni vegna sólóplötu hans og eru nú að skila henni af sér. Þeir tóku upp um einn þriðja hluta af henni og hljóðblönduðu hana alla. „Það eru mjög skemmtilegar sveiflur í henni. Hún er mjög dramatísk og dimm á köflum en þeim mun hressari á öðrum köflum,“ segir Ingi Már Úlfarsson um plötuna, sem hefur verið lengi í bígerð. „Lögin sem við eigum eru í þyngri kaflanum og eru svolítið mikið drama. Hin lögin vinna mjög mikið upp á móti þessu elektróníska sándi af okkar hálfu.“ Eins og stendur eru lögin 21 talsins en það gæti breyst áður en platan kemur út.

Þeir félagar eru einnig að vinna í fyrstu sólóplötu Friðriks Dórs, sem verður tilbúin á næstu vikum, auk þess sem þeir hafa endurhljóðblandað lög fyrir hljómsveitirnar Mammút og Sometime. „Mammút-verkefnið var að okkar frumkvæði en Sometime kom til okkar. Eins og staðan er núna erum við ekkert að fara að „remixa“ nema það sé komið til okkar með skemmtileg verkefni,“ segir Ingi Már. Þeir hafa einnig endurhljóðblandað eitt lag til viðbótar, eða með þeim Erpi og Sesari A. Upphaflega útgáfan er einmitt á sólóplötu Erps.

Ingi og Jóhann eru metnaðarfullir strákar og vilja í framtíðinni prófa sig áfram erlendis. „Það hefur alltaf verið stefnan að komast að einhverju leyti út fyrir landsteinana og gera eitthvað almennilegt úr þessu því það er voða takmarkað um að vera á Íslandi. En við höfum ekki haft tíma til að pæla í því út af verkefnunum sem við höfum verið í.“

Til að vera í takt við tíðarandann þurfa þeir félagar að vera duglegir að uppfæra græjurnar sínar. Til dæmis nota þeir mikið af trommusömplum til að ná fram flottum trommuhljómi. „Við erum í rauninni með fleiri tugi þúsunda trommusampla. Við reynum að sanka að okkur vikulega meira af þeim til að vera með puttann á púlsinum í þeim málum. Það er mjög mikilvægt,“ segir Ingi. Einnig notast þeir mikið við svokallað „autotune“ þar sem raddir eru bjagaðar. „Þetta er komið til að vera í þessari tegund af tónlist. Það er misjafnt hve mikið við notum það. Þetta er orðið svo mikið af þessu núorðið, sama hvort fólk heyrir það eða heyrir það ekki. Oft notum við ekki „autotune“ en fólk þykist samt heyra það.“



**VINNUSTÖÐIN**
„Við notum Korg M3 sem er miðpunkturinn í hljóðavalinu. Þetta er okkar vinnustöð og hér eru um það bil öll hljóð sem við þurfum. Þarna eru líka tveir synthar, enda uppfærðum við hljómborðið Korg Radias viðbót.“



**SYNTHAR**
„Við notum Yamaha Motif syntha (næstefst) og Nord Lead 2X gervi analog syntha (efst) sem er í rauninni stafrænn. Við notum hann aðallega fyrir sub-bassa og slíkt.“



**ALGJÖR KLASSÍK**
„Korg X 50 er algjör klassík í þessum bransa. Þetta er synthesizer og hljóðbanki sem inniheldur sömu hljóðvél og var í Korg Triton sem er klassískt tæki.“

Nintendo Wii-leikjatölvan kom á markað fyrir fjórum árum, nánar tiltekið í nóvember árið 2006.

PLAYSTATION VEÐUR Í NINTENDO WII

# OG NÚ SVITNA NÖRDARNIR...

Þegar Nintendo Wii var fyrst kynnt til sögunnar er líklegt að samkeppnisaðilarnir Sony og Microsoft hafi migið á sig af hlátri. Þarna var komin leikjatölva með lélegri grafík sem þú stjórnaðir með því að veifa höndunum, frekar hallærislegt. Ekkert benti til þess að þessi litla tölva myndi ná að spjara sig á markaði með Playstation 3 og Xbox 360, óumdeilanlega háþróaðri leikjatölvum. Óteljandi bílförmum af seldum Wii-tölvum síðar voru samkeppnisaðilarnir enn að míga á sig, en nú var það af hræðslu. Hófst þá hreyfiskynjunarkapphlaupið sem má um margt líkja við kapphlaup Bandaríkjanna og Rússlands um hver yrði fyrstur til að senda mann til tunglsins, nema í þessu tilfelli var litli skrýtni Japaninn löngu kominn þangað.

Playstation Move er útspil Sony í þessu kapphlaupi og hefur þessi ágæti stýripinni nú verið gefinn út á Íslandi. Move-pakkinn samanstendur af Playstation Eye-myndavél, sem eflaust einhverjir eiga fyrir, og síðan Move-pinnanum sjálfum, fisléttum sívalningi með silíkonkúlu á toppnum. Tæknilega hliðin á virkninni er á þann veg að Eye-myndavélin fylgist með fyrrnefndri silíkonkúlu og nær þannig að staðsetja leikmann í þrívíðu rými. Búnaður inni í stýripinnanum skynjar síðan líka hreyfingar hans og sendir tölvunni upplýsingar um staðsetningu og hreyfingar leikmanns. Myndavélin skynjar einnig dýpt þannig að leikirnir geta skynjað þegar leikmenn færa sig nær og fjær myndavélinni. Í leikjum sem skarta endurbættum raunveruleika (augmented reality eins og það kallast á ensku) eru þessar upplýsingar nýttar til að stækka sýndarverkfærin sem leikmenn halda á, svo sem sverðum, borðtennisspöðum og rakvélum, já, rakvélum.

Eins og fyrr segir er Move-stýripinninn sívalningur með silíkonkúlu efst. Inni í þessari kúlu, sem er mjúk, enda framleidd úr sama efni og ungbarnasnuð, er ljósdíóða sem mun vera fær um að gefa frá sér gríðarlegan fjölda lita, eitthvað í kringum 16 milljónir mismunandi lita og litbrigða. Þessi litadýrð er þó ekki bara til skrauts heldur þjóna litirnir þeim tilgangi að gera Move-stýripinnann sýnilegri fyrir myndavélina.




Eye-myndavélin athugar hvaða litir eru í kringum leikmanninn og kúlan gefur frá sér lit sem sker sig hvað best úr. Þetta getur reyndar orðið til þess að undirritaður neyðist til að mála stofuna sína því það er ekki rosalega karlmannlegt að veifa bleikum töfrasprota.

Hvað varðar næmni Move þá fullyrða Sony menn að stýripinninn nái að endurskapa hreyfingar leikmannsins á sjónvarpsskjánum í rauntíma, það er að segja um leið og leikmaður sveiflar höndunum inni í stofu mun persónan sem hann stjórnar í tölvuleiknum gera slíkt hið sama. Hvort næmni Move er svo mikil er erfitt að segja en það er ekki hægt að neita því að græjan er býsna nákvæm og næm. Því hefur reglulega verið fleygt fram að Move sé lítið meira en Nintendo Wii-eftirherma. Þó svo að það sé eitthvað hæft í þeim fullyrðingum þá verður að segjast að Sony hefur með Move náð að gera betur en Nintendo. Sony er kannski ekki að finna upp hjólið, en þeir hafa gert það betra og eiga hrós skilið fyrir það.

Eins og við er að búast mun Sony gefa út helling af leikjum samhliða útgáfu stýripinnans. Flestir þessir leikir skarta frekar grunnri spilun og eru lítið meira en kynning fyrir leikmenn til að kynnast hinum nýju stjórntækjum, sem sagt eintómir partíleikir. Þó eru nokkrir áhugaverðir titlar og eru tveir þeirra dregnir fyrir dóm hér fyrir neðan. Það sem er áhugaverðast er hvernig útgefnir leikir, sem og væntanlegir titlar, munu nýta sér þennan nýja hreyfiskynjunarmöguleika. Titlar á borð við Tiger Woods PGA Tour 11, Heavy Rain, MAG og Eyepet hafa verið uppfærðir, eða verða það á næstunni, til að styðja Move og síðan munu væntanlegir titlar eins og Little Big Planet 2, Killzone 3 og SOCOM styðja Move. Það sem mun á endanum ráða úrslitum um velgengni Move eru leikirnir sem hægt er að nota pinnann í. Flestir muna eftir Eyetoy, sem varð aldrei meira en stundargaman, vegna þess hve erfitt er að samræma þá græju við hefðbundnari leiki. Nái Sony að koma með fleiri alvöru leiki fyrir Move er aldrei að vita nema Move muni ná að festa sig í sessi. En burtséð frá því, þá er það alveg ljóst að Move er græja sem ætti að geta fært nörda-teitin á hærra og sveittara stig.

*Viggó I. J.*

POPPLEIKUR: START THE PARTY

# FORLEIKUR AÐ DRYKKJUKEPPNI

Start the Party er einn af fyrstu leikjunum sem styðja Playstation Move, nýja hreyfiskynjunar-stýripinnann frá Sony. Leikurinn minnir um margt á gömlu góðu Eyetoy leikina á PS2 þar sem leikurinn er samansafn af örstuttum smáleikjum sem geta í senn fengið mann til að brosa og svitna. Leikurinn er í hinum svokallaða „augmented reality“ stíl, sem þýðir að leikmenn sjá sjálfa sig á skjánum nema að í sjónvarpinu blasir við manni annar heimur. Sem dæmi má nefna að í einum leiknum eru menn umkringdir draugum og Move-stýripinninn hefur breyst í vasaljós sem fælir fyrrnefnda drauga í burtu. Svona mætti lengi telja því leikirnir eru margir og mismunandi, en allir stuttir og einfaldir. Spilun leiksins má skipta í tvo grunnflokka þar sem hægt er að velja á milli einstaklings- og hópspilunar. Skiljanlega er seinni flokkurinn skemmtilegri því eins manns partí eru sjaldnast skemmtileg.

Öll uppbygging leiksins er í barnvænum stíl og leikirnir eru það einfaldir að börn ættu mjög auðveldlega að geta spilað þá. Þessi barnvæna nálgun gæti þó haft þær afleiðingar að harðnaglarnir, sem vilja helst ekki spila neitt nema Modern Warfare, munu aldrei koma nálægt leiknum. Það myndi þá verða þeirra missir því Start the Party er ágætis afþreying, sérstaklega í góðra vina hópi, og var undirritaður ekki búinn að spila leikinn í margar mínútur þegar afbragðs drykkjuleikur var farinn að verða til í huganum. Munið bara að hita upp og teygja fyrir spilun því hreyfiskynjunarleikir geta farið illa með slappa handleggsvöðva.

*- vij*




**PARTÍ** Start the Party veitir fólki langþráð tækifæri til að tannbursta krókódíl.

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 4/5 | 3/5 | 3/5 | 3/5 | 3/5 |



Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185

# HROKAFULLUR Í AUGUM MARGRA

**Fótboltakappinn Alfreð Finnbogason gæti orðið Íslandsmeistari með Breiðabliki og markakóngur sumarsins á morgun. Hvorugt er samt undir honum komið því hann er í banni í lokaleiknum á móti Stjörnunni og neyðist því til þess að sitja í stúkunni á meðan félagar hans heyja lokaorrustuna upp á fyrsta Íslandsmeistaratitil Breiðabliks.**

**ORÐ:** Atli Fannar Bjarkason
**MYNDIR:** Anton Brink
**FÖT:** Gallerí 17, KronKron og GK

Alfreð Finnbogason er búinn að vera einn besti leikmaður Íslandsmótsins í sumar. Hann hefur skorað 14 mörk, flest allra í deildinni, og lið hans Breiðablik situr nú á toppnum og tryggir sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri á morgun. Það er þó ekkert í hendi því mótherjarnir í Stjörnunni eru til alls líklegir ásamt því að fjarvera Alfreðs hefur vafalaust áhrif.

Það er möguleiki á því að þið verðið Íslandsmeistarar og þú markakóngur á laugardaginn, en þú getur ekki gert neitt í því.

„Já, það er mjög skrýtin tilfinning. Það er samt mjög afslöppuð tilfinning. Núna væri ég að hugsa um hvernig ég get spilað leikinn, en í staðinn veit ég að ég get engu breytt. Þess vegna tekur því ekki að stressa sig á því. Ég reyni að hugsa það þannig.“

Það eru margir búnir að standa sig vel og það eru margir í okkar liði sem eru búnir að eiga frábært tímabil.“

Er þetta síðasta sumarið þitt á Íslandi í bili?

„Það eru meiri líkur á því en minni. Það er mikið um þreifingar í gangi núna og ég fer ekkert leynt með það að takmarkið mitt er að komast út. Það væri draumur að kveðja með Íslandsmeistaratitli.“

Er stefnan þá að komast út og verða milljónamæringur?

„Þegar maður var yngri voru milljónirnar ekki það fyrsta sem maður hugsaði um í sambandi við atvinnumennsku. Það var bara hversu gaman það væri að spila fyrir 30-40 þúsund manns á viku og að vinna við það sem manni finnst gaman. Peningarnir sem eru komnir í fótboltann í dag skemma ekki fyrir – þeir eru góð gulrót í að komast sem lengst.“

Þetta Breiðablikslið virðist vera fullt af spóðum, þið klæðið ykkur í jakka fyrir viðtöl og fagnið mörkum með því að rífa í merkið. Er

> **EN AÐ ÉG LENDI Í EINHVERJU KYNLÍFSHNEYKSLI? ÞAÐ SKAL ÓSAGT LÁTIÐ. ÞEGAR MENN NÁ ÁRANGRI ER TEKIÐ EFTIR ÞEIM OG EINHVERJU ÞARF AÐ TROÐA Í BLÖÐIN (HLÆR). ÞAÐ ER SVO MIKIL ATHYGLI Á ÞEIM AÐ ÞEIR ERU EIGINLEGA SKYLDUGIR TIL AÐ PASSA SIG.**

Þú ert ekki meira stressaður en ella?

„Nei, en ég get lofað þér því að á leikdag verð ég orðinn rosalega stressaður. Sérstaklega meðan á leiknum stendur. Ég var einhvern tíma í banni í fyrra og það var erfiðasti leikurinn sem ég tók þátt í – að sitja uppi í stúku og horfa á strákana, vita að maður getur ekki gert neitt til að hjálpa þeim, það er mjög skrýtin tilfinning.“

Hversu reiður verðurðu ef Breiðablik tapar, ÍBV vinnur og Atli Viðar úr FH skorar tvö og hirðir gullskóinn?

„Maður reynir oftast að undirbúa sig undir það versta og vona það besta. Númer eitt, tvö og þrjú er að taka titilinn. Þá má Atli Viðar skora eins mörg mörk og hann vill.“

Fótboltamenn tala um að það skiptir þá engu máli að taka markatitilinn, en er það ekki bara rugl?

„Auðvitað vilja allir sem eru í baráttunni taka markatitilinn. En ég er allavega ekki að fara að skora fleiri í sumar og það munu örugglega einhverjir af hinum skora – það er bara spurning hversu mörg. Þessi lokaumferð er oft mjög steikt og litið undir hjá mörgum liðum.“

Þú ert búinn að skora 14 mörk, ert markahæstur. Ertu besti fótboltamaðurinn í íslensku deildinni í dag?

„Ég er ekki að fara að láta hafa eftir mér að ég sé bestur.

það meðvitað hjá ykkur eða er þetta einskær tilviljun?

„Þetta er svo skemmtilegur ungur hópur. Elsti leikmaðurinn í liðinu er fæddur ´83. Við erum sjö, átta leikmenn sem höfum spilað saman í gegnum alla yngri flokkana. Við gerum mikið saman, förum í keilu eða póker og ég held að það skili sér inni á vellinum að vera með þéttan hóp. Það eru ekki komin mörg börn, þannig að menn eru ekki í bústað allar helgar með konuna og börnin. Þetta eru flest menn á sama reki.“

Er engin kergja þegar þú færð meiri athygli en hinir, þótt þið séuð góðir vinir?

„Ég er kannski ekki rétti maðurinn til að svara því. Það eru alltaf einhverjir sem stela athyglinni og það dreifist líka. Markaskorararnir, ég og Kristinn Steindórs, erum búnir að vera áberandi, en svo eru aðrir í vanmetnum hlutverkum. Innan hópsins eru








# ALFREÐ FINNBOGA Í TÖLUM

**14** mörk er Alfreð búinn að skora í Pepsi-deildinni í sumar.

**5** mörk hefur hann skorað fyrir undir 21 árs landsliðið í undankeppninni fyrir EM 2011.

**15** bindi hanga inni í fataskápnum hans.

**0** gæludýr búa undir hans þaki.

**0** Jakkinn sem strákarnir í Breiðablik klæðast í viðtölum hefur aldrei verið þrifinn.

**1** hamborgara borðar Alfreð að meðaltali á viku. Hann er yfirleitt borðaður á þriðjudögum, þegar langt er í næsta leik.






VETRARDEKK

VETRAR- OG HEILSÁRSDEKK Í ÚRVALI

Tilboð á umfelgun

fólksbíll kr 5.490,- jepplingur kr 6.490,-

Gerið verðsamanburð

Sama verð fyrir ál- og stálfelgur

Verðtilboð fyrir eldri borgara
Fólksbíll kr 4.990,-
Jepplingur kr 5.990,-

VDO Offroad Line

VDO BORGARDEKK
Borgartúni 36, (bakvið Cabin hótel) • Sími 588 9747 • www.vdo.is
Opið mán.–fös. 9–18.


þeir ekkert vanmetnir – það eru allir metnir jafnt þar."

Þú ert 21 árs og þér gengur vel í því sem þú ert að gera. Hefur það stigið þér til höfuðs?

„Ég virðist vera hrokafullur í augum margra. Mér finnst gaman að kynda undir mönnum í viðtölum. Ég sé svo mörg viðtöl sem eru svo miklar klisjur og leiðindi. Ég vil krydda þau aðeins. 95% af viðtölum eru klisjur. Þó að það hljómi hrokafullt er það allt mjög meðvitað. Inn við beinið er ég rólegur og þakklátur þegar gengur vel. Ég veit að það þarf bara eina tæklingu og þá getur ferillinn verið búinn. Þá er maður ekki lengur á toppnum hjá öllum. Það er líka oft þannig að ef það gengur vel eru allir vinir þínir og þegar það gengur ekkert allt of vel eru þeir fyrstir til að baktala þig."

Hefurðu lent í því, þegar Breiðablik hefur ekki náð þeim árangri sem búist var við?

„Já, það hefur náttúrlega ekki eingöngu gengið vel í sumar. Það koma leikir sem eru ekki nógu góðir og þá koma einhverjir fram og vilja setja út á liðið. Maður heyrir af því, en tekur það ekki mikið inn á sig."

Margir líta svo á að sumarið sé tíminn til að skemmta sér. Mega fótboltamenn fara út á lífið á sumrin?

„Nei, leikjaniðurröðun býður ekki upp á það. Það eru alltaf leikir á sunnudögum og mánudögum. Það er mikið búið að ræða að færa leikina, en ef menn eru í fótbolta á þessu stigi og fá borgað fyrir það



PÚFF Alfreð endurskapar fræga auglýsingu Charles Barkley frá tíunda áratugnum.

ekki að drekka bjór allt árið. Þeir geta bara notað jólin í það. Vissulega er leiðinlegt að spila allar helgar – ég held að það gæti verið skemmtilegra fyrir alla að taka einhverja leiki á fimmtudegi eða föstudegi. En svona er þetta og það þýðir ekki að kvarta yfir því."

Það er ógerningur að sleppa fótboltamanni úr viðtali án þess að spyrja út í sjúklega þráhyggju kvenna fyrir þessum villta, og stundum ráðvillta, stofni.

Hvernig er með stelpurnar, þær virðast allavega ekki hata fótboltamenn. Ertu hundeltur?

„(Hlær) Það er engin biðröð fyrir utan hjá mér. Maður er ekki hundeltur, það er kannski eitt og eitt Facebook-add sem dettur inn."

Áttu kærustu?

„Það er erfiður titill til að setja á það. Það er á því stigi. Ég er að hitta stelpu og er búinn að gera það lengi."

Hversu mikil hætta er á því að þú fetir í fótspor Waynes Rooney, Franks Lampard og Peters Crouch og verðir í aðalhlutverki í svæsnum kynlífsskandal?

„Hjá þessum stærstu eru freistingarnar ekkert eðlilegar. Þeir eru eins og rokkstjörnur voru í gamla daga.

**PENINGARNIR SEM ERU KOMNIR Í FÓTBOLTANN Í DAG SKEMMA EKKI FYRIR – ÞEIR ERU GÓÐ GULRÓT Í AÐ KOMAST SEM LENGST.**

Það sýnir bara að þeir eru mannlegir að á einhverjum tímapunkti hugsa þeir „ég læt bara vaða". En að ég lendi í einhverju kynlífshneyksli? Það skal ósagt látið. Þegar menn ná árangri er tekið eftir þeim og einhverju þarf að troða í blöðin (hlær). Það er svo mikil athygli á þeim að þeir eru eiginlega skyldugir til að passa sig."

Þú færð ekki þessa spurningu á Fotbolti.net.

„(Hlær) Nei. Ég var ekki búinn



## ÆTLUÐU AÐ HENDA VIÐTALSJAKKANUM

**Glöggir sjónvarpsáhorfendur hafa tekið eftir því að þegar leikmenn Breiðabliks mæta í viðtöl eru þeir í forláta jakka utan yfir keppnisbúningnum. Aðspurðir hafa þeir sagst vilja vera fínir í viðtölum, en Alfreð varpar hér ljósi á sögu jakkans. „Jakkinn er grín sem byrjaði í hópnum," segir hann. „Það átti að henda honum eftir hestaferð. Það vissi enginn hver átti hann þannig að við ákváðum að nota hann sem viðtalsjakka. Fólk spáir mjög mikið í þessu en þetta er bara eitthvað rugl."**

JAKKI Athugið að jakkinn á myndinni tengist efni molans ekki beint.


HÖFÐAHÖLLIN OPIÐ TIL KL. 21 fimmtud. og föstud.



Hlægilega lágt verð!!!

80 ÚTSÖLUBÍLAR á tilboðsverði

KOMDU Á STAÐINN OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Subaru Justy S
ÁRGERÐ 2008
ÞÚ SPARAR 500.000



VERÐ ÁÐUR 1.490ÞÚS. TILBOÐS VERÐ 990ÞÚS.

Hyundai Getz GLS
ÁRGERÐ 2008
ÞÚ SPARAR 450.000



VERÐ ÁÐUR 1.490ÞÚS. TILBOÐS VERÐ 1.040ÞÚS.

Hyundai Tucson 4X4
ÁRGERÐ 2007
ÞÚ SPARAR 500.000



VERÐ ÁÐUR 2.490ÞÚS. TILBOÐS VERÐ 1.990ÞÚS.

Isuzu D Max At D-Max
ÁRGERÐ 2009
ÞÚ SPARAR 510.000



VERÐ ÁÐUR 3.990ÞÚS. TILBOÐS VERÐ 3.480ÞÚS.

TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

Sími 567 4840 • Tangabryggja 14-16, 110 Rvk. • www.hofdahollin.is


HOLLT
OG GOTT
Á HAGSTÆÐU
VERÐI.
HEILSAÐU
UPP Á ÞIG
Þú getur borðað án samviskubits hjá okkur.
Réttirnir okkar eru saðsamir og girnilegir en um leið
trefjaríkir og fitulitlir.
SERRANO.IS
6 STAÐIR
HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI
serrano
FRESH MEX
VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

67% Lesa bara Fréttablaðið

5% Lesa bara Morgunblaðið



Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna

27% Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.




# BÍÓ

Aðdáendur Piranha 3D geta sent inn beiðni um hvaða leikara þeir vilja sjá í framhaldinu, sem er nú í framleiðslu.

**FRUMSÝND Í KVÖLD:** PIRANHA 3D




# GELLUR, BÁTAR OG MORÐÓÐIR FISKAR

**Rétt fyrir vorfríið alræmda í Bandaríkjunum, þar sem graðir unglingar koma saman á sólarströndum, verður neðanjarðar jarðskjálfti til þess að forsögulegir og morðóðir píranafiskar komast úr neðansjávarprísund sem þeir hafa dvalið í síðustu aldir. Það getur ekki endað vel og blóð, brjóst og hryllingur er það sem fylgir í kjölfarið. Myndinni leikstýrir Alexandre Aja, en hann er ekki óvanur hryllingnum og leikstýrði meðal annars endurgerðinni af The Hills Have Eyes.**



**LEIKUR BOMBU** Kelly Brook er með allt á sínum stað.

## POPPDÓMNEFNDIN

### MAMMA



„Ég vil ekki að þú farir á þessa mynd. Þú manst hvernig þú svafst eftir að þú stalst í að horfa á hryllingsmyndirnar í gamla daga. Hvers vegna ferðu ekki á einhverja fallega mynd og tekur einhverja af vinkonum þínum með þér? Ég ól þig ekki upp til að horfa á svona ofbeldi.“

### VINURINN



„Við erum að fara á þessa mynd. Það er alveg bókað. Við vissum náttúrlega að hún yrði góð þegar við sáum myndirnar af Kelly Brook af tökustaðnum þarna fyrir nokkrum mánuðum. Loksins komin almennileg þrívíddarmynd sem er með brjóst í staðinn fyrir leikföng og strumpa.“

### BÍÓNÖRDINN



„Þetta er myndin sem ég vonaðist til að sjá þegar ég fór á Snakes on a Plane og varð fyrir vonbrigðum. Ekki búast við djúpum söguþræði og framúrskarandi leik. Þetta er mynd til að skemmta sér yfir blóðinu og ruglinu. Svo er hún líka bráðfyndin, hröð og skemmtilega klikkuð.“

### STELPAN



„Mér finnst reyndar frekar klisjukennt að fara með strákum á einhverjar hrollvekjur, en þessi mynd á að vera mjög fyndin og skemmtileg. Hún er auðvitað líka mjög ógeðsleg svo ég tali nú ekki um ef hryllingurinn er í þrívídd. En svo er reyndar einum of mikið af berum gellum í henni.“

# BAÐ DAVID LETTERMAN AFSÖKUNAR

Leikarinn Joaquin Phoenix sneri aftur í spjallþátt Davids Letterman fyrir skömmu og baðst afsökunar á hegðun sinni síðast þegar hann var þar gestur. Phoenix virkaði ringlaður og út úr heiminum er hann mætti til Lettermans í fyrra en núna hefur hann viðurkennt að hegðunin var hluti af grínheimildarmynd hans sem var nýlega frumsýnd. „Vonandi móðgaði ég þig ekki,“ sagði Phoenix. „Þú hefur tekið viðtöl við svo rosalega marga og ég gerði ráð fyrir því að þú myndir átta þig á muninum á leikinni persónu og alvöru persónu en ég vil bara biðjast afsökunar.“

Letterman sagði að Phoenix hefði hegðað sér eins og hann hefði runnið til og rekið hausinn í baðkarið. Leikarinn útskýrði mál sitt frekar: „Innst inni langaði mig að þakka þér fyrir þetta tækifæri og ég vildi allan tímann losna úr viðtalinu sem allra fyrst.“ Heimildarmynd hans var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir skömmu við góðar undirtektir.



**JOAQUIN PHOENIX** Leikarinn bað David Letterman afsökunar á hegðun sinni.

# PLÖTUR

Hollenskur kaupsýslumaður keypti Manhattan í New York af indíánum árið 1626. fyrir um 1.000 dollara á núvirði.



## NEW YORK! NEW YORK!

**Margar af bestu hljómsveitum samtímans koma frá New York. Hljómsveitirnar Interpol og The Walkmen eru einmitt þaðan, en þær eiga það einnig sameiginlegt að hafa nýlega gefið út plötur. Atli Fannar Bjarkason rýndi í plöturnar, sem eru afar ólíkar en hafa báðar ýmislegt til brunns að bera.**

### Interpol - Interpol



3/5 Þótt það sé ekki almenn sátt um ágæti Interpol má færa óyggjandi rök fyrir því að leitun sé að svalari hljómsveit. Ágæti Interpol mætti reyndar líka sanna með því að benda á síðustu þrjár plötur hljómsveitarinnar sem eru gæðagripir. Á síðustu plötu fór hljómsveitin reyndar poppaðri slóðir en margir kærðu sig um, en á þeirri nýju, sem ber nafn hljómsveitarinnar, er leitað aftur til myrkrar fortíðarinnar.

Platan byrjar á laginu Success, sem ber sannarlega nafn með rentu. Lagið hefur þennan óútskýranlega Interpol-sjarma, sem er í senn seiðandi og yfirþyrmandi. Það verður ekki tekið af Interpol að hljómsveitin hefur aldrei átt í erfiðleikum með að hefja plötur. Síðustu plötur hófust á lögunum Untitled, Next Exit og Pioneer to the Falls, sem eru öll á meðal bestu laga hljómsveitarinnar.

Besta lag plötunnar fylgir fast á eftir Success; Memory Serves er drungalegur slagari þar sem söngvarinn Paul Banks fær að njóta sín ásamt trommaranum Samuel Fogarino. Sá síðarnefndi nýtur sín reyndar sérstaklega vel á plötunni ásamt bassaleikaranum Carlos Dengler, sem yfirgaf hljómsveitina skömmu eftir að upptökum lauk. Verður hans sárt saknað, en þeir félagar Dengler og Fogarino eru vafalaust eitt skemmtilegasta ryþmapar sem komið hefur fram síðustu ár.

Eftir frábæra byrjun þar sem útvarpslögin Lights og Barricade hljóma á undan hinu angurværa Always Malaise (The Man I AM) fer að halla undan fæti. Platan byrjar einfaldlega miklu betur en hún endar þótt hún klóri í bakkann með laginu All of the Ways, þar sem spænski gítarinn af síðustu plötu er tekinn upp á ný. Það breytir því ekki að í heildina litið er platan góð – ekki frábær. Fóstbróðir minn í dægurmálafréttunum, Arnar Eggert Thoroddsen, er vægast sagt ósáttur með plötuna í dómi í öðru dagblaði. Hann sagði að það myndi reynast mér erfitt að sannfæra þjóðina um ágæti plötunnar. Það er því miður ekki hluti af starfi mínu, en þið vitið allavega núna hvað mér finnst. Hlustið og þér munið heyra.

### The Walkmen - Lisbon




4/5 Lisbon er frábær plata. Fyrsta lagið Juveniles leggur grunninn að kraftmikilli, ljúfsárri og frískri plötu með fáa veikleika. Söngvarinn Hamilton Leithauser lætur strax til sín taka í fyrsta lagi og verður óhjákvæmilega það sem einkennir þessa plötu – eins og fyrri plötur hljómsveitarinnar. Þótt ég vilji alls ekki draga úr afrekum annarra hljóðfæraleikara The Walkmen þá stendur frammistaða trommarans Matt Barrick einnig upp úr.

The Walkmen er hljómsveit sem hefur skapað sinn eigin hljóm. Þegar maður heyrir í henni er strax ljóst um hvaða hljómsveit er að ræða. Meðlimir hljómsveitarinnar reyna ekki að finna upp hjólið á plötunni heldur gera það sem þeir eru góðir í, þótt ég greini ákveðna *jákvæða* gremju sem virðist vera ný af nálinni. Blásturshljóðfæri eru notuð á afar skemmtilegan hátt á plötunni sem færa til dæmis lagið Stranded upp á hærri stall. Blue as Your Blood er annað frábært lag, Victory sver sig í ætt við eldra efni hljómsveitarinnar og Torch Song er fallegt lag sem hefði alveg eins getað verið samið fyrir 40 árum.

Eftir stendur frábær plata sem verður vafalaust á mörgum listum yfir plötur ársins í desember.

### ÞRJÚ GÓÐ LÖG UM NEW YORK



**JAY-Z OG ALICIA KEYS - EMPIRE STATE OF MIND** Viðurkenndu það – þetta er frábært lag. Við vitum að þú hefur aldrei þolað Aliciu Keys – hvað þá Jay-Z, en þetta er frábært lag. Sama hvað hver segir.

**THE STROKES - NEW YORK CITY COPS** Skemmtilegt lag af fyrstu plötu The Strokes sem breytti tónlistarlandslagi heimsins til frambúðar. Rétt upp hönd sem heyra „New York City girls“ þegar Casablancas syngur „New York City cops“.

**LOU REED - PERFECT DAY** Hvort er þetta lag um heróín eða New York? Kannski heróínneyslu í New York. Ekki vitum við það, en Lou Reed elskar borgina og lagið ku vera einhvers konar óður til hennar.




Við leitum að góðu fólki

VÍSIR.IS og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – VÍSIR.IS

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á VÍSIR.IS í viku



FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSIR.IS ...ég sá það á visir.is

# EKKI SÍST

ÞEGAR CHUCK NORRIS SEGIR „LOL“ ER HANN AÐ SPYRJA HVORT HANN EIGI AÐ MIÐA Á „LIFRINA OG/EÐA LUNGUN“ ÞEGAR HANN SPARKAR Í ÞIG.



## POPP PUNKTAR

### „ROSALEG PLATA“

Úr herbúðum Mínuss heyrist að fjórða breiðskífan sé tilbúin. Hún er sú fyrsta sem kemur út eftir að bassafanturinn Þröstur og gítarleikarinn Frosti hættu í hljómsveitinni. Enn hefur Mínus ekki sent frá sér lag í útvarpsspilun, en þeir sem hafa heyrt plötuna segja að hún sé „rosaleg“. Aðdáendur hljómsveitarinnar verða að bíða þar sem útgáfudagur er enn þá óljós, en Mínus kemur næst fram á Iceland Airwaves og gefur vafalaust forsmekk af því sem koma skal.





### AGENT Í STÚDÍÓI

Agent Fresco vinnur nú að fyrstu breiðskífu sinni í hljóðverinu Orgelsmiðjunni. Flugur á vegg í stúdíóinu eru afar spenntar fyrir plötunni og segja nýju lögin ansi mögnuð. Þá heyrist að platan verði löng og tengjast öll saman. Semsagt „concept“-plata frá Agent Fresco.



### LOKASPRETTUR

Ensími er sprelllifandi þessa dagana eftir að hafa komið fram á frábærum tónleikum í Reykjavík síðustu misseri. Nú heyrist að nýjasta plata hljómsveitarinnar sé nánast tilbúin, búið sé að taka upp og aðeins eigi eftir að snurfusa hljóminn. Popp ræddi við einn af þeim heppnu sem hafa heyrt gripinn og hann sparaði ekki stóru orðin: „Mér finnst öll lögin á plötunni mjög góð,“ sagði hann.

# DREYMIR UM AÐ GEFA ÚT BÓKINA KOLB IN THE WILD

**Flickmylife.com er væntanlega sú vefsíða sem vinir þínir pósta oftast á vegginn sinn á Facebook. Síðan nýtur gríðarlegra vinsælda um þessar mundir, en fáir vita hverjir bera ábyrgð á henni. Popp fór á stúfana og fann huldumennið sem stýrir síðunni og fékk að leggja fyrir það nokkrar safaríkar spurningar.**



Ef rýnt er í myndina af forsprakka Flick My Life myndast orrustuskip úr seinni heimsstyrjöldinni. Ef þú sérð það ekki ertu ekki búin/n að horfa nógu lengi.

**HULDUMAÐUR** Heilinn á bak við vefsíðuna Flick My Life fór fram á að vera bæði skyggður og „blurraður“ svo að andlit hans myndi örugglega ekki sjást.

*Byrjum á byrjuninni. Af hverju var vefsíðan Flick My Life stofnuð og hvað vakti fyrir þeim sem standa að baki henni?*

„Síðan var opnuð á vordögum 2009 og stofnuð til að halda utan um MMS-sendingar tveggja ungra manna. Í raun má segja að ekkert sérstakt hafi vakað fyrir okkur með stofnun síðunnar annað en að skapa vettvang til að deila umræddum myndum sem höfðu safnast upp í gegnum tíðina. Eftir að síðan var komin á laggirnar fóru að bætast við skjámyndir, ýmsar tvífarapælingar og fleira.“

*Hversu margir sjá um að uppfæra síðuna?*

„Í dag er það einn aðili sem er ritstjóri, taggari, heili, hjarta og umsjónarmaður síðunnar. Honum til halds og trausts er einn trúnaðarmaður og *partner in crime*.“

*Bjuggust þið við að síðan myndi njóta vinsælda, eða höfðaði hún óvart til fjöldans eins og smellurinn What's Up með Four Non Blondes?*

„Líkt og Linda Perry taldi það góða hugmynd á sínum tíma að setja upp pípuhatt og flugmannagleraugu vissum við frá upphafi að um gott efni væri að ræða. Er það því einstaklega ánægjulegt að sjá að þjóðin hefur tekið gríninu opnum örmum. Við álítum þetta staðfestingu á því hve mikið smekkfólk Íslendingar eru.“

*Er hægt að líkja aðstandendum síðunnar við Four Non Blondes að einhverju öðru leyti?*

„Lesbísk *one hit wonder* 90´s rokkgrúppa. Það væri nærri lagi að spyrja hvort að einhverju leyti sé *ekki* hægt að líkja okkur við þær. Svarið við þeirri spurningu væri: Já.

*Þið gerið mikið grín að fjölmiðlum og sérstaklega þegar þeir klúðra stafsetningu. Tilheyrið þið herskáum hópi málverndunarsinna?*

„Íslenskir fjölmiðlar eru latur hestur og Flick My Life er broddfluga. Nei, þessar færslur voru í upphafi fyrst og fremst birtar til að fá útrás fyrir pirring okkar yfir óvönduðum vinnubrögðum. Þær eru raunar það sem við höldum minnst upp á en skipa stóran sess í aðsendu efni. Því reynum við að birta það í bland við annað. Það er þó skiljanlegt að menn láti í sér heyra þegar stærstu fjölmiðlar landsins líta út eins og ónefndur sköllóttur poppari sé að ritstýra þeim.“

*Nú heyri ég að ástæðan fyrir því að ákveðin leynd hvílir yfir ykkur sem standið að síðunni sé sú að ykkur hefur verið hótað af skotmörkum gríns á síðunni. Er það rétt?*

„Já, það eða sú staðreynd að aðstandendur síðunnar eru kúbverskir feðgar í vesturbæ Reykjavíkur. Við förum samt aldrei út úr húsi öðruvísi en í Daft Punk-búningum.“

*Hefur komið til greina að loka Flick My Life vegna hörundsárra Íslendinga?*

„Síðunni verður aldrei lokað nema ef til vill ef Visir.is kaupi *spell-checker*, undarlegir hlutir hætti að verða á vegi okkar og Pressan.is kaupi okkur út í stað þess að stela myndum frá okkur. Tilfelli hafa þó komið upp þar sem fólki hefur sárnað. Þau eru og verða tekin til skoðunar hverju sinni, líkt og þegar Rúnari Frey var líkt við Euro Shopper-klósettpappír í Facebook-færslu hjá íslenskum semi-celeb. Það er þó algjör undantekning ef myndir eru ritskoðaðar.“

*Hafið þið fundið fyrir eftirsjá, eftir vel heppnað – en óforskammað – grín?*

„Nei. Það sem við gerum er að taka atriði sem er fyrir allra augum og einangra það á síðunni. Í fæstum tilfellum þarf að eiga nokkuð við myndirnar. Við erum ekki með samviskubit yfir því að Tobba Marinós sé lol-köttur og að talsmaður neytenda skarti rándýru lúkki í blaðaviðtali.“

*Ásgeir Kolbeins birtist reglulega á Flick My Life. Gerið þið út ljósmyndara sem elta hann á röndum?*

„Líkt og margt annað á síðunni byrjaði þetta sem einkahúmor en lesendur gripu „konseptið“ á lofti og hafa verið duglegir að senda inn myndir. Annars er Ásgeir Kolbeins svo fyrirsjáanlegur að ef við viljum ná mynd af honum erum við aldrei lengur en svona klukkutíma að finna hann. Draumurinn er samt að ráða Rax og Björn Blöndal til að fylgja honum eftir um lengri tíma og gefa út artistic/erótíska ljósmyndabók undir heitinu *Kolb in the wild*.“

*Er Flick My Life fullkomin eins og hún er, eða á hún eftir að þróast frekar?*

„Við teljum að Flick My Life sé í mjög góðum farvegi þessa dagana, hins vegar hefur síðan aldrei verið hrædd við að þróast og aldrei að vita hvað verður. Við erum hins vegar opnir fyrir öllu, ef það er gott grín.“

*Hversu langt er í að Flick My Life verði vinsælasta vefsíða landsins?*

„Þessa stundina er síðan með fleiri Facebook-like en The Charlies þannig að við getum bara gengið út frá því að hún sé það nú þegar. Annars hlýtur það bara að vera tímaspursmál,er það ekki? Þetta er síðan sem fólk elskar að elska að hata.“


Láttu skynsemina ráða ferð, verslaðu ódýrt hjá PITSTOP

Láttu skynsemina ráða ferð, verslaðu ódýrt hjá PITSTOP



-15%

pitstop

Við erum með frábær verð á heilsárs/vetrardekkjum og út September veitum við –15% afslátt af heilsársdekkjum og umfelgunum að auki.

Settu vetrardekkin tímanlega undir í ár og farðu strax á eina af þjónustustöðvum PITSTOP og fáðu heilsársdekk og umfelgun á frábærum verðum og -15% afslátt að auki .

Það er ódýrara að vera öruggur í umferðinni í vetur.





Rauðhella 11, Hfj.



Dugguvogur 10, Rvík



Hjallahraun 4, Hfj

Pitstop býður auðvitað miklu fleiri gerðir og týpur af dekkjum í öllum verðflokkum.

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj - Dugguvogi 10, Rvík - Hjallahrauni 4, Hfj. - Þjónustubíll

Sími : 568 2035 Sími : 568 2020 Sími : 565 2121 Sími : 568 2035 & 842 5715

www.pitstop.is



Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka
★★★★★
„Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“
EB, Fbl.
★★★★
JVJ, DV
„Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallegt mál, smekkleg umgjörð og góður leikur.“
SG, Mbl.
GRÍMAN 2010
BARNASÝNING ÁRSINS
Sýningardagar
Lau. 18/9 kl. 14 UPPSELT
Sun. 19/9 kl. 14 UPPSELT
Lau. 25/9 kl. 14 UPPSELT
Sun. 26/9 kl. 14 UPPSELT
Sun. 3/10 kl. 14 Örfá sæti
Sun. 10/10 kl. 14 Örfá sæti
Sun. 17/10 kl. 14 Örfá sæti
Aukasýningar
Lau. 2/10 kl. 14 Örfá sæti
Lau. 9/10 kl. 14 Örfá sæti
Lau. 16/10 kl. 14
HORN Á HÖFÐI
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
í samstarfi við GRAL

POPP



# 5 GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ REYNA AÐ HALDA KÚLINU Í SKÓLANUM

Unnsteinn Manúel Stefánsson tónlistarmaður

1 **Dugnaður** Ekki falla á prófum.



2 **Tungumál** Lærðu latínu.

3 **???** Fyrstu vikuna skaltu finna mesta töffarann á fjórða ári og lemja hann í klessu.

4 **Almenn skynsemi** Ekki missa vitið á busaballinu.

5 **Nestið** Á meðan aðrir mæta með Magic og banana í prófnesti skalt þú sjálfur mæta með pilsner og sígarettupakka, til að ergja kennarana.







POPP Auglýsingasími 512 5411

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Salvör Thorlacius

21 ÁRS NEMI
Í SÁLFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

***Lýstu þínum persónulega stíl.*** Algjört bland í poka, reyni samt alltaf að vera kvenleg og sæt.

***Myndir þú kaupa þér þessa flík sjálf?*** Eflaust ekki þar sem ég kaupi mér mjög sjaldan föt. En gæti samt alveg hugsað mér að fá hana í gjöf.

***Við hvaða tilefni myndir þú klæðast þessari flík?*** Ég myndi klæðast henni dagsdaglega, hún væri til dæmis flott við góðar buxur í skólann.

***Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu?*** Það gekk með ólíkindum vel. Pilsið hreinlega kallaði á skyrtuna!

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Hildur Sigurðardóttir

29 ÁRA FIT PILATES-KENNARI Í SPORTHÚSINU OG NEMANDI Í HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLANUM

***Lýstu þínum persónulega stíl.*** Kvenlegur og þægilegur. Mér finnst mjög þægilegt að vera í kjólabolum og peysum við leggings, en svo eru gallabuxur og bolur alltaf sígilt. Mér finnst samt mikilvægt að vera smart þó að maður sé í þægilegum fötum.

***Myndir þú kaupa þér þessa flík sjálf?*** Ég hefði örugglega ekki valið hana sjálf. Líklega hefði ég tekið síðari skyrtu til að nota við leggings, en fíla mig samt mjög vel í þessu. Aldrei að vita nema maður skelli sér á eina svona.

***Af hvaða tilefni myndir þú klæðast þessari flík?*** Hversdags, við dagleg störf.

***Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu?*** Það var lítið mál að klæðast þessari flík þar sem ég fílaði mig mjög vel í henni þegar ég var komin í gallabuxurnar mínar við, kom mér skemmtilega á óvart.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





***Stjörnurnar elta tískustrauma rétt eins og aðrir og hafa köflóttar skyrtur líka átt inn á borðið hjá þeim. Rokksöngkonur, fyrirsætur og tískufrumkvöðlar á borð við leikkonurnar* Sarah Jessica Parker *og* Drew Barrymore *eiga það sameiginlegt að hrífast af köflóttum skyrtum. Rokkaradóttirin* Kelly Osbourne *virðist einnig skotnar í flíkinni.***


Signatures Of Nature
Náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

Frábær tilboð alla helgina

MINERAL MAKE UP
- NÝ FÖRÐUNARLÍNA

Nýtt



- engin kemísk efni
- fyrir allar húðtegundir
- gefur heilbrigt og geislandi útlit
- lokar ekki húðinni
- engin rotvarnarefni

Án allra rotvarnarefna. Húðin er stærsta líffæri líkamans. Hugaðu vel að umhirðu hennar með því að nota grænni vöru.

aloe vera barbadensis
grape-fruit oila
patchouli
vanilla
E.vitamin
Lemongrass
A.vitamin
camomile
C.vitamin
lavender
mandla
spirulina
magnesium
dunilla



Þorbjörg Marinósdóttir
blaðakona Séð og Heyrt

Ég var búin að vera í rugli með húðina á mér vegna mikilla hitabreytinga og var búin að vera hjá húðsjúkdómalækni og á sterkum lyfjum þar sem ég var gjörn á að fá útbrot og þurrkubletti. Eftir tvær vikur með Mineral Flowers línunni hætti ég á lyfjunum. Húðin á mér er hefur aldrei verið heilbrigðari og fallegri. Ég mæli sérstaklega með gelinu til að hreinsa húðina fyrir svefninn. Mineral Flowers línan er náttúruleg og einstaklega góð við íslenskar aðstæður þar sem aska, skyndilega hita- og rakabreytingar eru daglegt brauð. Ég er mjög viðkvæm fyrir þessum breytingum og hef verið hjá húðlæknum vegna þrálátra útbrota síðastliðna mánuði. Þessi dásamlegu krem hafa losað mig við öll útbrot og húðlæknaheimsóknir. Whoop whoop fyrir því! Ég nota Mineral Flowers línuna og mæli 100% með henni. Hún er alveg yndislegt fyrir þurra húð sem frikar út við kalt loft og miklar hita og rakabreytingar. Hreinsigelið er alger snilld!

www.signaturesofnature.is
Verlsanir okkar eru í Smáralind 2. hæð við D-inngang sími 511-10-09



Vítamín
Heilsuvörur

Vítamín- og heilsuvörudagar eru í Reykjavíkur Apóteki dagana 23. – 25. september.

20% afsláttur

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# FINNUR RÓ ÞEGAR HÚN RAÐAR

**Hönnuðurinn *Tinna Pétursdóttir* rekur Stúdíó Akkeri ásamt Hjördísi Ýri Ólafsdóttur, en meðal þess sem þær hanna eru minnisbækur, litríkir límmiðar sem nota má til að skreyta veggi og ýmislegt annað krúttlegt.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason



Tinna Pétursdóttir stofnaði hönnunarfyrirtækið Stúdíó Akkeri ásamt Hjördísi Ýri Ólafsdóttur. Hún segir frelsandi að hafa hent sér út í það að fara í eigin rekstur.

Tinna er uppalinn Hafnfirðingur og lagði stund á nám í grafískri hönnun í IED-hönnunarskólanum í Mílanó og lauk einnig mastersnámi í umbúðahönnun frá sama skóla. Hún var búsett í Mílanó í fimm ár og segist hún hafa kunnað mjög vel við sig í borginni. Hún kynntist fljótlega nokkrum Íslendingum sem einnig bjuggu í borginni og upplifði sig því aldrei eina allan þann tíma sem hún bjó þar. „Mér leið alltaf mjög vel þarna. Ég kynntist líka nokkrum Íslendingum þegar ég var í ítölskunámi og þeir eiginlega ættleiddu mig, þannig mér leið aldrei eins og ég væri alein þarna úti í hinum stóra heimi,“ segir Tinna.

Hún ber Ítölum vel söguna og segir Mílanó vera stórkostlega borg fyrir ungan námsmann til að búa í því þar sé nóg um að vera. „Það er rosalega gaman að vera ung manneskja í stórborg eins og Mílanó, en ég myndi aldrei vilja ala börnin mín þarna upp. Síðasta árið mitt í borginni var ég ólétt og það var hræðilegt. Mæðraskoðunin tók heilan dag því skriffinnskan er svo hrikalega hæg og gamaldags og svo var líka 38 stiga hiti úti og ég með morgunógleði. Það var ekki minn besti tími í Mílanó,“ segir hún og hlær.

## SKÍTMIXARI AF GUÐS NÁÐ

Tinna segist alltaf hafa verið mikill skítmixari og var snemma farin að hanna ýmislegt inn í herbergi sitt. Hún hefur einnig mikla þörf fyrir að skipuleggja og var það meðal annars sú þörf sem leiddi hana inn á braut grafískrar hönnunar.

„Ég hef alltaf verið að pæla í umhverfinu. Ef ég sá einhverjar gardínur sem mér þóttu flottar, þá bjó ég til eins gardínur úr títiprjónum og dagblöðum, eða einhverju álíka. Ég er líka mikið fyrir að sortera, raða og skipuleggja og finn fyrir mikilli ró þegar ég er að raða. Þegar ég rakst svo á námskrá IED og fann námið í grafískri hönnun hugsaði ég strax: „Já, þetta er ég!“ Grafísk hönnun gengur nefnilega mikið út á skipulagningu og tiltekt. Við eigum að raða myndum og texta þannig að allt komist sem best til skila og sjá til þess að þeir líti fallega út,“ útskýrir Tinna.

## STÚDÍÓ AKKERI

Tinna flutti aftur heim til Íslands fyrir fimm árum og vann þá bæði sjálfstætt og á auglýsingastofu. Hugmyndin að Stúdíó Akkeri fæddist aftur á móti í byrjun þessa árs þegar Tinna fann að hún væri ekki á réttri hillu og ákvað að segja upp vinnunni.

„Ég fann að ég var ekki á réttum stað í lífinu og talaði stanslaust um alla þá hluti sem mig langaði að hanna og gera. Hjördís Ýr var í sömu pælingum og við ákváðum að stofna saman Stúdíó Akkeri í janúar á þessu ári,“ segir Tinna og bætir við að það hafi verið mjög frelsandi að henda sér út í eigin rekstur og því sjái hún alls ekki eftir þeirri ákvörðun. „Auðvitað kom stund þar sem ég hugsaði með mér: „Úff, hvað er ég að gera? Ég á börn og hætti að verða áskrifandi að launum mínum,“ en í grunninn fannst mér mikilvægara að vera glöð og eiga þá aðeins færri krónur heldur en hitt.“

Stúlkurnar eru með vinnustofu í Hafnarfirði, þar sem þær ólust báðar upp, og þar verða allir töfrarnir til. Aðspurð segir Tinna þær hafa ákveðið frá upphafi að skuldsetja sig ekki heldur byrja smátt og færa sig hægt og rólega upp á skaftið. Hún lýsir hönnun Stúdíós Akkeris sem einfaldri en krúttlegri og segir hana passa hvort heldur við börn eða fullorðna. „Við vildum gera hluti sem lifa lengi og endast vel og hægt er að nota á ýmsa vegu,“ segir Tinna og bætir við: „Við erum báðar líka svolitlar krúsídúllur innst inni og erum mjög hrifnar af krúttlegum hlutum. Við og hönnun okkar verður örugglega seint talið töff,“ segir hún og hlær.

## KRÚTTLEGAR Í ÚTRÁS

Hönnun Stúdíós Akkeris fæst núorðið í verslunum Máls og menningar og á netverslununum Femin.is, Uma.is og Sirka.is. Nýverið pantaði einnig barnavöruverslun í Noregi vörur frá stúlkunum og voru fyrstu vörurnar sendar héðan á miðvikudaginn var. Norska verslunin fann vörurnar í gegnum Twitter-síðu hönnunarfyrirtækisins og segir Tinna að Netið sé kjörinn staður fyrir sprotafyrirtæki til að auglýsa sig á ódýran en hagkvæman hátt. Þegar hún er innt eftir því hvort þær séu nú komnar í útrás svarar Tinna hlæjandi: „Þegar við erum komnar með aðeins breiðari línu ætlum við að markaðssetja okkur markvissar og þá verðum við kannski krúttlegar útrásarvalkyrjur. En eins og er, er þetta svolítið tilfallandi bara.“

Að sögn Tinnu fengu stúlkurnar mikla hjálp við að koma fyrirtækinu á laggirnar og tóku því engin lán í upphafi ævintýrisins. „Við reynum að framleiða vörurnar á sem ódýrastan hátt og fyrirtækin sem við skiptum við hafa líka verið mjög sveigjanleg og tilbúin til að aðstoða okkur. Það er bæði mikill stuðningur og hvatning að finna fyrir slíkum velvilja þegar maður er að stíga sín fyrstu skref í viðskiptum.“

## RIFNA ÚR MONTI

Að lokum, hvar sérðu þig eftir tíu ár? „Enn þá í þessu. Með vörulínur sem ég er að rifna úr monti yfir og komin á sölusýningar úti um allan heim. Ég er ekki að stefna að heimsyfirráðum, við verðum ekki næsta IKEA, en það væri gaman að fá aðeins meira borgað fyrir vinnu sína en maður gerir í dag,“ segir Tinna að lokum.

## * bak við tjöldin

**Uppáhaldsmatur?**
Sushi, fyrir utan hvað það er gott á bragðið þegar maður borðar það á alvöru stað þá fylgir því alltaf svo skemmtileg stemning og stundum pínulítið eins og hálfgerð seremónía. Því tengjast líka svo margar góðar minningar.



**Uppáhaldsstaðurinn?**
Ætli það sé ekki San Leonino, lítið sveitahótel sem við duttum niður á í miðri Toscana. Það leyndist milli fallegra vínekra í Chianti-héraði og þar átti ég frábæra páska með Hjördísi og mönnunum okkar fyrir nokkrum árum. Við höldum einhverja Akkerisárshátíðina þar eftir nokkur ár. Svo eru Berlín, Róm og München í miklu uppáhaldi.



**Hvað er í spilaranum þessa dagana?**
Bombay Bicycle Club, Florence and the Maschines, Arcade Fire og Kings of Leon.



**Helsti kostur þinn?**
Sveiganleiki og lífsgleði.

**Uppáhaldsbíómyndin?**
Úff, veit ekki hvort ég get sagt einhver ein. Mér dettur fyrst í hug Låt den rätte komma in, Kick-Ass og Inception, mjög ólíkar sögur í skemmtilegum útfærslum. Ég er svolítill bíósjúklingur, en viðurkenni að ég er mikill „Chick flick buff“.

**Besta setningin/mottó?**
Þessa dagana – ætli maður verði ekki að segja bara „If you can dream it you can do it“.



Ertu oft þreytt og orkulítil?
Taktu ábyrgð á eigin heilsu.
Almennar náttúrulækningar.
Regndropanudd, fótanudd ofl.
HEILSUMEISTARINN
HAFDÍS ÓSK
Sími 8670208

HAUSTÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
RÝMUM FYRIR VETRARVÖRUNUM
23.SEP. - 2.OKT.
www.fjallakofinn.is • við erum á facebook
FJALLAKOFINN
Reykjavíkurvegi 64 • Hafnarfirði • sími 510 9505




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## HELGARRÁÐIN



**María Guðvarðardóttir, vörustjóri og förðunarfræðingur hjá MAC snyrtivörum.**



1 Ég myndi segja að fyrir djammið sé aðalatriðið að hreinsa húðina vel og gefa henni góðan raka. Frábært er að nota gott rakakrem sem nærir húðina og gefur henni raka. Svo er algjört möst að setja á sig Strobe Cream á svonefnd „highlight“ svæði, það gefur fallegan Hollywood-ljóma.

2 Eftir gleði næturinnar er best að þrífa húðina vel, MAC Cleanse Off Oil er geggjaður hreinsir sem má nota bæði á andlit og augu. Ég mæli einnig með að setja á sig krem fyrir nóttina, húðin er að endurnýja sig og hreinsa á nóttunni þannig að það er mjög mikið atriði að undirbúa það vel.



3 Morguninn eftir er gott að bera á sig undrakremið Fast Response. Það er augnkrem sem inniheldur koffín sem róar húðina og dregur úr þrota og dökkum hringjum í kringum augun, þú sérð muninn!

4 Ef þú ætlar að hitta vinkonur eða fjölskyldu í „brunch“ og vilt líta vel út en hefur lítinn tíma til að hafa þig til mæli ég með að eiga Paint Pot-augnskugga í snyrtiveskinu, hann hleypur ekki í línur. Svo er flott að setja á sig fallegan brúnan augnblýant með, maskara og loks fallegt varagloss í ferskjulit til að fullkomna þetta.

5 Allar konur eiga að vera með gloss, varalit og varasalva í veskinu til að fríska upp á útlitið yfir daginn. MAC er með ótrúlega mikið úrval af varalitum, glossum og einnig lituðum varasölvum sem eru ótrúlega góðir og má líka nota á kinnarnar ef þig vantar kinnalit.












# Árskort aðeins 3.900 kr. á mánuði

**Fyrsta flokks Technogym tækjasalur**

Easy line, Kinesis veggur og „Einkaþjálfari“ í formi lykils

**Heilsa&Hreyfing**
27. sept – 4 vikur
Mán, mið og föst
**Hjörtur Hjartarson sýnir olíumálverk sín í rándýrri þakíbúð í New York. Hann segir íslenskar náttúrumyndir sínar passa ágætlega inn í lúxusíbúðir.**

„Verðmiðinn er 24 milljónir dollara eða einhverjir þrír milljarðar,“ segir myndlistarmaðurinn Hjörtur Hjartarson um þakíbúð í New York þar sem sjö olíumálverk hans verða til sölu á næstunni.

Íbúðin er til sölu og er við götuna Broom Street sem er vinsæl á meðal auðugra Bandaríkjamanna. Hún er um sjö hundruð fermetrar og lofthæðin er um fimm metrar. „Hún er með útsýni yfir alla Manhattan. Þetta er ein flottasta íbúð sem ég hef séð. Hún er með heitum potti og japönskum garði. Svo er bara lið fyrir utan með aleiguna í innkaupakörfu. Það verða ekki meiri andstæður en þetta,“ segir Hjörtur.

Hann hélt einkasýningu í New York í október í fyrra sem fékk mjög góð viðbrögð og seldust allar myndirnar upp. Síðan þá hafa fleiri myndir hans verið til sölu víðar í New York. „Það er innanhússhönnuður sem er að taka myndirnar og sýna þær í betri íbúðum. Það eru nokkrir amerískir myndlistarmenn sem hún valdi og síðan er ég eini Íslendingurinn,“ útskýrir Hjörtur.

Fólkið sem kaupir þessar íbúðir kaupir yfirleitt alla innanstokksmuni líka, þar á meðal málverkin, og fær innanhússhönnuði til að innrétta fyrir sig. „Þetta fólk nennir ekki að innrétta sjálft. Það vill fá allan pakkann. Þetta er ameríski mátinn við sölu á lúxusíbúðum.“

Hjörtur hefur haldið fjórtán einkasýningar hérlendis. Hann segist hafa dottið inn í þennan sýningapakka í New York fyrir tveimur og hálfu ári. „Ég var að sýna í Start Art á Laugaveginum. Þá duttu þessar konur inn sem voru að koma hingað og velja einhverja listamenn. Það kom allt í einu rigningardemba og þær hoppuðu þarna inn til að fá skjól. Þetta var skemmtileg tilviljun.“

Auk sýningarinnar í þakíbúðinni heldur Hjörtur samsýningu ásamt fjórum Bandaríkjamönnum sem verður haldin í lífsstílsbúð Cristina Dos Santos í Tribeca-hverfinu í New York. Þar hafa myndir Hjartar áður verið til sýnis og til dæmis birst í tímariti Mörthu Stewart.

Hjörtur er virkilega ánægður með viðtökurnar sem myndir hans hafa fengið í New York. „Þetta eru bara íslenskir litir og íslensk náttúra sem ég er að vinna með. Síðan tek ég mikið af ljósmyndum og vinn út frá þeim. Ég hef farið inn í nokkrar íbúðir þar sem fólkið býr sem hefur keypt af mér. Þarna er voða mikil steinsteypa og konseptið hjá mér passar ágætlega inn í þetta. Ég er að gefa þeim glugga úr náttúrunni og þess vegna gengur þetta upp.“

Aðspurður segir hann þessi góðu viðbrögð hafa komið sér á óvart. „Gjörsamlega. Ég bjóst ekki við neinu, þannig séð.“ freyr@frettabladid.is



**HJÖRTUR HJARTARSON** Myndlistarmaðurinn Hjörtur Hjartarson við eitt verka sinna. Sjö málverka hans verða til sölu í rándýrri þakíbúð í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## Föstudagurinn, 24. september
Friday, September 24th

Reykjavík International Film Festival September 23 – October 3 2010

| | | |
|---|---|---|
| 16:00 | Petition, The Court Of The Complainants | • Iðnó |
| | Submarino | • Bíó Paradís 1 |
| | Today Is Better Than Two Tomorrows | • Bíó Paradís 2 |
| | All Boys | • Bíó Paradís 3 |
| | Fake Orgasm | • Bíó Paradís 4 |
| | Elio Petri : Notes On An Filmmaker | • Norræna húsið |
| 18:00 | Addicted in Afghanistan | • Háskólabíó 2 |
| | The Cameramurderer | • Háskólabíó 3 |
| | Bad Family | • Háskólabíó 4 |
| | The Edge of Dreaming | • Bíó Paradís 2 |
| | Last Train Home | • Bíó Paradís 3 |
| | Fake Orgasm | • Bíó Paradís 4 |
| | Oil Rocks / The Mermaid's Tears | • Norræna húsið |
| 18:30 | The Tillman story | • Iðnó |
| | Jo for Jonathan | • Bíó Paradís 1 |
| 20:00 | Littlerock | • Háskólabíó 2 |
| | A Somewhat Gentleman | • Bíó Paradís 3 |
| | Armadillo | • Bíó Paradís 2 |
| | Wonderful Summer | • Bíó Paradís 4 |
| 20:30 | One Hundred Mornings | • Iðnó |
| | Toxic Playground | • Bíó Paradís 3 |
| | The Blood of the Rose | • Norræna húsið |
| 21:00 | The Most Dangerous Man In America | • Bíó Paradís 1 |
| 22:00 | Cyrus | • Háskólabíó 2 |
| | Down By Law | • Háskólabíó 3 |
| | Splinters | • Bíó Paradís 4 |
| 22:20 | Which Way Home | • Norræna húsið |
| 22:30 | Shungu (Everyday but Sunday) | • Iðnó |
| | Dealer | • Norræna húsið |
| | Symbol | • Bíó Paradís 2 |
| | About Face: The Story Of Gwendellin Bradshaw | • Bíó Paradís 3 |
| Sérviðburðir | | |
| 16-17:30 | Málþing um Palestínu | • Þjóðminjasafnið |
| 16:00 | Laird Adamson | • Center Hotel Plaza |
| 21:00 | Sundbíó | • Sundhöll Reykjavíkur |

## Addicted in Afghanistan
Q&A með Sharron Ward framleiðanda myndarinnar



Talið er að um 95% af öllu heróíni á götum Bretlands og Bandaríkjanna komi frá Afganistan, en sjaldan er talað um það magn eiturlyfja sem verða eftir í landinu og þau hræðilegu áhrif sem þau hafa á afgönsk börn – æskuna og framtíð Afganistan.

**Háskólabíó kl. 18:00**

epli.is Iceland Express CENTER HOTELS



**MÆÐGUR** Madonna og Lourdes klæðast fötum hvor af annarri.

# Stelst í föt dótturinnar

**Söngkonan Madonna fær oft föt lánuð hjá dóttur sinni Lourdes. Þær geta samt ekki skipst á skópörum því þær nota mismunandi stærð. „Það er mjög pirrandi," sagði Lourdes sem er þrettán ára. Hún hefur hingað til verið dugleg við að fá lánuð föt hjá móður sinni en núna er hin 52 ára Madonna byrjuð að leita í fataskáp dóttur sinnar. Stutt er síðan mæðgurnar stofnuðu fatamerkið Material Girl. Það virðist hafa verið góð ákvörðun því fatasmekkur þeirra er greinilega mjög svipaður.**



**EDDIE VEDDER** Söngvarinn kvæntist fyrirsætunni Jill McCormick á Havaí.

# Brúðkaup á Havaí

**Eddie Vedder, söngvari rokksveitarinnar Pearl Jam, kvæntist á dögunum kærustu sinni til langs tíma, fyrirsætunni Jill McCormick. Athöfnin fór fram á Havaí og á meðal gesta voru leikararnir Sean Penn, Tim Robbins og tónlistarmaðurinn Jack Johnson. Hinn 45 ára Vedder, sem sló í gegn með Pearl Jam í byrjun tíunda áratugarins, bað hinnar 32 ára McCormick í Washington á síðasta ári. Þau eiga saman dæturnar Oliviu og Harper sem eru sex og tveggja ára.**

## Miðbæjarganga

Norðfirðingafélagið í Reykjavík boðar til miðbæjargöngu laugardaginn 25. september. Farið verður frá Hljómskálanum kl. 10:30. Norðfirðingurinn Ragna Ólafsdóttir sér um leiðsögn. Hvetjum sem flesta til þess að mæta.

## Tónlistarkvöld

Verður haldið föstudaginn 8. okt. á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi. Hljómsvetin Mono sér um fjörið. Njótum líðandi stundar.

**Norðfirðingafélagið í Reykjavík.**

# Frægur hakkari á meðal gesta

Félag íslenskra tölvuleikjaframleiðenda heldur upp á ársafmæli sitt í Bláa lóninu í dag. Þar verður haldin ráðstefna þar sem lykilfyrirlesararnir eru þeir Pablos Holman og Jason Della Rocca. Holman er frægur hakkari og sérfræðingur í öryggismálum, sem hefur meðal annars unnið við smíði geimflauga. Rocca er eftirsóttur fyrirlesari eins og Holman og hefur stýrt Alþjóðasamtökum tölvuleikjaframleiðenda í níu ár.

„Það er bæði heiður og ánægja að fá þá Pablos og Jason í heimsókn. Það verður lærdómsríkt að hlusta á fyrirlestra þeirra og annarra sem þarna koma fram," segir Erla Bjarney Árnadóttir, formaður Félags íslenskra tölvuleikjaframleiðenda. Hún er að vonum spennt fyrir ráðstefnunni. „Þetta er í fyrsta sinn sem við fáum tækifæri til að hittast öll í þessum geira hér á landi og velta fyrir okkur framtíðinni, bæði út frá sjónarmiðum okkar Íslendinga sem og því sem er að gerast úti í heimi," segir hún.

Sex fyrirtæki eru meðlimir í Félagi íslenskra tölvuleikjaframleiðenda og varlega áætlað starfa rúmlega 450 manns í þessum geira hér á landi. Flestir starfa hjá CCP, eða um 280 manns. Hjá Gogogic starfa um 40 manns og hjá Betware starfa um 75 manns. „Þetta er orðinn nokkuð fjölbreyttur iðnaður sem hefur alla burði til að vaxa frekar. Sem dæmi má nefna að miðað við hina margfrægu höfðatölu jafngildir þetta um 400 þúsund störfum í Bandaríkjunum og um 90 þúsund störfum í Þýskalandi," segir Erla. „Hér á landi hefur verið stöðugur vöxtur síðustu tíu ár, þó svo að ákveðin sprenging hafi orðið upp úr 2008." - fb



**ERLA BJARNEY ÁRNADÓTTIR** Formaður Félags íslenskra tölvuleikjaframleiðenda býst við skemmtilegri ráðstefnu í Bláa lóninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# sport

sport@frettabladid.is



**4** **ÍSLENSKIR ÞJÁLFARAR** í þýsku bündesligunni í handbolta eru nú orðnir fjórir eftir að Guðmundur Guðmundsson tók við liði Rhein-Neckar Löwen. Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, er á sínu fjórtánda ári, þar af því þriðja með Kiel, Dagur Sigurðsson er á sínu öðru ári með Füchse Berlin og Aron Kristjánsson tók við liði Hannover-Burgdorf í sumar. Auk þess þjálfa í b-deildinni þeir Patrekur Jóhannesson (Emsdetten) og Aðalsteinn Eyjólfsson (Eisenach) og gætu því bæst í hópinn næsta vetur.

KSÍ rukkar inn á U-21 árs leik Íslands og Skotlands:

## Einhvers staðar verða peningarnir að koma

**FÓTBOLTI** Ákvörðun Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, um að rukka inn á leik U-21 árs liða Íslands og Skotlands hefur fallið í grýttan jarðveg hjá mörgum enda hefur KSÍ ekki verið að rukka inn á leiki ungmennaliðsins í þessari undankeppni.

Leikurinn gegn Skotum er afar mikilvægur enda umspil um laust sæti á úrslitakeppni EM. Fyrri leikurinn hér heima er 7. október og þar þurfa íslensku strákarnir að ná hagstæðum úrslitum.

„Það er mín ákvörðun að rukka inn á þennan leik. Við höfum ekki áður komist svona langt í þessari keppni og það verður vonandi eftirspurn eftir því að komast á leikinn. Ég tel að það sé vel þess virði að greiða mjög lágt gjald fyrir þennan leik,“ sagði Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, en 1.000 krónur mun kosta á leikinn ásamt því sem 16 ára og yngri fá frítt inn.

„Það er náttúrulega þannig að reksturinn á okkar landsliðum kostar gríðarlega fjármuni og einhvers staðar verða peningarnir að koma til þess að reka þessi lið. Þetta er samt ekki hugsað sem nein stórkostleg tekjulind,“ sagði Þórir en KSÍ hefur verið rekið með miklum hagnaði undanfarin ár og notið gríðarhárra styrkja frá FIFA og UEFA.

Þórir óttast ekki að áhorfendum fækki þó svo nú sé rukkað fyrir leiki með liði sem áður var kostaði ekkert að sjá. Alls mættu rúmlega 3.000 áhorfendur á leik liðsins gegn Þýskalandi á dögunum.

„Þetta er sama verð og inn á kvennaleiki. Það er ekkert langt síðan við byrjuðum að rukka inn á kvennaleiki og það hefur ekki fækkað áhorfendum. Þvert á móti eru sífellt að koma fleiri. Ég vænti þess að fólk fjölmenni þó svo það kosti minna á leikinn en á leik í Pepsi-deildinni.“

- hbg



**ÞÓRIR HÁKONARSON** Segir eðlilegt að rukkað sé inn á stórleik U-21 árs landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lengi dreymt um að þjálfa eitt af bestu liðum heims

**Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson hefur skrifað undir fimm ára, óuppsegjanlegan samning við þýska stórliðið Rhein-Neckar Löwen. Hann mun þar af leiðandi láta af starfi sem íþróttastjóri Löwen og danska liðsins AGK.**

**FÓTBOLTI** Það er skammt stórra högga á milli hjá Guðmundi Þórði Guðmundssyni. Ekki er langt síðan hann var ráðinn íþróttastjóri stórliðanna Rhein-Neckar Löwen og AGK. Starfið var einstakt í handboltasögunni en Guðmundur var ráðinn í starfið af danska skartgripajöfrinum Jesper Nielsen sem hefur óbilandi trú á hæfileikum Guðmundar.

Í gær lét hann svo af því starfi til þess að gerast aðalþjálfari þýska liðsins. Hann tekur við starfinu af Svíanum Ola Lindgren sem hefur ekki náð þeim árangri með liðið sem vonast var eftir.

„Þetta bar mjög skjótt að,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær. Hann var þá nýkominn af æfingu með liðinu en hann var með myndbandsfund á undan æfingunni. Fyrsti leikur Guðmundar með liðið er sannkallaður risaleikur en Löwen leikur gegn Barcelona á Spáni í Meistaradeildinni um helgina.

„Þetta starf er það stórt og mikið að ég get ekki lengur einbeitt mér að hinu starfinu. Þetta er gríðarlega krefjandi starf og meiri pressa á mér í þessu starfi en því sem ég var í. Þetta er því ögrun sem mér líkar við. Það hefur lengi verið draumur hjá mér að fá að stýra einu af stærstu handboltaliðum heims og nú hefur sá draumur ræst. Ég gat ekki sagt nei við þessu tækifæri,“ sagði Guðmundur en hann skrifaði undir fimm ára óuppsegjanlegan samning sem er óneitanlega sérstakt.

„Jesper er sannfærður um að ég sé rétti maðurinn til þess að koma liðinu í þær hæðir sem hann vill sjá það. Markmiðið er mjög einfalt – að gera Löwen að einu af bestu liðum heims á þessum fimm árum. Flestir sem eru í liðinu núna eru með langtímasamninga þannig að ég mun vinna með þessum hópi. Einhverjar breytingar verða næsta sumar en ekki miklar,“ sagði Guðmundur.

Jesper Nielsen hefur látið í það skína að Ólafur Stefánsson færi sig yfir til AGK næsta sumar en hann er eigandi beggja liða. Guðmundur segir að það mál sé alveg óráðið og muni skýrast síðar. Ólafur er einn þriggja íslenskra leikmanna sem spila með Löwen. Hinir eru Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson.

„Ég verð aðalþjálfari og mun hafa valdið einnig með leikmannakaup rétt eins og þegar ég var íþróttastjóri. Það mun ekki koma slíkur yfirmaður yfir mér en AGK mun þurfa að ráða nýjan íþróttastjóra þar sem ég mun ekki vinna fyrir það félag áfram.“

henry@frettabladid.is



**GERIR ÞAÐ GOTT** Guðmundur ætlar að gera Löwen að einu af bestu liðum heims innan fimm ára. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

### Mun stýra landsliðinu áfram

Þó svo að Guðmundur Guðmundsson sé orðinn þjálfari Rhein-Neckar Löwen mun hann áfram stýra íslenska landsliðinu í handbolta sem hann hefur náð stórbrotnum árangri með á síðustu árum.

Samningur Guðmundar við HSÍ er til sumarsins 2012 og þann samning hyggst Guðmundur virða.

„Ég lét HSÍ vita strax af því sem var í gangi og sagði þeim að þetta nýja starf myndi ekki hafa nein áhrif á starf mitt með landsliðið. Jesper hefur ekkert á móti því og er ánægður með að ég sé að vinna í alþjóðlegum bolta. Nýja starfið skapar því ekki nein vandamál. Vissulega verður meira álag á mér en ég hef unnið undir álagi áður,“ sagði Guðmundur sem var með ákvæði í samningi sínum við HSÍ sem leyfir honum að stýra félagsliði.





**ENSKI BOLTINN** 25. SEPTEMBER 2010

| | | | 1 | X | 2 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Liverpool – Sunderland | ÚRV.D. | | | |
| 2. | Arsenal – W.B.A. | | | | |
| 3. | Birmingham – Wigan | | | | |
| 4. | Blackpool – Blackburn | | | | |
| 5. | Fulham – Everton | | | | |
| 6. | West Ham – Tottenham | | | | |
| 7. | Leeds – Sheff. Utd. | | | | |
| 8. | Scunthorpe – Ipswich | 1. D. | | | |
| 9. | Burnley – Bristol City | | | | |
| 10. | Nottingham Forest – Swansea | | | | |
| 11. | Q.P.R. – Doncaster | | | | |
| 12. | Reading – Barnsley | | | | |
| 13. | Watford – Middlesbro | | | | |

38. LEIKVIKA — SÖLU LÝKUR 25. SEPT. KL. 13.00

**Stærstu nöfnin** eru í Enska boltanum og nú er **potturinn** orðinn **ennþá stærri**. Vertu með og tippaðu fyrir kl. 13 á morgun.

**68.000.000** (13 R.)
**25.500.000** (12 R.)
**20.400.000** (11 R.)
**42.500.000** (10 R.)

1X2

**TIPPAÐU** Á **NÆSTA SÖLUSTAÐ** EÐA Á **1X2.IS**


Staða Vals og Breiðabliks er ekki góð eftir fyrri leikina í Meistaradeild kvenna:

## 3-0 töp hjá íslensku liðunum

**FÓTBOLTI** Valur og Breiðblik eru ekki í góðum málum eftir fyrri leik sinn í 32 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Breiðablik tapaði 0-3 á heimavelli á móti franska liðinu Juvisy Essonne en Valskonur koma hins vegar heim frá Spáni með 3-0 tap á bakinu á móti spænska liðinu Rayo Vallecano.

Breiðablik lenti undir strax á 7. mínútu og fékk síðan tvö mörk á sig á síðustu 18 mínútum leiksins. Annað markið var afar klaufalegt hjá Birnu Kristjánsdóttur, markverði liðsins, sem hafði annars átt góðan leik.

„Við vissum það fyrir leikinn að hlutirnir þyrftu að falla með okkur og þeir voru ekki að gera það í dag. Við lögðum upp með það að fá ekki á okkur mark á heimavelli og það að fá mark á okkur svona snemma í leiknum setti að sjálfsögðu svolítinn svip á leikinn,“ sagði Blikinn Harpa Þorsteinsdóttir eftir leikinn.



**VEIK VON** Harpa Þorsteinsdóttir í leiknumá móti Juvisy í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Mér fannst við spila fyrri hálfleikinn virkilega vel og mun betur heldur en þegar við gerðum 3-3 jafntefli við þær fyrr í sumar. Svo komum við út í seinni hálfleikinn og náum ekki að fylgja því eftir,“ sagði Harpa en það er ljóst að möguleikar Blika um að komast áfram eru ekki miklir.

„Við sögðum hérna áðan að við förum bara í seinni leikinn til að drepa þær. Við höfum engu að tapa og verðum að skora. Við verðum bara að koma inn í seinni leikinn með glampa í augum og enga virðingu til að eiga einhvern möguleika. Við verðum að fara út til Frakklands með það hugarfar að hafa gaman af þessu og spila okkar besta fótbolta. Við erum ekki að fara út til þess að láta slátra okkur,“ sagði Harpa.

Líkt og hjá Breiðabliki lenti Valsliðið undir snemma og Rayoliðið bætti síðan við öðru marki á 36. mínútu. Síðasta mark Spánverjanna kom síðan á 59. mínútu og það gæti breytt miklu því nú þarf Valur að vinna seinni leikinn 4-0 til þess að tryggja sér leiki á móti væntanlega Arsenal í 16 liða úrslitunum.

- óój

Lið Bjarna Jóhannssonar gefa eftir í lok móts:

# Tveir sigrar í sautján leikjum í september

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn geta hugsanlega ráðið úrslitum á Íslandsmótinu í ár þegar þeir mæta toppliði Breiðabliks í lokaumferð Pepsi-deildar karla á laugardaginn. Blikar verða Íslandsmeistarar með sigri en ÍBV og FH verða bæði að treysta á sig sjálfa sem og að Stjörnumenn vinni (FH) eða taki að minnsta kosti stig af Blikum (ÍBV).

Tölfræði liða Bjarna Jóhannssonar ættu þó að geta glætt sigurvonir Blika á laugardaginn því Stjörnumenn hafa, eins og öll lið Bjarna í efstu deild síðasta áratuginn, gefið eftir á lokasprettinum.

Lið undir stjórn Bjarna hafa nefnilega ekki unnið leik í úrvalsdeildinni í septembermánuði í átta ár eða síðan Grindvíkingar unnu 5-1 sigur á Þórsurum 15. september 2002. Frá þeim tíma hafa lið Bjarna leikið tíu leiki í röð í septembermánuði án þess að vinna og þessi sigur er aðeins annar af tveimur sigurleikjum liða Bjarna í 17 leikjum í september frá og með keppnistímabilinu 2000. Hinn sigurinn kom í lokaumferðinni fyrir tíu árum.

Samtals hafa lið Bjarna því aðeins náð að vinna 2 af síðustu 17 úrvalsdeildarleikjum sínum í septembermánuði. Stig í húsi eru bara 10 af 51 mögulegu, töpin eru 11 og markatalan er 21 mark í mínus (23-44).

Það er sama hvert er litið, lið Bjarna fá fæst stig, skora fæst mörk og fá langflest mörk á sig í síðasta mánuði tímabilsins og í öllum tilfellum er ágúst næstverstur. Það virðist því vera sem lið Bjarna toppi um mitt sumar en gefi síðan talsvert eftir á haustin hver sem ástæðan fyrir því er. **- óój**


BJARNI JÓHANNSSON

**Árangur liða Bjarna**

**- eftir mánuðum 2000-2010:**

**Stig í leik:**

| | |
|---|---|
| Maí | 1,58 (2. sæti af mánuðum) |
| Júní | 1,65 (1.) |
| Júlí | 1,56 (3.) |
| Ágúst | 1,24 (4.) |
| September | 0,59 (5.) |

**Mörk skoruð/fengin á sig í leik:**

| | |
|---|---|
| Maí | 1,96 (1.) - 1,54 (3.) |
| Júní | 1,90 (3.) - 1,39 (1.) |
| Júlí | 1,92 (2.) - 1,44 (2.) |
| Ágúst | 1,60 (4.) - 1,64 (4.) |
| September | 1,35 (5.) - 2,59 (5.) |







## > Adam Sandler



„Ég hugsa að ástæðan fyrir því að ég les aldrei sé að þegar ég les, finnst mér eins og ég sé að missa af einhverju öðru meira spennandi.“

***Adam Sandler fer með hlutverk hins góðhjartaða Longfellow Deeds í rómantísku gamanmyndinni Mr. Deed, sem er sýnd á Stöð 2 í kvöld kl. 21.45.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER FALLIN FYRIR BRENDU LEE

# *Margir litir Brendu Lee*

Brenda Lee Johnsson, eldklára rannsóknarlögreglukonan sem ég fylgist stundum með í þáttunum The Closer, á sérstakan stað í hjarta mér. Brenda átti ekki sjö dagana sæla þegar hún tók við yfirmannsstöðu yfir flokki karla á lögreglustöð. Þeir voru ekki par ánægðir með að fá konu sem yfirmann, ljóshærða þokkadís í ofanálag, og lögðu sig fram um að gera henni erfitt fyrir. Þeir sinntu verkum seint og illa, og gerðu lítið úr tillögum hennar. Brenda lét þá þó ekki slá sig út af laginu. Með snarpri hugsun og útsmognum yfirheyrsluaðferðum á harðsvíraða þrjóta var hún ekki lengi að sýna þeim fram á hver réði þarna á bæ. Mér finnst heillandi hvað Brenda er hispurslaus og lagin við að snúa á vonda kallinn og ég þreytist aldrei á að horfa á fötin sem hún



klæðist í vinnunni. Fallegir hælaskór, rósóttir kjólar og bleikar peysur.

Ég veit ekki númer hvað serían sem nú er í gangi er en Brenda er fyrir löngu búin að vinna karlþumbana á sitt band. Svo hressilega að það skín af þeim montið þegar hún platar enn einn glæpamanninn til að játa á sig glæpinn, án þess að hafa lögfræðing viðstaddan.

Nýlega tók ég svo eftir skemmtilegri breytingu sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir áður. Litirnir í fötum Brendu eru farnir að endurspeglast í bindum og skyrtum karlanna. Jafnvel í möppum og hefturum á skrifborðunum þeirra. Þegar Brenda er því í mynd í bleikrósótta pilsinu sínu og rauðum skóm má því sjá hálsbindi í sama lit á einum og annan haldandi á rauðri möppu.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.00** The Tour Championship, bein útsending — STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.20** American Dad — STÖÐ 2



▶ **20.00** Bride Wars — STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Bachelor — SKJÁREINN



▶ **20.15** Útsvar — SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.30 Gamla testamentið og nútíminn** Í þættinum er rætt við dr. Þóri Kr. Þórðarson um störf hans og áhugamál, meðal annars rannsóknir hans á Gamla testamentinu sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fræknir ferðalangar** (64:91)

**17.55 Leó** (26:52)

**18.00 Manni meistari** (16:26)

**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Mosfellsbæjar og Snæfellsbæjar.

**21.20 Mótunarár Jane** (Becoming Jane) Bresk bíómynd frá 2007 byggð á bréfum skáldkonunnar Jane Austen, um ævi hennar áður en hún varð fræg og ástarsamband hennar við ungan Íra. (e)

**23.20 King Kong** (King Kong) Bandarísk bíómynd frá 2005. Árið 1933 fer metnaðarfullur kvikmyndaframleiðandi með leikara og tæknifólk til Hauskúpueyjar að gera mynd. Þar hittir hópurinn fyrir risaapann Kong sem heillast af aðalleikkonunni.

**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Waynes' World 2**

**10.00 Prime**

**12.00 Shrek 2**

**14.00 Waynes' World 2**

**16.00 Prime**

**18.00 Shrek 2**

▶**20.00 Bride Wars**

**22.00 Disturbia**

**00.00 Rock Star**

**02.00 Glastonbury**

**04.15 Disturbia**

**06.00 What a Girl Wants**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli Kanína og vinir, Lalli

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.05 Beauty and the Geek** (10:10)

**11.50 Amne$ia** (7:8)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (2:4)

**13.50 La Fea Más Bella** (242:300)

**14.35 La Fea Más Bella** (243:300)

**15.30 Wonder Years** (13:17)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (6:25)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

▶**19.20 American Dad** (14:20)

**19.45 The Simpsons** (14:21)

**20.10 Ameríski draumurinn** (6:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.

**20.55 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.

**21.45 Mr. Deeds** Rómantísk gamanmynd með Adam Sandler. Góðhjartaður náungi erfir stórfé eftir frænda sinn og veröld hans kollvarpast.

**23.20 A Mighty Heart** Áhrifamikil sannsöguleg mynd með Angelinu Jolie í aðalhlutverki.

**01.05 Doubt** Mögnuð verðlaunamynd með Óskarsverðlaunaleikurunum Meryl Streep og Philip Seymour Hoffman í aðalhlutverkum.

**02.45 The River King** Sakamálamynd með Edward Burns.

**04.20 Park** Gamanmynd sem gerist á einum degi.

**05.45 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.50 Spænski boltinn: Barcelona - Sporting**

**18.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

▶**19.00 The Tour Championship** Bein útsending frá The Tour Championship mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi.

**22.00 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

**22.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

**23.00 F1: föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.

**23.30 World Series of Poker** Sýnt frá Tournament Of Champions-mótinu en þangað mættu til leiks margir af bestu og snjöllustu pókerspilurum heims í dag.

**00.25 PCA Bahamas - Main Event 3** Sýnt frá PCA Bahamas Main Event en mótið er haldið á Bahamaeyjum.

**01.15 PCA Bahamas - Main Event 4** Sýnt frá PCA Bahamas Main Event en mótið er haldið á Bahamaeyjum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan**

**17.00 Everton - Newcastle** Enska úrvalsdeildin.

**18.45 Tottenham - Wolves** Enska úrvalsdeildin.

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**22.00 Football Legends - Beckenbauer** Að þessu sinni verður fjallað um Franz Beckenbauer, goðsögnina frá Þýskalandi.

**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

**23.00 Aston Villa - Bolton** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (2:14) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.40 Rachael Ray** (e)

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (2:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**15.50 Stand Up To Cancer** (e)

**16.40 Rachael Ray**

**17.25 Dr. Phil**

**18.05 Friday Night Lights** (3:13) (e)

**18.55 How To Look Good Naked - Revisited** (6:6) (e)

**19.45 Family Guy** (1:14) (e)

▶**20.10 Bachelor** (7:11)

**21.40 Last Comic Standing** (3:14)

**22.25 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny** (2:8) Breskur gamanþáttur þar sem falin myndavél er notuð til að koma fólki í opna skjöldu.

**22.50 Sordid Lives** (3:12) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegar konur í smábæ í Texas.

**23.15 Parks & Recreation** (21:24) (e)

**23.40 Law & Order: Special Victims Unit** (7:22) (e)

**00.30 Whose Line is it Anyway** (1:20) (e)

**00.55 Premier League Poker II** (8:15) Skemmtilegt pókermót þar sem 12 af sterkustu pókerspilurum heims reyna með sér.

**02.40 Jay Leno** (e)

**03.25 Jay Leno** (e)

**04.10 Pepsi MAX tónlist**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn með Hildu Jönu Gísladóttur**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin um það sem er í brennidepli.

**21.00 Golf fyrir alla** 16. og 17. braut með Ólafi Má og Hirti Árnasyni.

**21.30 Heilsuþáttur Jóhönnu** Jóhanna Vilhjálms ætlar í vetur að leita leiða til heilsusamlegra og betra lífs.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Logi í beinni

Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonunginum Loga Bergmann en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu. Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur og fyrir vikið er þátturinn fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## Ameríski draumurinn

**Stöð 2 kl. 20.10**

Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.15** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Maður og melrakki
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Rölt milli grafa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Fjölradda sveiflusöngur
**21.10** Hringsól
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.13** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.20 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.05 Last Man Standing** (2:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 NCIS: Los Angeles** (6:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**22.30 The Closer** (12:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**23.15 The Forgotten** (10:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**00.00 Last Man Standing** (2:8)
**00.55 The Doctors**
**01.35 Ameríski draumurinn** (6:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.
**02.20 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Keeping Up Appearances **13.05** The Green, Green Grass **13.35** The Green, Green Grass **14.05** Life of Riley **14.35** Life of Riley **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** My Family **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Extras **19.30** Hunter **20.20** Jonathan Creek **21.10** Come Dine With Me **21.35** The Jonathan Ross Show **22.25** The Green, Green Grass **22.55** Torchwood **23.45** Hunter

## DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Sporløs **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Mix **15.00** Lotte fra Spektakelmagergade **15.30** Rosa fra Rouladegade **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2010 **19.55** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.40** xXx **22.35** American Pie

## NRK 1

**12.30** På innsida av det danske kongehuset **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens pengebinge **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.35** Norge rundt **18.00** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Tause vitner **21.15** Kveldsnytt **21.30** Tause vitner **22.20** Poprevy fra 60-tallet **22.50** Hjerte til hjerte - Spelet **23.30** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.45** I Anneli **13.15** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mat som håller **15.25** Niklas Mat **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** The Bank Job **21.50** Elvis Costello med gäster **22.35** Me, Myself & Kubrick **00.00** Larry Sanders show




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Spínatbakan á Grænum kosti er virkilega góð, annars er gott að grípa hálfa súpu í Garðinum í hádeginu, þær eru alltaf góðar!“*

Þórey Björk Halldórsdóttir fatahönnuður.

# Jón Ólafs reynir við Elite-keppnina á ný

„Tíminn var bara of naumur fyrir stjórnvöld að taka á málinu,“ segir Jón Ólafsson, vatnsbóndi með meiru. Athygli vakti þegar fjölmiðlar fluttu fréttir í maí af því að forsvarsmenn Elite-fyrirsætukeppninnar á Íslandi hefðu hug á því að halda Elite Model Look World í nóvember á þessu ári. Jón reynir nú að fá að halda keppnina á næsta ári.

Skipaður var stýrihópur um málið á sínum tíma en hugmyndin kviknaði þegar Jón var öskuteppt-ur í Frakklandi af völdum eldgossins í Eyjafjallajökli. Jón sendi þá póst til góðvinar síns og forstjóra Elite, Bernard Hennet, en skipuleggjendur voru í miklum vanda vegna þess að stjórnmálaástandið í Taílandi, þar sem keppnin átti að vera, þótti ótryggt. Keppnin var svo haldin í Kína eftir miklar bollaleggingar.

Jón segir að á þessum tímapunkti hafi menn ekki verið að hugsa um fyrirsætukeppnir, á Íslandi hafi verið hálfgert öngþveiti út af eldgosinu í Eyjafjallajökli og allar hugmyndir gengu út á að bjarga sumrinu og byggja upp ímynd Íslands. „Ég held að það hafi tekist mjög vel og ég er mjög ánægður með það,“ segir Jón.

Ísland er þó ekki eitt um hituna því Suður-Afríka og Taíland hafa óskað eftir því að fá að halda keppnina að ári. „Menn þurfa að sýna fram á að það sé stuðningur við verkefnið heima fyrir.“ Jón bætir því við að keppnin gefi miklar tekjur af sér, henni fylgi mikið af túristum og þá sé þetta gott fyrir ímyndina en á næsta ári á að spýta í lófana hvað markaðssetningu varðar og fjölga þeim löndum sem sýna keppnina beint. Talið er að yfir þúsund manns fylgi keppninni beint og um 400 milljónir manna horfi á keppnina um allan heim. - fgg



**FRÁBÆRT FYRIR ÍMYNDINA** Jón Ólafsson segir að það yrði frábært fyrir ímynd Íslands ef það næðist að halda Elite-fyrirsætukeppnina að ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn Ö |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn Ö | Fös 12/11 kl. 20:00 9.sýn Ö |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn Ö | |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn Ö | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn Ö | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 25.9. Kl. 13:00 Ö | Lau 2.10. Kl. 13:00 Ö | Lau 9.10. Kl. 13:00 Ö |
| Lau 25.9. Kl. 15:00 Ö | Lau 2.10. Kl. 15:00 Ö | Lau 9.10. Kl. 15:00 Ö |
| Sun 26.9. Kl. 13:00 U | Sun 3.10. Kl. 13:00 Ö | |
| Sun 26.9. Kl. 15:00 U | Sun 3.10. Kl. 15:00 Ö | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 23.9. Kl. 20:00 U | Fim 30.9. Kl. 20:00 Ö | Lau 9.10. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 24.9. Kl. 20:00 U | Fös 1.10. Kl. 20:00 U | Fös 15.10. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 25.9. Kl. 20:00 Ö | Lau 2.10. Kl. 20:00 Ö | Lau 16.10. Kl. 20:00 Ö |
| Sun 26.9. Kl. 20:00 U | Fös 8.10. Kl. 20:00 Ö | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 24.9. Kl. 19:00 U | Sun 3.10. Kl. 15:00 U | Mið 27.10. Kl. 19:00 U |
| Lau 25.9. Kl. 19:00 U | Fös 8.10. Kl. 19:00 Ö | Fim 28.10. Kl. 19:00 Ö |
| Sun 26.9. Kl. 15:00 U | Lau 9.10. Kl. 19:00 Ö | Sun 7.11. Kl. 19:00 Ö |
| Fim 30.9. Kl. 19:00 U | Sun 17.10. Kl. 19:00 U | Mið 10.11. Kl. 19:00 Ö |
| Fös 1.10. Kl. 19:00 Ö | Sun 24.10. Kl. 19:00 Ö | |
| Lau 2.10. Kl. 19:00 Ö | Þri 26.10. Kl. 19:00 U | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 4.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Lau 13.11. Kl. 20:00 | |

Leikhúskort 4 miðar á aðeins 9.900 kr.

Leikhúskortið 2010/2011



## FYLGSTU MEÐ!

Nýtt hefti Tímarits Máls og menningar er komið út. Ritstjóri er Guðmundur Andri Thorsson.




FÁANLEGT Í NÆSTU BÓKAVERSLUN

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is



Auglýsingasími 512 50 50

Allt sem þú þarft...


### ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON: TÖKUR Á ELDFJALLINU HEFJAST Í DAG

# Danir setja hundrað milljónir í fyrstu mynd Rúnars

Kvikmyndaleikstjórinn Rúnar Rúnarsson fékk í gær staðfestingu á því að kvikmyndasjóðurinn New Danish Screen, sem er stofnun innan dönsku kvikmyndamiðstöðvarinnar, myndi styrkja gerð kvikmyndarinnar The Volcano um hundrað og fjórar milljónir, eða fimm milljónir danskra. Þetta þykir einstakt þar sem kvikmyndin er alfarið leikin á íslensku, tekin upp hér á landi með íslensku starfsfólki og aðalleikurum. „Þetta sýnir bara hversu mikla trú þeir hafa á Rúnari, myndin er nefnilega eins íslensk og sviðasulta,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson hjá framleiðslufyrirtækinu ZikZak sem framleiðir myndina. Þórir bætir því við að inn í þessari fjárhæð sé sjónvarpssala til dönsku sjónvarpsstöðvarinnar TV2. „Þetta er einfaldlega mikil stuðningsyfirlýsing við hans kvikmyndagerð og við gætum ekki verið glaðari,“ segir Þórir. Dagur Kári fékk hærri styrk á sínum tíma fyrir kvikmyndina Voksne Mennesker en sú mynd var öll tekin upp í Kaupmannahöfn, var leikin á dönsku og með dönskum leikurum í aðalhlutverkum.

New Danish Screen er ætlað að styðja og styrkja unga og upprennandi danska kvikmyndagerðarmenn en Rúnar útskrifaðist sem kunnugt er úr Konunglega danska kvikmyndaháskólanum fyrir skemmstu. Stuttmyndir sem hann gerði á námsárunum vöktu mikla athygli, Síðasti bærinn í dalnum var til að mynda tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta stuttmynd ársins og stuttmyndirnar Smáfuglar og Anna hafa farið sigurför um heiminn. Eldfjallið fjallar um mann, sem er að fara á eftirlaun og á erfitt með að tjá tilfinningar sínar en þetta er fyrsta kvikmynd Rúnars í fullri lengd.

Fyrstu prufutökur voru í gær en formlegar tökur hefjast í dag.



**HAFA MIKLA TRÚ Á RÚNARI** Danir virðast hafa mikla trú á Rúnari Rúnarssyni en New Danish Screen ákvað að styrkja kvikmynd hans, The Volcano, um rúmar hundrað milljónir íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**69** Stuttmynd Rúnars, Smáfuglar, hefur fengið 69 viðurkenningar og tilnefningar síðan hún var frumsýnd 2008.

HEIMILD: SMAFUGLAR.BLOGSPOT.COM

Að sögn Þóris verður tökulið-ið að mestu leyti í Reykjavík og Kópavogi. „Og svo verðum við nokkra daga í Vestmannaeyjum.“ Eyjarnar eru því að verða nokkuð vinsæll áningastaður meðal kvikmyndagerðarmanna því Djúpið eftir Baltasar Kormák var að mestu leyti gerð þar og svo stendur til að kvikmynda mynd um Skólahreysti úti í Eyjum. „Þetta er náttúrlega fáránleg tilviljun en ein aðalpersónan hefur tenginu við Eyjar sem skýrir kannski svolítið nafnið á myndinni,“ segir Þórir en með aðalhlutverk í myndinni fara þau Theódór Júlíusson og Margrét Helga Jóhannsdóttir.

freyrgigja@frettabladid.is

# Boðið til Kaupmannahafnar

Myndin Backyard sem var frumsýnd á opnunarkvöldi Bíós Paradísar í síðustu viku verður sýnd á heimildarmyndahátíðinni CPH:DOX í Kaupmannahöfn í nóvember.

„Þetta er æðislegt. Þetta er hátíð sem leggur svolitla áherslu á tónlist í kvikmyndum og tónlistartengdar myndir. Þetta er hátíð sem er svolítið að banka á A-listann,“ segir leikstjórinn Árni Sveinsson. Backyard keppir í flokknum Sound & Vision en sigurvegari í fyrra var Frakkinn Vincent Moon sem verður gestur RIFF-hátíðarinnar. Árið 2008 vann í sama flokki mynd um rokksveitina Anvil sem hefur vakið mikla athygli.

Backyard fjallar um nokkrar íslenskar hljómsveitir sem tengjast vináttuböndum og starfa mikið saman, þar á meðal FM Belfast, Hjaltalín, múm, Retro Stefson, Reykjavík!, Sing Fang og Borko. Nokkrar þeirra munu ferðast til Kaupmannahafnar í tengslum við hátíðina og halda þar tónleika.

Árni er mjög ánægður með viðtökurnar við Backyard og segir þær framar vonum. „Það er ekkert sjálfgefið fyrir svona litla heimildarmynd að opna svona bíó (Bíó Paradís) og fá að vera með sýningar þar. Þannig að við erum bara hæstánægð.“

Hlé verður nú gert á sýningum Backyard vegna RIFF-hátíðarinnar en að henni lokinni halda sýningar áfram, meðal annars á Airwaves-hátíðinni. Í tengslum við þær sýningar verða haldnar uppákomur þar sem hljómsveitir úr myndinni stíga á svið. - fb



**BACKYARD** Árni Hlöðversson úr hljómsveitinni FM Belfast og leikstjóri Backyard, Árni Sveinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


CINTAMANI
CENTER
LAUGAVEGI 11
ÚTSALA 20-40%
Jónína túrkis 30%
Verð áður 19.990
Verð nú 13.993
Björg 3. laga skel 30%
Verð áður 39.990
Verð nú 27.993
Agnes Primaloft vesti 40%
Verð áður 18.990
Verð nú 11.394
Bella barnahúfur 40%
Verð áður 2.490
Verð nú 1.494
Gunnar ullarnæföt 20%
Verð áður 11.990
Verð nú 9.592
GARMIN
DAKINE
PACIFIC OUTDOOR
SCARPA
JETBOIL
SMITH
Teva
Black Diamond
LAUGAVEGI 11 | SÍMI: 517 8088
WWW.CINTAMANI.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir.is "...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Safnar liði



Samúel Kristjánsson, oftast kenndur við jólatónleika Frostrósa, undirbýr nú af krafti níundu tónleikana í röð. Samúel fær verðuga samkeppni frá Björgvini Halldórssyni sem hyggst bjóða upp á Paul Potts, Alexander Rybak og fleiri. Samúel hyggst hins vegar halda sig við íslenska tónlistarmenn og hefur fengið til liðs við sig **Stefán Hilmarsson**. Þá snúa þær Eivör Pálsdóttir og Ragnheiður Gröndal aftur en stórkanónur á borð við Garðar Thor og Heru Björk verða á sínum stað.

### Útsvarið á sinn stað

Um leið og Spaugstofan fór í frí tók spurningaþáttur sveitarfélaganna, Útsvar, sér yfirleitt sæti sem vinsælasti sjónvarpsþáttur þjóðarinnar. Og engin breyting varð þar á í síðustu viku en þau **Sigmar Guðmundsson** og Þóra Arnórsdóttir njóta greinilega mikillar hylli hjá íslenskum sjónvarpsáhorfendum. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, hlýtur að velta því alvarlega fyrir sér hvort Sigmar og Þóra verði ekki bara næstu Eurovision-kynnar enda eru þær Eva María og Ragnhildur Steinunn ákaflega uppteknar af sínum nýjustu erfingjum. Og ekki skemmir fyrir að Sigmar hefur reynsluna … af Eurovision.



- fgg

## Mest lesið vísir.is

1. Mönnum gengur misjafnlega að leggja bílum í þröng stæði.
2. Smyglaði loftbyssu til Íslands og var rekinn úr skólanum
3. Jón Stóri gæti krafið ríkið um skaðabætur
4. Nafn mannsins sem lést
5. Fjöldamorð á fjölskyldu í Osló
6. Kate Winslet stofnar samtök fyrir Sólskinsdrenginn




